FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

89. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 15. APRÍL 2017

# Breytt líf Yrsu

Glæpasagnahöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir pakkar nokkrum sinnum í mánuði ofan í ferðatösku og ferðast um heiminn til að hitta aðdáendur sína. → 22



MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR

## Heimskulegt skeyti




Stefán Pálsson skrifar um frægt skeyti Þjóðverja. →32

## Samfélagsverðlaun



Treystir leikriti lífsins

Sigrún Olsen um hugleiðslu. →26

## Árásir netþrjóta

Sérfræðingar í netöryggismálum segja frá helstu aðferðum netþrjóta til árása og hlerana. →30

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA *Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LYFJA – Lífið heil

Gleðilega páska

Opið alla páskana frá 8:00–24:00

Verslanir Lyfju Lágmúla og Smáratorgi verða opnar alla páskana, bæði föstudaginn langa og páskadag.

Netverslunin er opin allan sólarhringinn.



lyfja.is

SMÁRALIND



GLEÐILEGA PÁSKA

OPIÐ 11-18 Í DAG

## Veður




Norðangola eða kaldi í dag og él norðan til á landinu en léttskýjað um landið sunnanvert. Frost 0 til 5 stig, en hiti 0 til 5 stig sunnan og suðvestan til. SJÁ SÍÐU 42

# Passíusálmalestur í Hallgrímskirkju



Það var að vanda tilfinningaþrungin stund þegar Passíusálmarnir voru lesnir í Hallgrímskirkju í Reykjavík í gær. Breiður hópur rithöfunda las sálmana, þar á meðal voru Ármann Jakobsson, Bryndís Björgvinsdóttir, Einar Kárason og Kristín Steinsdóttir. Nemendur Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands léku á Klais-orgel kirkjunnar eftir fimmta hvern sálm. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sigur Rós hannar kannabisnammi

**SAMFÉLAG** Hljómsveitin Sigur Rós hefur í samstarfi við kannabisframleiðandann Lord Jones hannað kannabissælgæti að nafni Wild Sigurberry. Er um að ræða hlaup með virku efnunum í kannabis, THC og CBD. Er það til í þremur tegundum, með brómberja-, jarðarberja- og bláberjabragði.

Frá þessu greina erlendir miðlar á borð við Pitchfork og Rolling Stone.

Ekki verður hægt að nálgast nammið í verslunum hér á landi enda er sala kannabisefna ólögleg á Íslandi. Til stendur að selja nammið í verslunum í Kaliforníu í Bandaríkjunum sem og á vefsíðu Lord Jones en kannabis er löglegt í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna.

Til að fagna nýju vörunni munu Sigur Rós og Lord Jones standa fyrir tónleikum í Hollywood á þriðjudag. Verður gestum boðið að smakka sælgætið. – þea

## Rannsóknir á fiskeldi styrktar um 86 milljónir

**FISKELDI** Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofa Vestfjarða, Matís, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum og Landssamband veiðifélaga fengu úthlutað styrkjum úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis – sjóðs sem er ætlað að stuðla að því að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis.

Alls var úthlutað tíu styrkjum að upphæð 86,6 milljónir króna.

Þau verkefni sem unnið verður að eru flest á vegum Hafrannsóknastofnunar. Stofnunin fær, ásamt Matís, styrk til að kanna erfðafræðileg áhrif laxeldis á villta laxastofna annan til vöktunar á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis. Einnig til að meta burðarþol fjarða og sjókvíaeldissvæða og útbreiðslu laxfiska og umhverfisþátta vatnsfalla á Austfjörðum, þar sem áform eru um eldi upp á tugi þúsunda tonna af laxi.

Náttúrustofa Vestfjarða fær styrk til vöktunar á lús á villtum laxfiskum á Vestfjörðum. Tilraunastöðin að Keldum til rannsókna á veirusýkingum í hrognkelsum og Landssamband veiðifélaga til að kanna efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða á Íslandi. Akvaplan-niva fær styrk til að rannsaka hrognkelsi sem nýtt eru til að éta laxalús í sjókvíum. – shá



Flestir styrkirnir eru vegna neikvæðra áhrifa fiskeldis, eða ótta við áhrif þess. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Dúkkurnar lífguðu upp á skólastarfið

**Hornafjörður samþykkti að kaupa 30 endurlífgunardúkkur fyrir grunnskólann. Elín Freyja Hauksdóttir læknir sat ráðstefnu um endurlífgun í september og tók málin í sínar hendur. Hún vill að endurlífgun verði hluti af skólaskyldu.**

**SAMFÉLAG** „Draumurinn er að endurlífgun verði að skólaskyldu í framtíðinni á Íslandi," segir Elín Freyja Hauksdóttir, læknir og meðlimur í Björgunarfélagi Hornafjarðar, en bæjarráðið þar samþykkti að kaupa þrjátíu endurlífgunardúkkur á fundi sínum.

Endurlífgun hefur verið skylda í grunnskólum í Danmörku í nokkur ár og þegar tölur eru bornar saman um hversu margir fengu endurlífgun við hjartastopp utan spítala fyrir og eftir að verkefnið byrjaði, var niðurstaðan sláandi. Í ljós kom að helmingi fleiri í hjartastoppi fengu endurlífgun en áður og þriðjungi fleiri lifðu af.

Verkefnið ber heitið Kids save lives og er kjarni þessa verkefnis að kenna árlega börnum frá 12 ára aldri endurlífgun, helst sem hluta af skólaskyldunni og þannig stuðla að því að fleiri fullorðnir kunni rétt viðbrögð þegar á reynir.

„Þetta kostar lítið og að kenna krökkunum réttu handtökin fylgja engar aukaverkanir sem slíkar. Ég greip þetta á lofti eftir að hafa setið ráðstefnu hér á landi í september þar sem fjallað var um verkefnið. Draumurinn er að fleiri sveitarfélög taki þetta upp og þetta verði hluti af skólaskyldunni. Þegar á reynir verður þetta eðlilegt að kunna og að hjálpa náunganum," segir Elín.

Hún segir að sveitarfélagið sé það fyrsta á landinu sem taki verkefnið upp samkvæmt þeim skilgreiningum sem það hefur. „Ég veit að það hefur verið farið í einstaka bekki í Reykjavík en ekki í alla bekki í öllum skólunum. Við tókum sjöunda, áttunda og níunda bekk á einum degi. Tíundi bekkur fær heilan dag með Rauða krossinum í maí eins og venjulega og því var hann undanskilinn."



Dúkkurnar eru einfaldasta útgáfan af endurlífgunardúkkum og hnoða allir nemendur í einu. MYND/ELÍN FREYJA

> Ég veit að það hefur verið farið í einstaka bekki í Reykjavík en ekki í alla bekki í öllum skólunum.
>
> Elín Freyja Hauksdóttir læknir



Hún segir að börnin hafi staðið sig gríðarlega vel og það hafi verið skemmtilegt að sjá hvað þau náðu tækninni og taktinum fljótt. „Maður getur því ímyndað sér hvað þau væru orðin góð ef þetta væri gert árlega.

Það voru unglingar, sem ég hafði þjálfað í þetta verkefni, sem sáu um kennsluna. Jafningjafræðsla gefur í mörgum tilfellum betri árangur og þótti mér því upplagt að reyna það hér. Við vorum þeim svo þarna til halds og trausts og til tryggja að öll mikilvægu atriðin væru með."

benediktboas@365.is

HÚSASMIÐJAN blómaval

**Opið annan í páskum í Skútuvogi kl. 10-17**
Sjá nánar á husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# PÁSKA TILBOÐ



**Páskaliljur í potti**
tet a tet
**499 kr**




OUTBACK
**25.990 kr**
~~36.990 kr~~
**Gasgrill**
Sunset Solo 3, 3ja brennara.
Grillflötur: 628x406 mm.
3000393



OUTBACK
Þú sparar: 5.000 kr.
**15.990 kr**
~~20.990 kr~~
**Gasgrill**
2ja brennara með hliðaborði.
Grillflötur: 50x36 cm.
3000225



weber
Þú sparar: 9.910 kr.
**49.990 kr**
~~59.900 kr~~
**Gasgrill Q2200**
Gasgrill á fótum, Grillflötur:
39x54 cm, ryðfrír brennari.
3000378



SÚPER TILBOÐ
**1.299 kr**
~~1.490 kr~~
**Túlípanar**
10 stk.



FRÁBÆRT VERÐ
**Vorerika**
**599 kr**



**30% afsláttur**
SÚPER TILBOÐ
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557



weber
Þú sparar: 9.000 kr.
**73.990 kr**
~~82.990 kr~~
**Gasgrill Weber Q3200**
Brennari: 6,35 kW/h – 21.700 BTU.
Grillflötur: 63x45 cm, ljós í handfangi.
3000380

## Hjólin eru komin
fyrir alla fjölskylduna



AUTHOR
**39.900 kr**
**AUTHOR TROPHY 26"**
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: Shimanoty21, 18 gírar, Tektro V bremsur. Dekk: Author Speed master 26"x2,0". Þyngd: 14,3 kg/19"
3901410-1

**Byggjum á betra verði**
husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 09.04.2017 TIL 15.04.2017

**86**
**greindust** með lekanda í fyrra.



**226**
**dýr** er hrefnuveiðikvóti Íslendinga árin 2016-2018.

**2.042**
**drengir** fæddust á Íslandi í fyrra en
**1.992**
**stúlkur**

**727**
**konur** greiddu meðlag árið 2016 samanborið við 409 árið 2001.



**75.000**
**krónur** er skráningargjald stúdenta Háskóla Íslands fyrir árið.



**428**
**milljónir** króna var tap Reykjaneshafnar á liðnu ári.

**1.400**
**manns** verða ráðnir í sumarstörf hjá Icelandair Group.





**56**
**milljarðar** var markaðsverðmæti Haga metið í vikunni.

## Þrjú í fréttum
## Lótushús, löggæsla og Smári

**Sigrún Olsen**
*stofnandi Lótushúss*



er handhafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2017. Lótushús er hugleiðslu-og fræðslumiðstöð þar sem unnið hefur verið óeigingjarnt starf í 17 ár. Boðið er upp á fjölda námskeiða án endurgjalds sem þúsundir hafa nýtt sér. Markmiðið er að hjálpa einstaklingum að tileinka sér jákvætt lífsviðhorf og byggja upp innri frið til að takast á við áskoranir dagslegs lífs.

**Haraldur Johannessen**
*ríkislögreglustjóri*



sagði að auka þyrfti getu íslensku lögreglunnar til að takast á við árás eins og í Stokkhólmi fyrir viku. Haraldur benti á að lögreglan hefði staðið frammi fyrir miklum niðurskurði á fjárveitingu frá hruni. Auk þess hefði lögreglumönnum fækkað um 100 á liðnum árum. Þörf væri á um 900 lögreglumönnum en þeir væru undir 700.

**Oddný G. Harðardóttir**
*þingmaður Samfylkingarinnar*



hvatti Gunnar Smára Egilsson til að bíða með að stofna Sósíalistaflokkinn. Betra væri að leita ekki langt yfir skammt og styrkja Samfylkinguna. Gunnar Smári sagði ekkert hafa dregið jafn mikið úr afli vinstri hluta íslenskra stjórnmála og eilíft sameiningartal. Samfylkingin væri mesta eyðingarafl vinstrisins.

# Samstarf um sölu sáraroðs í þremur löndum í Asíu

**Lækningafyrirtækið Kerecis og lyfjafyrirtækið Alvogen hafa gengið til samstarfs um sölu sáraroðs í þremur Asíulöndum. Alvogen mun selja vörur Kerecis til sjúkrahúsa. Um 60% aflimana í álfunni er vegna sykursýki. Koma má í veg fyrir aflimanir vegna sjúkdómsins í flestum tilfellum með réttri meðhöndlun.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ísfirska lækningavörufyrirtækið Kerecis hefur gengið til samstarfs við alþjóðlega lyfjafyrirtækið Alvogen. Lyfjarisinn mun markaðssetja sáraroð Kerecis í Asíu, en það er nýtt til meðhöndlunar á þrálátum sárum, sem oft eru tilkomin vegna sykursýki.

Samstarf fyrirtækjanna nær fyrst um sinn til Suður-Kóreu, Taívans og Taílands. Þar verða vörur Kerecis, sem gerðar eru úr þorskroði, hluti af vöruframboði Alvogen sem ætlað er sérstaklega fyrir sjúkrahús.

Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis, segir að opinberar tölur frá Alþjóðasamtökum sykursjúkra (IMF) bendi til þess að ekki færri en níu milljónir manna þjáist af sykursýki í löndunum þremur. Á sama tíma séu líkurnar fyrir því að einstaklingur með sykursýki missi útlim vegna sykursýki tuttugu og fimm faldar miðað við þá sem ekki hafa sjúkdóminn. Á sama tíma þurfa 30 til 50% allra sem misst hafa útlim vegna sjúkdómsins að undirgangast aðra slíka aðgerð, en koma má í veg fyrir allt að 85% aflimana með réttri meðferð. Sáraroð Kerecis er einmitt til þess ætlað; að lækna þrálát sár sem annars valda því að læknum er nauðugur einn kostur að aflima sjúklinga sína.

Það er aukinn áhugi hjá lyfjafyrirtækjum á vefjaviðgerð á heimsvísu en fyrr í ár keypti lyfjarisinn Allergan vefjaviðgerðarfyrirtækið Lifecell fyrir 2,9 milljarða dollara. Lifecell byggir vörur sínar á svína- og líkhúð. Rætur Allergan eru að hluta íslenskar en Actavis keypti Allergan árið 2014 og breytti nafni hins sameinaða fyrirtækis í Allergan.



**Talið er að koma megi í veg fyrir 85% allra aflimana vegna sykursýki – ekki síst með réttri sárameðferð.** MYND/KERECIS

„Við erum samkeppnisaðili Lifecell og með betri tækni að okkar mati, en auðvitað komin miklu skemur á veg," segir Guðmundur. Hann segir jafnframt að 60% aflimana vegna sykursýki á heimsvísu séu í Asíu.

„Á sama tíma hefur vara eins og okkar verið lítið notuð í álfunni og við teljum Alvogen réttan samstarfsaðila til að kynna okkar vöru á þessum stóra markaði," segir Guðmundur.

Í tilefni samningsins sagði forstjóri Alvogen, Róbert Wessman, að lyf og meðhöndlunarefni fyrir sykursýki og fylgikvilla séu vaxtarmarkaður sem Alvogen leggi áherslu á. „Samstarfssamningur Kerecis og Alvogen mun styrkja vöruframboð okkar á markaði fyrir sykursýki og bæta vöruframboð Alvogen á sjúkrahúshluta þessa mikilvæga markaðar," segir Róbert.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að góð reynsla af samstarfi Kerecis og bandarískra varnarmálayfirvalda hefur orðið til þess að síðar á þessu ári verður nýrri vöru fyrirtækisins hleypt af stokkunum. Nýja varan er til að meðhöndla skot- og brunasár. Vel hefur gengið að byggja upp sölukerfi fyrirtækisins í Bandaríkjunum, byggt á þeim árangri sem samstarfið hefur skilað.

Kerecis hefur vaxið hratt undanfarin misseri og leggur félagið megináherslu á Bandaríkjamarkað þar sem sáraroð félagsins er endurgreitt hjá tryggingafélögum í öllum fylkjum. **svavar@frettabladid.is**

> **... vara eins og okkar hefur verið lítið notuð í álfunni og við teljum Alvogen réttan samstarfsaðila til að kynna okkar vöru á þessum stóra markaði**
>
> Guðmundur Fertram Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Kerecis




jeep.is

FÁGUN STAÐALBÚNAÐUR

CHEROKEE

Öflugur, kraftmikill og ríkulega útbúinn jeppi með frábæra aksturseginleika.

Sjálfskiptur 9 þrepa
2,2 l dísel 185 hestöfl eða 200 hestöfl
Eyðsla 5,7 L/100 km*

**Verð frá 6.990.000 kr.**

Komdu og reynsluaktu.



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Jeep

# FRÁBÆR TILBOÐ

GILDA AÐEINS LAUGARDAGINN 15.04.17

## 30%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SÓFUM
OG SVEFNSÓFUM





## 20-50%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM DÚNSÆNGUM

## 20-30%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM MYRKVUNAR-
GARDÍNUM



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**Reykmökkurinn eftir sprenginguna.** NORDICPHOTOS/AFP

## Karzai fordæmir sprengjuárásina

**AFGANISTAN** „Þessi árás var ómannúðleg og grimmileg misnotkun á landi okkar,“ sagði Hamid Karzai, fyrrverandi forseti Afganistans, í gær um sprengjuárás Bandaríkjahers á bækistöðvar ISIS í Nangarhar-fylki þar í landi í vikunni.

Herinn varpaði stærstu sprengju, svokallaðri móður allra sprengja, sem hann hefur nokkurn tímann notað, að kjarnorkusprengjum undanskildum, á bækistöðvarnar og samkvæmt afganska varnarmálaráðuneytinu féllu 36 skæruliðar í árásinni.

Einna helst var um að ræða kerfi neðanjarðarganga. Samkvæmt talsmanni Ashraf Ghani, forseta Afganistans, var ISIS-herforinginn Siddiq Yar á meðal hinna föllnu. Sagði talsmaðurinn að skæruliðarnir í göngunum hafi komið frá Pakistan og væru að herja á fólk á svæðinu umhverfis bækistöðvarnar.

Abdullah Abdullah, framkvæmdastjóri Afganistans, sagði á blaðamannafundi að fullt samráð hefði verið haft við afgönsku ríkisstjórnina. Reynt hafi verið að forðast að skaða almenna borgara og að það virðist hafa tekist. **– þea**

## Árleg krossfesting



**Kristnir Filippseyingar í bænum Cutud, norðan af höfuðborginni Manila, leika eftir krossfestingu Jesú Krists á föstudaginn langa. Hefð er á meðal heittrúaðra kaþólikka á Filippseyjum að láta krossfesta sig og þola svipuhögg ár hvert til að minnast píslargöngu Jesú.** NORDICPHOTOS/AFP

JÁRNPRÝÐI
ALMENN SÉRSMÍÐI
ÍTALSKT SMÍÐAJÁRN
Eigum til á lager ítalskt skrautjárn sem hentar í handrið o.fl.
Getum einnig sérpantað smíðajárn.
Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717



Hjólað í Toskana
17. - 24. júní Fararstjóri: Hjalti Kristjánsson
Í þessari töfrandi hjólaferð verður hjólað eftir fáförnum leiðum í gegnum Toskanahéraðið á Ítalíu, sem svo marga dreymir um að heimsækja. Við upplifum fagurt landslagið með öllum skilningarvitunum og njótum hins ljúfa lífs. Dagleiðirnar, sem spanna um 25-70 km, eru flestar miðlungserfiðar og ættu að henta velflestu hjólafólki.
Verð: 224.900 kr. á mann í tvíbýli. ÖRFÁ SÆTI LAUS
Mjög mikið innifalið!
Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK
spör ehf.

# Kínverjar uggandi yfir ástandinu á Kóreuskaga

**Utanríkisráðherra Kína segir að átök gætu brotist út hvað úr hverju. Kínverjar skora á alla aðila að auka spennuna ekki. Bandaríkin sigla upp að Kóreuskaga og hafa sýnt mátt sinn undanfarið. Átök gætu leitt til flóttamannstraums.**

**NORÐUR-KÓREA** „Nýlega hefur spennan á milli Bandaríkjanna og Suður-Kóreu annars vegar og Norður-Kóreu hins vegar aukist. Maður hefur það á tilfinningunni að átök gætu brotist út á hverri stundu,“ sagði Wang Yi, utanríkisráðherra Kína í gær.

Í vikunni var greint frá því að 150.000 kínverskir hermenn væru staðsettir við landamærin að Norður-Kóreu, flotadeild bandaríska sjóhersins sigldi upp að Kóreuskaga og suðurkóreski herinn væri með æfingar við landamærin.

Er talið að þessi aukni viðbúnaður sé vegna ótta um að Norður-Kórea ætli að ráðast í sína sjöttu kjarnorkuvopnatilraun í dag. Yrði það gert til að fagna fimm ára valdatíð leiðtogans Kim Jong-un og 105 ára fæðingarafmæli afa hans, eilífðarforsetans Kim Il-Sung.

Ef marka má orð Wangs óttast Kínverjar að möguleg átök myndu leiða til falls Norður-Kóreu og í leiðinni mikilla vandamála við landamæri ríkjanna tveggja. Er talið að fall Norður-Kóreu gæti leitt til gífurlegs flóttamannastraums til Kína.

Undanfarið hafa Kínverjar verið einu bandamenn Norður-Kóreu þótt dregið hafi verulega úr þeim stuðningi. Meðal annars með nýlegu innflutningsbanni á norðurkóresk kol.

„Ég tel að allir aðilar ættu að vera vel á varðbergi í þessari stöðu. Við köllum eftir því að allir aðilar forðist það að ögra og ógna hver öðrum. Hvort sem það væri í orði eða með aðgerðum. Jafnframt verði forðast að staðan verði svo slæm að ekki verði aftur snúið,“ sagði Wang.



**Norðurkóreskur hermaður lítur áhyggjufullum augum í átt að kínversku landamærunum.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Maður hefur það á tilfinningunni að átök gætu brotist út á hverri stundu.**
>
> Wang Yi, utanríkisráðherra Kína

Aðgerðir Bandaríkjahers undir stjórn varnarmálaráðherrans James Mattis og forsetans Donalds Trump hafa ekki verið til þess fallnar að draga úr ótta Kínverja. Á síðustu dögum hefur herinn varpað risavaxinni sprengju á herbúðir ISIS í Afganistan og skotið 59 Tomahawk-eldflaugum á sýrlenskan herflugvöll.

Þá hefur Trump tjáð sig á Twitter og sagt Bandaríkin tilbúin til þess að leysa „Norður-Kóreuvandann“ ein síns liðs ef Kínverjar vilja ekki aðstoða.

Í viðtali við Associated Press sagði Han Song Ryol, utanríkisráðherra Norður-Kóreu að ríkisstjórn Trumps yrði æ grimmari og árásargjarnari gagnvart Norður-Kóreu. Þá greindi BBC frá því í gær að stofnun nátengd utanríkisráðuneyti Norður-Kóreu varaði við því að allsherjar kjarnorkustyrjöld væri yfirvofandi. **thorgnyr@frettabladid.is**


SUMARLEIKFÖNGIN ERU KOMIN Í HAGKAUP
JD BUG
Hlaupahjól
Verð frá 6.989kr
Hjólin eru komin í Hagkaup
Hvolpasveitin - 16"hjól
27.999kr
Bílar 3.999kr/stk
Krítarsett
1.299kr
Hvolpasveitin Frumskógarbjörgun
11.999kr
Boltagryfja
4.999kr
Fötusett
1.299kr
Sápukúlubyssa
799kr
Sápukúlusett
999kr
Bolti, 15 cm
599kr
Sundleikfang
2.499kr
Barnasundlaug 70x30cm
1.799kr
Kútur
599kr
Kútur m/sæti
1.699kr
Armkútar
599kr
Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Skeifu. Minna í öðrum verslunum.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Lífeyrissjóður bænda varar við frumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Lífeyrisréttindi á þriðja þúsund kvenna í hættu

**ALDRAÐIR** Lífeyrissjóður bænda varar við frumvarpi Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra, sem miðar að því að fella úr gildi sérlög um sjóðinn. Munu lífeyrisréttindi á þriðja þúsund kvenna skerðast sem verður ekki við unað.

Lífeyrissjóður bænda tók til starfa árið 1971 og fengu aðeins karlmenn aðgang að sjóðnum. Árið 1984 fengu konur aðgang. Sama ár fengu karlar bréf þar sem þeir gátu óskað eftir því að réttindum þeirra yrði skipt til helminga með eiginkonu þeirra. Konur í stétt bænda voru ekki spurðar.

„Ég hef verið foxill út í sjóðinn síðan 1984,“ segir Sólrún Ólafsdóttir, ellilífeyrisþegi og fyrrverandi bóndi á Kirkjubæjarklaustri.

„Ég held að sjaldan í lífinu hafi verið gert jafn lítið úr mér.“

Sett voru í lögin sérákvæði til að tryggja rétt kvenna við fráfall maka. „Á tímum krafna um jafnrétti er eðlilegt að benda á að ef lögin yrðu felld úr gildi, væri verið að skerða réttindi maka bænda, í flestum tilvikum er um konur að ræða,“ segir Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda. sveinn@frettabladid.is

# Aðeins slæm færð veldur fleiri slysum en hjólreiðamenn

**Í slysaskýrslu Samgöngustofu kemur fram að hjólreiðamenn valda næst flestum umferðarslysum þar sem meiðsli verða. Samlífið milli þeirra sem eru akandi og hjólandi er slæmt.**

**SAMGÖNGUR** Hjólreiðamenn ollu 91 umferðarslysi þar sem ökumenn bifreiða slösuðust á síðasta ári. Aðeins slæm færð eins og hálka, ísing, krapi og vatnsagi ollu fleiri slysum á síðasta ári. Þetta má sjá í slysaskýrslu Samgöngustofu fyrir árið 2016 sem birtist í gær. Lítið er um gleðifréttir í skýrslunni og raunar segir þar að árið 2016 hafi verið mjög slæmt ár í umferðinni á Íslandi. Samkvæmt tölunum var ekið 10 sinnum á hjólreiðamann á síðasta ári. Þó er bent á að sérstaklega megi gera ráð fyrir að slys á hjólreiðamönnum séu vanskráð.

„Við viljum taka á þessari umferðarmenningu og það er stundum eins og menn átti sig ekki á því hvernig á að haga sér, bæði þeir sem eru hjólandi og akandi,“ segir Magnús Rannver Rafnsson, varaformaður Hjólreiðasambands Íslands. Hann bendir á að hann hafi ekki séð skýrsluna en segir að samlíf hjólreiðamanna og bíla sé ekki upp á það besta.



Alls var ekið á tíu hjólreiðamenn á síðasta ári samkvæmt skýrslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Fimm helstu orsakir

| | |
|---|---|
| Slæm færð | 143 |
| Hjólreiðamaður | 91 |
| Biðskylda ekki virt | 59 |
| Ekið gegn rauðu ljósi | 54 |
| Of stutt bil á milli bifreiða | 50 |

Ný stjórn er tekin við í sambandinu og vill hún taka samlífið upp á hærra plan samkvæmt Magnúsi. „Maður veit að þetta er ekki í góðum farvegi. Það er búin að vera mikil aukning í hjólreiðum og er ég sjálfur að vinna að nýju regluverki í kringum íþróttina. Það gengur þó nokkuð erfiðlega því pólitíkin er erfið og sumir þar sem vilja bara halda hlutunum eins.“

Magnús segir að trúlega þyrfti að gefa út bækling þar sem hjólreiðareglur væru útskýrðar. „Hjól mega vera á götunum en það er ekki gert ráð fyrir þeim á íslenskum götum. Það er ekki heldur gert ráð fyrir hröðum hjólum á gangstígum því þar eru vegfarendur.

Einn liður í þessu er að gera hjólreiðavegakerfi með umferðarljósum. Þá þyrfti ekki að fara í kringum alla Reykjavík til að komast til vinnu.“ benediktboas@365.is






ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.




MENNTAMÁLASTOFNUN

Menntamálastofnun stuðlar að framförum í þágu menntunar í samræmi við stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Stofnunin sinnir víðtæku hlutverki við mat á menntun, þróar og miðlar námsgögnum til nemenda og veitir margskonar þjónustu við menntakerfið.

## Sviðsstjóri matssviðs

Auglýst er laus til umsókna staða sviðsstjóra matssviðs hjá Menntamálastofnun. Um er að ræða fullt starf. Sviðsstjóri vinnur að því að ná fram markmiðum stofnunarinnar og sér til þess að stefna, gildi og framtíðarsýn hennar endurspeglist í daglegri starfsemi. Sviðsstjóri ber ábyrgð gagnvart forstjóra á starfi sviðsins og á daglegri framkvæmd verkefna. Hann veitir faglega forystu á starfssviði sínu og hefur eftirlit með og tryggir að verkefni uppfylli kröfur um gæði og verklag. Sviðsstjóri mótar starfsumhverfi sem stuðlar að og hvetur til framþróunar og nýsköpunar í starfsemi stofnunarinnar og stuðlar að jákvæðum samskiptum og góðri samvinnu innan hennar.

**Verkefni og ábyrgð:**

- ***Sviðsstjóri ber ábyrgð á***
  - o Stjórn prófagerðar og námsmats, alþjóðlegra kannana, ytra mats á skólum og öflunar, greiningar og miðlunar tölulegra gagna.
  - o Ytra stofnanamati á leik-, grunn- og framhaldsskólum.
  - o Öflun, úrvinnslu og greiningu gagna um menntakerfið og miðlun þeirra til stjórnvalda, alþjóðlegra aðila, skóla og almennings.
- ***Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með***
  - o Gerð, fyrirlögn og úrvinnslu samræmdra prófa, aðgangsprófa háskóla og stöðuprófa.
  - o Framkvæmd og úrvinnslu alþjóðlegra kannana, PISA og TALIS og vinnslu alþjóðlegra verkefna, s.s. Eurydice og Youthwiki.
- Sviðsstjóri sinnir upplýsingagjöf og ráðgjöf til opinberra aðila og veitir leiðbeiningar til skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra um nýtingu gagna og rannsókna til þróunar og stefnumótunar.
- Stuðlar að því að viðeigandi sérfræðiþekking sé til staðar innan sviðsins.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun við hæfi, t.d. á sviði stjórnunar, kennslu- og uppeldisfræði, félagsvísinda, sálfræði og/eða tölfræði og greiningar
- Haldgóð stjórnunarreynsla, góðir samskipta hæfileikar og leiðtogahæfni.
- Þekking og reynsla af skólastarfi og hæfni við nýtingu greininga og prófa við umbætur í menntun.
- Þekking og reynsla af námsmati og prófagerð, gæðamati, greiningu og úrvinnslu prófa og tölulegra gagna

Lögð er áhersla á að sviðstjóri búi yfir hæfni í stjórnun og skipulögðum vinnubrögðum, hafi hæfileika til skapandi starfs og innleiðingar nýjunga.

Hafi reynslu af mannaforráðum og að bera ábyrgð á verkefnaskilum.

**Umsóknir**

Umsókn um starfið fylgi skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn sendist á skjalasafn@mms.is merkt: sviðsstjóri matssviðs. Öllum umsóknum verður svarað.
Launa- og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir Arnór Guðmundsson, forstjóri í síma 514-7500, netfang: arnor.gudmundsson@mms.is.

**Umsóknafrestur er til og með 5. maí 2017.**

INHOPE insafe SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is







**Málið snýst um tæp 100 störf í fiskvinnslu á Akranesi sem munu tapast.**
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Segir viðræður án innihalds

**Viðtöl við forstjóra HB Granda eru sögð sýna að viðræður fyrirtækisins við bæjaryfirvöld á Akranes um framtíð landvinnslu séu sýndarmennska. Ákvörðun um að hætta henni liggur fyrir og ekkert fær henni í raun breytt, segir formaður Verkalýðsfélags Akraness.**

**BYGGÐAMÁL** Hugur fylgir ekki máli hjá forsvarsmönnum HB Granda í viðræðum fyrirtækisins við Akranesbæ um leiðir til að halda starfsemi áfram í bænum – um „algjörar sýndarviðræður“ er að ræða,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

„Það er ekki hægt að lesa neitt annað út úr viðtölum við forstjórann og skrif fyrirtækisins að það sé fyrir löngu búið að taka þessa ákvörðun. Því er ekkert sem stendur eftir annað, en að ekkert sé raunverulega að baki þessum viðræðum. Ég óttast það mjög,“ segir Vilhjálmur.

Vilhjálmur vísar hér til viðtals við nafna sinn Vilhjálmsson, forstjóra HB Granda, í sjávarútvegstímaritinu Ægi. Þar segir forstjóri HB Granda að hagræðingin sem felst í því að hætta vinnslu á Akranesi sé svo ótvíræð að ekki sé hægt að horfa fram hjá henni. Þess vegna verði vart hjá áformum um að hætta vinnslunni og færa hana til Reykjavíkur komist. Hann slær þó þann varnagla að niðurstaða viðræðna fyrirtækisins við Akranesbæ og Faxaflóahafnir verði að liggja fyrir áður en endanlega verði tekin ákvörðun en þegar allt komi til alls sé það samfélagsleg skylda fyrirtækisins að reka fyrirtækið með hagnaði og gefa þannig til baka til samfélagsins.

Frá sjónarhóli Vilhjálms Birgissonar er þó ljóst að 99,9% líkur séu á því að viðræðurnar við bæjaryfirvöld séu yfirvarp – ákvörðun um lokun á Akranesi hafi þegar verið tekin, segir Vilhjálmur vegna málsins.

Hann rifjar það upp að árið 2002 var 167 þúsundum tonna landað á Akranesi og 350 manns unnu hjá fyrirtækinu Haraldi Böðvarssyni, sem á þeim tíma var stærsti launagreiðandi í fjórðungnum.

> **Það er ekki hægt að lesa neitt annað út úr viðtölum við forstjórann og skrif fyrirtækisins að það sé fyrir löngu búið að taka þessa ákvörðun.**
>
> Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness



Í viðtalinu í Ægi, sem og í viðtali við Viðskiptablaðið á miðvikudaginn var, kemur fram, eins og þegar málið kom upp í fyrstu, að skip HB Granda hafa landað afla sínum í Reykjavík og þúsundir tonna verið flutt landleiðina til Akraness til vinnslu, og síðan til baka aftur til útflutnings í gámum eða í flug í Keflavík. Þetta fyrirkomulag hafi borið sig fram til þessa þótt óhagkvæmt sé en nú blasi töluvert tap við starfseminni í óbreyttri mynd.

„Ég sé í sjálfu sér ekki hvernig það á að geta orðið breyting á þessum áformum eða hvernig menn ætla að geta afstýrt þessum áformum núna. Menn geta sett upp framtíðarsýn með ýmsum hætti en þetta blasir við okkur núna og ég sé ekki nein úrræði sem gætu komið í veg fyrir þessi áform,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson í viðtali við Viðskiptablaðið, en yfirstandandi viðræður snúa að uppbyggingu hafnarmannvirkja á Akranesi.

svavar@frettabladid.is












Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

## Fyrirtækjaaðild

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.
Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

## Einstaklingsaðild

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.
Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

**Sækið um aðild og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértilboða!***

## Skráning aðildarumsókna er hafin

### á www.costco.is

**Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið.
Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta.
Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

## Skýrsla í skúffu



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Krabbameinsáætlun mun líta dagsins ljós fljótlega, að því er fram kom hér í blaðinu á skírdag. Það er vel. En gagnrýnt hefur verið hversu langan tíma hefur tekið að ýta áætluninni úr vör.

Eftir nokkurra missera vinnu var boðað að um mitt ár 2014 yrði áætlunin lögð fram fyrir árslok. Í apríl 2017 hefur hún enn ekki litið dagsins ljós.

Gagnrýnin hefur ekki síst komið frá félagasamtökum, Krabbameinsfélagi Íslands og Reykjavíkur, sem hafa ályktað að undanförnu og sent ráðuneytinu erindi til að grafast fyrir um stöðuna. Þeim skrifum hefur ekki verið svarað formlega. Minnt hefur verið á að Ísland eitt Norðurlanda hefur ekki enn gert krabbameinsáætlun. Þó hafi mikil vinna verið lögð í áætlunina og hætta sé á að hún verði til lítils ef upplýsingar og gögn úreldast. Til samanburðar má nefna, að árið 1998 var áætlun af þessu tagi lögð fram í Noregi.

Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, læknir og formaður ráðgjafarhópsins, tekur í samtali við Fréttablaðið, undir gagnrýni á seinagang í stjórnsýslunni. Hann bendir á að hópurinn hafi skilað af sér í nóvember 2015.

Tæpum tveimur árum og tveimur heilbrigðisráðherrum síðar rykfellur skýrslan enn í skúffu í ráðuneytinu.

Árlega greinast um 1.500 manns með krabbamein hér á landi og eftir fimmtán ár má búast við fjölgun krabbameinssjúklinga um næstum þriðjung. Skýringin er hækkandi meðalaldur og fjölgun landsmanna. Tæplega fimmtán þúsund manns, sem hafa fengið krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni, eru enn á lífi. Skýrslur staðfesta þá eðlilegu ályktun að stór hluti þessa hóps sé fyrirferðarmikill bæði í heilbrigðis- og félagsþjónustunni. Í krabbameinsáætlun á að gera ráð fyrir stuðningi við krabbameinssjúka og þeirra fólk frá fyrsta degi og áfram meðan aðstoðar er þörf.

Ruglingslegt kerfi mætir krabbameinssjúkum í dag. Ung eiginkona krabbameinssjúklings, Ástrós Rut Sigurðardóttir, varaformaður Krafts, sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra, lýsti lífi þeirra hjóna á einlægan og hispurslausan hátt á ljósvakanum nýlega. Hún gaf okkur innsýn í líf þeirra sem stríða árum saman við vágesti sem knýja dyra og umturna lífi heilu fjölskyldnanna.

Í nokkur ár hafa þessi ungu hjón barist saman, ekki bara fyrir því að eiginmaðurinn nái heilsu og þau geti lifað eins bærilegu lífi og kostur er – heldur hafa þau líka þurft að berjast við ómanneskjulegt kerfi. Það var þyngra en tárum tekur að hlusta á frásögn Ástrósar Rutar. Hún hreyfði við öllum sem á hlustuðu. Ekki vanþörf á.

Við þurfum að taka okkur tak og hlúa betur að fólki sem stríðir við erfiða sjúkdóma í langan tíma. Aðgerðir þola enga bið. Við eigum að létta þeim byrðarnar með ráðum og dáð. Erfitt er að benda á leið til að verja skattpeningum betur.

**Tæpum tveimur árum og tveimur heilbrigðisráðherrum síðar rykfellur skýrslan enn í skúffu í ráðuneytinu"**




### Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Föstudagurinn laaaangi

Í dag er laugardagur. Það er kannski ekkert fréttnæmt, enda er laugardagur um páskahelgi einhvern veginn algjört aukaatriði, klemmdur milli leiðinlegasta dags æsku minnar og páskadags.

Föstudagurinn langi nútímans er svo sem ekkert sérstaklega merkilegur lengur. Þegar börnin manns spyrja hvað sé svona langt við hann verður frekar fátt um svör og maður leiðist út í einhverjar sagnfræðilegar skýringar. Og þvílíkar skýringar!

Þegar ég var barn var þessi dagur sá leiðinlegasti af þeim öllum. Unglingur á hápunkti gelgjuskeiðsins var hrein skemmtun við hliðina á þessum degi. Allir gerðu allt sem þeir gátu til að tryggja 100% leiðindi.

### Samsæri fjölmiðla

Sjónvarpið (þessi eina rás) var jafnvel leiðinlegra en venjulega á hátíðisdögum (sem var í raun talsvert afrek). Óperur, leiknar biblíusögumyndir og kannski gamalt sænskt sjónvarpsleikrit, til að tryggja fullkominn árangur. Við áttum að upplifa þjáningar Krists með leiðinlegu sjónvarpsefni.

Í útvarpinu var bannað að leika alla tónlist sem innihélt ekki fiðlur. Bara sorglega og ámátlega tónlist sem lét þögn hljóma eins og hina raunverulegu guðsgjöf. Og já. Það var bara ein rás sem var reyndar alltaf leiðinleg, en aldrei af jafn mikilli áfergju og þennan dag.

### Lok, lok og læs

Það var allt lokað. Allt. Allar búðir, allar sjoppur, allar bensínstöðvar. Allt. Þess vegna var enginn á ferli nema kannski nokkrir soltnir útlendingar sem botnuðu ekkert í því að þetta undarlega land hafði bara bókstaflega skellt öllu í lás. Reyndar voru einhverjar flökkusögur um að lúgan á BSÍ væri opin en ég veit ekki hvort sviðakjammi hefði gert mikið fyrir þessi grey. Hafið í huga að á þessum tíma þótti stórmerkilegt að sjá ferðamann á Íslandi.

Ég var reyndar einn af þeim heppnu. Við bræðurnir þurftum ekki að klæða okkur í spariföt og við máttum fara út í fótbolta, ef það var ekki allt á kafi í snjó. Sumir voru ekki svo heppnir. Máttu ekki gera neitt nema sitja og tryggja hámarkslengd út úr þessum föstudegi.

Ég sór þess samt eið að þegar ég eignaðist börn myndu þau fá að gera allt sem þeim dytti í hug þennan dag. Engin spariföt, engin matarboð, ekkert vesen.

Í fyrra lögðu þingmenn Pírata og Bjartrar framtíðar fram frumvarp um afnám helgidagafriðar. Biskupinn var ekki mjög spenntur fyrir því, en Prestafélag Íslands var á þeirri skoðun að sérstakar reglur um helgidagafrið ættu ekki við í nútímasamfélagi þar sem fólk aðhylltist mismunandi trúar- og lífsskoðanir. Mér fannst sú afstaða prestanna merkileg, fyrir margra hluta sakir, þótt ég sé reyndar á sömu skoðun og BSRB í umsögn sinni um frumvarpið: Að breytingar ættu ekki að hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga. Það er nefnilega sama hvaðan gott kemur.

Þótt frumvarpið hafi ekki gengið í gegn virðast margir hafa svipaðar hugmyndir um helgidagafrið. Smám saman eru hlutirnir að breytast. Það er hægt að fara í bíó á föstudaginn langa. Og sund. Það er hægt að kaupa mjólk og brauð og sinnep og súrsaðar gúrkur. Ferðamenn fá að borða á veitingastöðum, sem er kannski eins gott fyrst að það er endanlega búið að loka lúgunni á BSÍ. Ríkið er að vísu lokað en við skulum kannski ekki alveg missa okkur í þessu.

En stundum er ágætt að rifja upp hvernig þetta var allt saman áður, þegar föstudagurinn langi var engu líkur. Það hefði samt verið gaman ef fólk hefði lagt jafn mikinn metnað í að láta sumardaginn fyrsta standa undir nafni.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Grillandi góð gæði

## MÚRBÚÐARVERÐ





**Kaliber**
PREMIUM GRILL



**Kailber Ferðagasgrill**
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196,0cm², 5KW

**29.980**

**Kaliber KG-1301 Gasgrill**
3+1 brennarar/hliðarhella
grillflötur 252,0 cm², 11,5KW

**43.400**







**Kailber KG-KG-2**
**Gasgrill** 4x3,5KW brennarar,
grillflötur 303,6 cm²,14KW

**52.880**

**Kailber KG-1503**
**Gasgrill** 3x3KW brennarar,
grillflötur 252,0 cm², 9KW

**39.900**

**Kailber AG1125**
**Gasgrill** 5x3,5KW brennarar,
grillflötur 815x460 mm, 17,5KW

**59.980**



**Grillyfirbreiðsla**
fyrir c120 cm breið grill

**3.980**

fyrir c150 cm breið grill

**4.280**

Grillbursti

**480**





Grilláhöld, 3 stk. í setti

**1.380**

**Lavor Galaxy 140**
**háþrýstidæla**

**17.990**

140 Max bar
450min Litrar
1900KW

**Lavor One Plus 130**
**háþrýstidæla**

**12.490**

130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar,
sápubrúsi
& Turbóstútur.

**Lavor Space 180**
**háþrýstidæla**

**24.990**

180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti
og aukaspíssar.

Made by Lavor







**Lavor Race 125**
**háþrýstidæla**

**23.390**

125 Max bar
400min Litrar
1800KW



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*



45%
AFSLÁTTUR

**ELLY**
Hægindastóll.
Dökkgrátt sléttflauel.

29.990 kr.
~~54.990 kr.~~



**ELLY**
Þriggja sæta. Dökkgrátt sléttflauel.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

44%
AFSLÁTTUR

49.990 kr. ~~89.990 kr.~~

# LAUGARDAGUR TIL LUKKU













**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

**Opið í dag laugardag $11^{00}$–$18^{00}$**
Opið Ísafirði $11^{00}$–$15^{00}$
**Lokað páskadag og annan í páskum**



**JOLENE**
Borðstofustóll.
Svart PU-leður
og krómfætur.

**50%**
**AFSLÁTTUR**

6.995 kr. ~~13.990 kr.~~



**DIMA**
Borðstofustóll.
Ljós- eða dökk-
grátt áklæði.
Viðarlappir.

**50%**
**AFSLÁTTUR**

9.995 kr. ~~19.990 kr.~~



**NORA**
Borðstofustóll.
Svart PU-leður.

**50%**
**AFSLÁTTUR**

19.995 kr. ~~39.990 kr.~~



**HYPE**
Borðstofustóll.
Svart eða grátt
PU leður

**30%**
**AFSLÁTTUR**

27.993 kr. ~~39.990 kr.~~

# BARA Í DAG
# OPIÐ 11–18

# TILBOÐ Á VÖLDUM VÖRUM

## og 25% afsláttur af öllum sófum*



# 25% AFSLÁTTUR

## af öllum sófum*



**CASTELLO**
Borðstofuborð.
Ómeðhöndluð eik.
100 x 240 cm.

79.990 kr.
~~179.990 kr.~~

**AFSLÁTTUR**
**100.000**
**KRÓNUR**

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT




Eyjamaðurinn og fyrrverandi Valsarinn Agnar Smári Jónsson horfir til himins eftir að hafa fengið óblíðar móttökur hjá varnarmönnum Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Spáir ÍBV og Haukum áfram

**Átta-liða úrslitum Olís-deildar karla lýkur í dag með tveimur oddaleikjum, annars vegar í Eyjum og hins vegar á Ásvöllum. Stefán Árnason, þjálfari Selfoss, spáir því að ÍBV og Haukar fari áfram í undanúrslitin.**

**HANDBOLTI** ÍBV fær Val í heimsókn og Fram sækir Íslandsmeistara Hauka heim í oddaleikjunum tveimur í dag. Þeir hefjast báðir klukkan 16.00. Stefán Árnason, þjálfari Selfoss, er á því að Eyjamenn og Haukar vinni sína leiki í dag.

Þrátt fyrir manneklu og magapest unnu Valsmenn góðan sigur á Eyjamönnum í síðasta leik, 31-27. Stefán segir að pressan sé á ÍBV í dag.

„Öll pressan er á ÍBV. Valsararnir eru búnir að vinna bikarinn og eru fyrst og fremst að hugsa um Evrópukeppnina,“ sagði Stefán en Valsmenn eru komnir í undanúrslit Áskorendabikars Evrópu þar sem þeir mæta Potaissa Turda frá Rúmeníu.

„Ég held að Valsmenn verði hrikalega öflugir á morgun og muni láta Eyjamenn hafa mikið fyrir þessu. En á endanum held ég að gríðarlega sterkt Eyjaliðið nái að vinna. Þeir eru með það gott lið og á heimavelli; blái dúkurinn er kominn út og það er mikil stemning í Eyjum,“ sagði Stefán en ÍBV tapaði síðast á heimavelli 25. nóvember á síðasta ári. Síðan þá hafa Eyjamenn leikið sjö heimaleiki, unnið fimm og gert tvö jafntefli.

Fram kom gríðarlega á óvart með því að vinna fyrsta leikinn gegn Haukum á Ásvöllum. Sigurinn kom þó ekki að kostnaðarlausu því Arnar Birkir Hálfdánarson fékk rautt spjald undir lokin og var í banni í öðrum leiknum sem Haukar unnu, 24-28. Stefán segir að það skipti höfuðmáli fyrir Fram hvernig Arnar Birkir spili í dag.

„Það munaði miklu um Arnar Birki í leik tvö. Hann kemur núna inn og ég held að þessi leikur ráðist svolítið á því hvort hann geti skorað um 10 mörk. Hann þarf að eiga sinn besta leik til að Fram vinni. Ég held að möguleiki Fram á að komast áfram hafi verið að vinna í Safamýrinni. Fram vinnur ekki tvisvar á Ásvöllum,“ sagði Stefán. Hann segir að það sé Haukum í hag að halda markaskorinu lágu í dag.

„Ef þeir standa þokkalega vörn vinna Haukar þetta. Möguleiki Fram felst í því að skora yfir 30 mörk. Þeir þurfa að fá stórleik frá Arnari Birki og toppmarkvörslu,“ sagði Stefán en hinn 16 ára Viktor Gísli Hallgrímsson var hetja Fram í fyrsta leiknum þegar hann varði vítakast eftir að leiktíminn var runninn út. ingvithor@365.is

## Spáðu hárrétt um undanúrslitin en nú eru þær ósammála um lokaúrslitin sem hefjast á mánudaginn

**KÖRFUBOLTI** Fréttablaðið fékk sjö leikmenn í Dominos´deild kvenna til að spá fyrir um undanúrslitaeinvígi úrslitakeppni kvenna og allar spáðu þær Snæfelli og Keflavík í lokaúrslitin sem varð svo raunin.

Keflavík tryggði sér sætið með sextán stiga sigri á Skallagrími, 80-64, í oddaleik í Keflavík á skírdag en Snæfell sópaði Stjörnunni út í hinu einvíginu. Lokaúrslitin hefjast á annan í páskum og er fyrsti leikurinn á heimavelli deildarmeistara Snæfells í Stykkishólmi.

Af þessum sjö sem spáðu fyrir Fréttablaðið voru tvær sem fengu tíu fyrir spána sína en það voru Valsararnir Guðbjörg Sverrisdóttir og Hallveig Jónsdóttir. Báðar spáðu þær 3-0 fyrir Snæfelli og 3-2 fyrir Keflavík.

Nú vandast hins vegar málið ef menn halda að þær séu bestu spámennirnir því Guðbjörg og Hallveig eru ósammála um hver lokaúrslitin verða. Guðbjörg spáir Keflavík Íslandsmeistaratitlinum eftir oddaleik en Hallveigu finnst líklegra að Snæfell vinni titilinn í oddaleik.

Snæfell á samkvæmt spáhóp Fréttablaðsins meiri möguleika á að vinna fjórða Íslandsmeistaratitilinn í röð en að Keflavík bæti Íslandsmeistaratitlinum við bikarinn sem Keflavíkurstelpurnar unnu í febrúar. Fimm spá Snæfelli sigri en tvær hafa meiri trú á hinu unga liði Keflavíkur.

Snæfell getur orðið fyrsta kvennaliðið til að vinna Íslandsmeistaratitilinn fjögur ár í röð síðan úrslitakeppnin var tekin upp 1993.

Snæfell vann þrjá fyrstu leiki sína á móti Keflavík í vetur og hafði þá unnið 10 af 11 síðustu leikjum liðanna á Íslandsmótinu. Keflavíkurkonur gerðu hins vegar góða ferð í Stykkishólm í lokaumferðinni, unnu þá þrettán stiga sigur, 72-59. Nú er bara að sjá hvort þeim hafi tekist að drepa Snæfellsgrýluna sína með þeim sigri, en eitt er víst að það stefnir í spennandi og skemmtilegt úrslitaeinvígi milli tveggja frábærra liða. Úrslitaserían í fyrra fór alla leið í oddaleik og það væri gaman að fá svipaða körfuboltaveislu í ár. – óój




Aaryn Ellenberg hjá Snæfelli skoraði 28,7 stig að meðaltali í sigurleikjunum þremur á móti Keflavík í vetur en Keflavíkurkonur héldu henni í 14 stigum þegar þær unnu síðasta leik liðanna í Stykkishólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL ÞÓR

### KOMNIR UPP Í ÞRIÐJA SÆTIÐ



Rúnar Alex Rúnarsson og félagar í Nordsjælland eru komnir upp í 3. sæti dönsku úrvalsdeildarinnar. Nordsjælland vann 1-4 sigur á SönderjyskE á útivelli í gær en þetta var fimmti sigur liðsins í síðustu sex deildarleikjum en það er taplaust í síðustu sjö leikjum sínum. Rúnar Alex hefur spilað alla leiki Nordsjælland eftir áramót og staðið sig með prýði. Markvörðurinn efnilegi hefur núna spilað átta leiki í röð og aðeins fengið á sig átta mörk í þeim.

### ÓLÍKT GENGI HJÁ VALDÍSI ÞÓRU OG ÓLAFÍU ÞÓRUNNI



Það gekk misvel hjá íslensku kylfingunum í gær. Valdís Þóra Jónsdóttir komst í gegnum niðurskurðinn á Lalla Meryem mótinu í Marokkó sem er hluti af Evrópumótaröðinni. Valdís Þóra lék á einu höggi undir pari í gær og er samtals á þremur höggum yfir pari. Það gekk öllu verr hjá Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur á Lotte/Hershey mótinu á Havaí. Ólafía Þórunn spilaði á þremur höggum yfir pari í gær og samtals á sjö yfir pari. Hún var nokkuð frá því að komast í gegnum niðurskurðinn og endaði daginn í 129. sæti. Þetta er þriðja mótið í röð þar sem Ólafía Þórunn kemst ekki í gegnum niðurskurðinn.

## Um helgina

**Stöð 2 Sport:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 10.30 | Lalla Meryem Cup | Golfst. |
| L | 11.20 | Tottenh. - Bournem. | Sport |
| L | 11.55 | F1: Æfing - Barein | Sport 2 |
| L | 13.25 | Augsburg - Köln | Sport 3 |
| L | 13.50 | Watford - Swansea | Sport |
| L | 14.50 | F1: Barein-tímat. | Sport 2 |
| L | 16.20 | S´oton - Man. City | Sport |
| L | 16.25 | Leverk. - Bayern | Sport 3 |
| L | 17.00 | RBC Heritage | Golfst. |
| L | 18.40 | Barca - Sociedad | Sport |
| L | 23.00 | Lotte Championsh. | Golfst. |
| L | 01.00 | UFC: Johnson/Reis | Sport |
| S | 10.30 | Lalla Meryem Cup | Golfst. |
| S | 12.20 | WBA - Liverpool | Sport |
| S | 14.30 | F1: Barein-kapp. | Sport 2 |
| S | 15.00 | Man. Utd.-Chelsea | Sport |
| S | 17.00 | RBC Heritage | Golfst. |
| S | 18.40 | Granada - Celta | Sport |
| M | 13.40 | Fulham - A. Villa | Sport |
| M | 15.50 | Derby - Huddersf. | Sport |
| M | 18.50 | M´boro - Arsenal | Sport |
| M | 19.05 | KR - Grindavík | Sport 3 |
| M | 19.05 | Snæfell-Keflavík | Sport 2 |
| M | 21.00 | Messan | Sport |

**Frumsýningar á leikjum:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 17.30 | Everton - Burnley | Sport 2 |
| L | 19.10 | C. Palace -Leicester | Sport 2 |
| L | 20.50 | Sunderl.-West Ham | Sport2 |
| L | 22.30 | Stoke - Hull | Sport 2 |

**Olís-deild karla - oddaleikir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| L | 16.00 | Haukar - Fram | Ásvellir |
| L | 16.00 | ÍBV - Valur | Eyjar |

**Domino's-deild kvenna - lokaúrs.:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| M | 19.15 | Snæfell - Keflav. | Stykkish. |

**Úrslit Lengjubikarsins á Valsvelli**

| | | | |
|---|---|---|---|
| M | 16.00 | Valur-Breiðablik | Kvenna |
| M | 19.15 | Grindavík - KR | Karla |




elja
Starfsmannaþjónusta

# Þarftu að ráða starfsfólk?

## Láttu okkur ráða

Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



Grunnskóli bæjarins, sem ber nafn landkönnuðarins Ejnars Mikkelsen, er miðstöð skákhátíðarinnar. Á fimmtudag tefldi Róbert Lagerman fjöltefli þar við börn og fullorðna. MYND/HRÓKURINN

# Snýst um meira en bara skák

Skákfélagið Hrókurinn er nú ellefta árið í röð í þorpinu Ittoqqortoormiit á Grænlandi. Hróksmenn fóru með yfir 100 páskaegg til barnanna enda slær bærinn í takt við Hrókshjartað, segir varaforseti félagsins og leiðangurstjóri.

**Benedikt Bóas Hinriksson**
benediktboas@frettabladid.is



Ég sit í sólbaði í 20 stiga frosti," segir Róbert Lagerman, varaforseti og leiðangursstjóri skákfélagsins Hróksins í Grænlandi, en ellefta árið í röð slá Hróksmenn upp skák- og vinahátíð í Ittoqqortoormiit, einu afskekktasta þorpi þar í landi. Bærinn er við Scoresby-sund, sem er á 70. breiddargráðu, er næstum þúsund kílómetra frá næsta byggða bóli. Það fór þó ekki illa um Róbert þótt símasambandið hafi oft verið betra.

Íbúar í Ittoqqortoormiit eru á fimmta hundrað og taka að jafnaði öll börn bæjarins þátt í hátíðinni sem hófst á miðvikudag og lýkur á mánudag. „Það er alltaf jafn gaman að koma hingað og þessi bær slær í takt við Hrókshjartað. Þetta eru elleftu páskarnir okkar hér í röð og hér hefur skapast mikil skákmenning og hefð."

Á miðvikudag heimsóttu Hróksmenn leikskóla og dvalarheimili eldri borgara klyfjaðir gjöfum frá velunnurum á Íslandi, m.a. prjóna- og ullarfatnaði frá prjónahópum Gerðubergs og Rauða krossins í Reykjavík. Á fimmtudag tefldi Róbert fjöltefli við börn og fullorðna í grunnskóla bæjarins og samhliða hófst myndlistarsamkeppni Hróksins og Pennans fyrir börn. Í gær var Páskaeggjaskákmót Hróksins og Bónuss þar sem allir þátttakendur fengu páskaegg og annan glaðning.

> NÁNAST HVERT EINASTA BARN MÆTIR TIL LEIKS UNDIR KJÖRORÐUM HRÓKSINS: MEÐ GLEÐINA AÐ LEIÐARLJÓSI.
> RÓBERT LAGERMAN, VARAFORSETI HRÓKSINS

Í dag, laugardag, verður Norlandairmótið, sem jafnframt er meistaramót Ittoqqortoormiit.

Á mánudag verður svo haldinn Dagur vináttu Íslands og Grænlands í grunnskólanum, þar sem m.a. verða kynnt úrslit myndlistarsamkeppninnar og efnt til einvígis í blindskák milli Róberts og Paulus Napatoq.

Paulus er 23 ára heimamaður og einn besti skákmaður Grænlands. Hann er blindur en lærði að tefla í fyrstu heimsókn Hróksins til þorpsins árið 2007 og náði strax undraverðum tökum á skáklistinni. Paulus var gerður að heiðursfélaga Hróksins 2010.

„Við eigum að koma heim snemma í næstu viku en ég hef nú verið veðurtepptur hér í meira en viku þannig að kannski er best að vera ekkert að segja hvenær við komum heim. Við komum klyfjaðir gjöfum og með rúmlega 120 páskaegg fyrir börnin. Nánast hvert einasta barn mætir til leiks undir kjörorðum Hróksins: Með gleðina að leiðarljósi.

Eftir að við erum farnir þá heyrir maður af því að það sé beðið eftir næstu páskum." Fjölmargir leggja Hróknum og KALAK, vinafélagi Grænlands og Íslands, lið við hátíðina, meðal annars nokkur íslensk stórfyrirtæki eins og Flugfélag Íslands, Bónus, Brim og Mannvit.

Róbert er leiðangursstjóri og með honum eru Hróksliðarnir Máni Hrafnsson og Joey Chang. Auk þeirra voru í undirbúningshópi leiðangursins Hrafn Jökulsson, Kristjana Guðmundsdóttir Motzfeldt og Jón Grétar Magnússon. **benediktboas@365.is**



KRÓNAN
Opið
í dag frá
9-21
í verslunum Krónunnar*
*Reyðarfjörður 10-18 *Vestmannaeyjar 10-20
Páskadagur
Opið frá
9-21
í Krónunni Árbæ, Hamraborg,
Hvaleyrarbraut, Jafnaseli
og Nóatúni
Gleðilega
páska
Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# SÓFADAGAR 1.- 23. APRÍL



## SVEFNSÓFAR FYRIR **ÖLL HERBERGI HEIMILISINS**

Sly-svefnsófi
119.900 kr.
Nú **89.900**
**SPARAÐU 30.000**

**Sly-svefnsófi.** Svart áklæði. L200 cm.
Svefnflötur 140 x 200 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.

**64.900**
**SPARAÐU 20.000**



**Savona-svefnsófi** m/legubekk. Dökkgrár. L 225 x D151 cm.
Svefnflötur 140 x 197 cm. 89.900 kr. Nú 64.900 kr.

**74.900**
**SPARAÐU 15.000**



**Ease-svefnsófi.** Dökkgrár með svörtum fótum. L190 cm. Svefnflötur: L190 x D130 cm.
99.900 kr. Nú 74.900 kr.



Julia-3ja sæta
299.900 kr.
**199.900**
**SPARAÐU 100.000**

**54.900**
**SPARAÐU 20.000**



**Andorra-sófi.** Tveggja sæta. Dökkgrár. L179 cm. 74.900 kr. Nú 54.900 kr.

**189.900**
**SPARAÐU 90.000**



**Lissabon-hornsófi** með legubekk. L257 x D363 cm. 279.900 kr.
Nú 189.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
Páskadagur LOKAÐ, Annar í páskum 12-18

**FACEBOOK**.COM/ILVAISLAND
**INSTAGRAM**.COM/ILVAISLAND
**SNAPCHAT** ILVAISLAND

# 25-40%
AF ÖLLUM SÓFUM OG HÆGINDASTÓLUM

## RAÐAÐU SAMAN EFTIR ÞÍNU HÖFÐI
CUSTOMMADE FLEX, HANNAÐUR AF ÞÉR

25%

1 **VELDU ÚTFÆRSLU** **50 MISMUNANDI SAMSETNINGAR**



2 **VELDU BAKPÚÐA**
4 mismunandi bakpúðar

3 **VELDU ARMANA**
6 mismunandi armar



4 **VELDU ÁKLÆÐI**
112 mismunandi áklæði

5 **VELDU FÆTUR**
13 mismunandi fætur

**Custommade flex-sófi.** Grár. L 316 x D 220 cm. 394.700 kr. Nú 296.020 kr.



**Nelly-hægindastóll.** Ljósgrátt áklæði. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.

30%



**Ghost-hægindastóll.** Silfurgrár. 129.900 kr. Nú 89.900 kr.



**Caracas-ruggustóll.** Grátt áklæði, eikarfætur. 49.900 kr. Nú 36.900 kr.



**Louie-hægindastóll.** Blátt áklæði, hnotufætur. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.



**Polo-hægindastóll.** Brúnn með dökkbrúnum hnöppum. 109.900 kr. Nú 89.900 kr.

**99.900**
**SPARAÐU 50.000**



**Nadine-sófi.** Þriggja sæta. L197 cm. 149.900 kr. Nú 99.900 kr.

**34.900**
**SPARAÐU 25.000**



**Honest-sófaborð.** Gegnheil olíuborin eik. Duftlakkaðir fætur úr málmi. 80x45 cm. 59.900 kr. Nú 34.900 kr.

**9.900**
**SPARAÐU 5.000**



**Dover-sófaborð.** Hvítlakkað MDF, svartbæsaðir eikarfætur. 68 x 78 cm. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.
68 x 68 cm. 9.900 kr. Nú 6.900 kr.



**Beccles-motta.** Hvít ullarmotta með svörtu mynstri. L 240 x B 170 cm. 69.900 kr. L300 x B200 cm. 99.900 kr.

**99.900**
**SPARAÐU 40.000**



**Fluente-sófi.** Þriggja sæta, bleikur. L197 cm. 139.900 kr. Nú 99.900 kr.

**19.900**
**SPARAÐU 11.000**



**Square-sófaborð.** Hvítur marmari. Svört málmgrind. 50 x 50 cm. 29.900 kr. Nú 19.900 kr.

**28.900**
**SPARAÐU 10.900**



**Cestino-sófaborð.** Svört eða hvít vírgrind. Plata úr eik, hnotu eða svört. 39.800 kr. Nú 28.900 kr.

**49.900**
**SPARAÐU 20.000**



**Halland-sófaborð.** Nougat/reyklituð eik. Ø55 x H47 cm. 69.900 kr. Nú 49.900 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró



Yrsa í fjörunni við Gróttu á Seltjarnarnesi. Hún hlakkar til frumsýningar myndar sem er byggð á bók hennar: Ég man þig. MYND/LILJA BIRGISDÓTTIR

# Bjóst við að hafa gert sig að algjöru fífli

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Yrsa Sigurðardóttir pakkar nokkrum sinnum í mánuði ofan í ferðatösku og ferðast um heiminn til að hitta aðdáendur sína. Þar vekur hún jafnan athygli fyrir líflega framkomu og ekki síst óvanalegt skótau. Hún segist knúin áfram af því að valda ekki lesendum sínum vonbrigðum. Við útgáfu bókarinnar Ég man þig bjó hún sig undir það versta.

Yrsa er varla búin að taka upp úr ferðatöskunni fyrr en hún er farin að setja í hana aftur og svona gengur það stóran hluta ársins. Á háannatíma um vor og haust sækir hún ráðstefnur og upplestra í tengslum við glæpasögur vítt og breitt um heiminn nokkrum sinnum í mánuði.

Glæpasögugeirann mætti kalla iðnað, svo mikið af glæpasögum er gefið út í Evrópu og á Norðurlöndum og þótt margir hafi viljað spá dauða og hnignun norrænu glæpasögunnar þá virðist lítið fjara undan vinsældunum.

„Nú sit ég í Skotlandi og borða á veitingastað. Ég tek þátt í upplestrarkvöldi með Stuart MacBride, skoskum glæpasagnahöfundi, en kem svo aftur og eyði páskahelginni með fjölskyldunni. Ég ferðast mikið á vorin og haustin. Ég get ekki talið allar ferðirnar sem ég hef farið í nýverið. Eftir Skotland þá liggur leiðin til Búdapest, aftur til Bretlands og svo til Finnlands. Ég hef samt gaman af þessu og sem betur fer þá fer eiginmaðurinn oft með mér, þannig að við getum notið þess saman að ferðast.“

## Bjó sig undir það versta

Áður var Yrsa í fullu starfi á verkfræðistofu og skrifaði á kvöldin og um helgar. „Það gekk ekki þannig lengur. Ég hef minnkað starfshlutfallið, aðallega vegna ferðalaganna. Mér finnst samt enn þá ekkert mál að skrifa svona til hliðar við önnur verkefni,“ segir Yrsa sem hefur í tólf ár gefið út bók fyrir hver jól. „Ég er með bók í smíðum til útgáfu fyrir næstu jól,“ segir hún og segir enga pressu á sig aðra en að vilja geðjast lesendum sínum. „Ég er byrjuð að skrifa. Auðvitað er vilji til að koma út bók en það er engin pressa. Pressa hjálpar ekki. Ég er knúin áfram af því að vilja skrifa góða glæpasögu en líka því að valda ekki

**ÆTTI ÉG YFIRHÖFUÐ AÐ GEFA ÞETTA ÚT? EN SVO KOM BARA AUGLÝSING Í BÓKATÍÐINDUM UM ÚTGÁFU BÓKARINNAR OG ÞAÐ VARÐ EKKI AFTUR SNÚIÐ. ÉG BJÓ MIG UNDIR ÞAÐ VERSTA Í ÞAÐ SKIPTIÐ.**

lesendum mínum vonbrigðum. Ég hef nokkrum sinnum orðið mjög hrædd um að gera það. Ég hræddist þetta örugglega mest áður en bókin Ég man þig kom út. Ég hugsaði með mér: Guð minn góður, er þetta eitthvað sem lesendur verða ánægðir með? Ætti ég yfirhöfuð að gefa þetta út? En svo kom bara auglýsing í Bókatíðindum um útgáfu bókarinnar og það varð ekki aftur snúið. Ég bjó mig undir það versta í það skiptið. Og bjóst líka við að hafa gert mig að algjöru fífli með útgáfu þeirrar bókar. Mig langaði í smá stund bara til að fela mig. En þessi ótti virtist hafa magnað sig upp innra með mér, lesendur tóku bókinni nefnilega mjög vel. Það er það allra besta, gleði lesenda. Ekki metsölu- eða vinsældalistar. Ég finn fyrir gleði lesenda og hún skiptir mig öllu máli,“ segir Yrsa.

Kvikmynd gerð eftir einmitt þessari bók Yrsu, Ég man þig, verður frumsýnd í byrjun maí. Myndinni leikstýrir Óskar Þór Axelsson og í aðalhlutverkum verða meðal annarra Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ágústa Eva Erlendsdóttir.

„Það er skemmtilegt að þessi bók er orðin að kvikmynd. Ég bíð spennt eftir frumsýningu myndarinnar og mæti strax eftir flug frá Finnlandi. Það er svo stíf dagskrá að ég þarf að mála mig og greiða í flugvélinni og mæta svo beint í bíó,“ segir Yrsa.

## Inn á hliðargötu

*En ef hún skrifaði ekki um glæpi, hvað þá?* „Ég hóf ferilinn sem barnabókahöfundur. Skrifaði fimm barnabækur. Fann mig þá á endastöð. Þá spurði útgefandi mig að því hvort ég vildi ekki skrifa glæpasögu og ég játti því. Gerði það og hef gert í mörg ár síðan. Ef ég ætti að velja um eitthvert annað þema, þá held ég að ég myndi skrifa nokkurs konar vísindaskáldskap, um endalok heimsins eða eitthvað álíka. Það er eitthvað við heimsmyndina núna sem mann langar að takast á við,“ segir Yrsa.

*En hvers vegna skyldi hún ekki gefa sig alla í skriftir fyrst ferillinn vindur svona upp á sig?* „Ég er í spennandi verkefnum, vinnan heillar mig. Mér finnst skriftirnar enn þá vera hliðarheimur. Þegar ég skrifa þá fer ég af aðalveginum, inn á hliðargötu. Þannig líður mér. Ég hef þörf fyrir að gera þetta hvort tveggja. Ég er núna verkefnastjóri og formaður byggingarnefndar um breytingar á ÍR-svæðinu uppi í Breiðholti,“ segir Yrsa. „Þá sinni ég enn verkefnastjórn fyrir hönnunarteymi fyrir Þeistareykjavirkjun, en því verkefni fer senn að ljúka.“

## Enginn guð

Ferðalögin tengd ritstörfunum þykja henni spennandi. „Ég hefði ekki getað ferðast svona mikið vegna ritstarfanna þegar ég var með lítil börn. Ég get leyft mér meira. Börnin mín eru uppkomin þannig að enginn kvartar yfir ferðalögunum. Þetta er skemmtilegt líf, ég hef eignast fjölmarga vini tengda ritstörfum mínum og þessum sérstaka glæpasagnaheimi. Svo auðvitað vingast maður meira við suma en aðra.“

*Hvaðan færðu innblástur?* „Það er bara héðan og þaðan. Það er mjög misjafnt. Stundum er það eitthvað sem ég heyri, einhver saga sem heillar mig. Eða ég hitti eitthvert fólk og nem eitthvað í fari þess. Innblástur kemur aldrei til mín fullmótaður. Ég þarf að vinna hugmyndina, brot fyrir brot. Ég er að minnsta kosti ekki þannig að ég fái bara fullkomna hugmynd fyrir heila bók í uppljómun.“

*Hefur þú mikla þörf fyrir að stjórna aðstæðum? Og færðu útrás fyrir það í skrifum?* „Ég er enginn guð þegar ég skrifa,“ segir Yrsa og frábiður sér nokkurs lags guðskomplexa. „En ég viðurkenni að mér finnst ágætt að hafa stjórn á því sem gerist á síðum bókarinnar. Ég hef þá meiri stjórn á framvindu sögunnar en því sem gerist í lífinu sjálfu.“

## Vitavörður og barþjónn

*En hvernig er hinn dæmigerði glæpasagnahöfundur?* „Það er nefnilega málið að það er enginn dæmigerður glæpasagnahöfundur. Það er með ólíkindum hvað fólk er með fjölbreyttan og misjafnan bakgrunn.

# OPNUNARTÍMI Í ICELAND UM PÁSKANA

OPIÐ 24 TÍMA

**Laugardagur** 15. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

**Páskadagur** 16. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

**Annar í páskum** 17. apríl - **Opið allan sólarhringinn**

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland







Yrsa býr yfir meiri sérvisku en að slaka á yfir hryllingi. Á ráðstefnum og upplestrum nýverið hefur hún vakið athygli fyrir líflegt og óvanalegt skótau og litríkar töskur.

**UMBOÐSMÖNNUM MÍNUM ÚTI FANNST SKÓRNIR RÆNA ATHYGLINNI FRÁ BÓKUM MÍNUM. NÝJUSTU KAUPIN ERU Í SKÓM MEÐ DARTH VADER HÆL.**

Vitavörður, læknir, lögfræðingur, sjómaður, barþjónn, ég hef kynnst höfundum úr öllum greinum og stigum samfélagsins. Og þegar við hittumst þá tölum við ekki um glæpasögur eða glæpi. Við tölum um eiginlega allt annað en það. Þá finnst mér einkennandi að þennan geira bókmenntanna einkennir mikil samstaða. Maður finnur fyrir því að aðrir höfundar samgleðjast þegar það gengur vel. Það er enginn illvilji eða öfund í bransanum. Og þá eru líka allir af vilja gerðir að hjálpa og leiðbeina,“ segir Yrsa.

### Alltaf forvitin um hrylling

Glæpasagnahöfundar eiga það þó sammerkt þrátt fyrir ólíkan bakgrunn að hafa brennandi áhuga á myrkari kimum samfélagsins, glæpum og hryllingi. Yrsa þrætir ekki fyrir það og segir frá hryllingsmyndaáhuga sínum sem hófst á unga aldri og er enn mikill.

„Ég hafði í æsku áhuga á öllu því sem var skrýtið og furðulegt. Mjög snemma vildi ég horfa á hryllingsmyndir. Ég held ég hafi verið ellefu ára gömul þegar ég horfði fyrst á hryllingsmynd. Það var Hitchcock-myndin Birds. Mamma og pabbi höfðu farið út að borða og við vorum ein heima nokkrir krakkar. Það hafði enginn áhuga á því að horfa á myndina með mér. Ég horfði því á hana ein og minnist þess ekki að hafa orðið hrædd. Ég var öllu heldur bara forvitin,“ segir Yrsa. „Mörgum finnst það skrýtið en ég slaka hvað best á yfir góðri hryllingsmynd. Því miður þá eru ekki margar góðar hryllingsmyndir framleiddar en ég nýt þess að horfa á þær þegar ég finn þær. Ég er hrifin af myndum til dæmis frá Suður-Kóreu og Japan og þá helst þeim sem eru svokallaðir sálfræðitryllar.“

**MÖRGUM FINNST ÞAÐ SKRÝTIÐ EN ÉG SLAKA HVAÐ BEST Á YFIR GÓÐRI HRYLLINGSMYND.**

Yrsa býr yfir meiri sérvisku en að slaka á yfir hryllingi. Á ráðstefnum og upplestrum nýverið hefur hún vakið athygli fyrir líflegt og óvanalegt skótau og litríkar töskur. „Umboðsmönnum mínum úti fannst skórnir ræna athyglinni frá bókum mínum,“ segir Yrsa glettin. „Nýjustu kaupin eru í skóm með Darth Vader hæl. Ég á mörg skópör, ekki öll svona flippuð en mörg skemmtileg og litrík.“

Svo segist hún sérfræðingur í því að spæla egg. „Ég er nú reyndar bara stolt af því. Ég þyki best í heimi að spæla egg. Annars þyki ég nefnilega ekki hafa hæfileika í matargerð.“

Um páskana ætlar Yrsa að hafa það notalegt með fjölskyldunni. „Ég verð með mat fyrir fjölskylduna og á annan í páskum held ég allsherjar nammipartí. Þar verða að sjálfsögðu páskaegg en líka alls konar nammi sem hefur safnast upp í fríhafnarferðum upp á síðkastið. Það er slatti, það verður sum sé nammi í matinn,“ segir hún létt í bragði.





BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
TINO COSMA
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull
verslun af
merkjavöru!
40-
60%
afsláttur
af öllum vörum



Sigrún Olsen og eiginmaður hennar Þórir Barðdal með forseta Íslands á hátíðlegri athöfn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

# Treystir leikriti lífsins

**Sigrún Olsen** hjá Lótushúsi og handhafi Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins í ár segir hugleiðslu hafa mátt til að breyta hugarfari og lífi fólks til hins betra. Dýrmætast hefur henni fundist að ná dýpri tengingu við sig sjálfa og sátt við lífið og tilveruna.

Á árlegri athöfn Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins er vakin athygli á fólki sem með gjörðum sínum og framgöngu hefur verið öðrum fyrirmynd. Sigrún Olsen og Þórir Barðdal veittu viðtöku aðalverðlaunum fyrir óeigingjarnt starf sitt í Lótushúsi. Hugleiðslu og fræðslumiðstöð sem þau stofnuðu fyrir nærri því tveimur áratugum. Þau hjón hafa allan þennan tíma haft það að markmiði að hjálpa einstaklingum að tileinka sér jákvætt lífsviðhorf og byggja upp innri frið til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Sigrún og Þórir taka ekkert gjald fyrir námskeiðin en kostnaði er mætt með frjálsum framlögum.

„Ég og Þórir vorum búin að þvælast um heiminn, vorum á leiðinni eitthvert án þess að vita hvert við vorum að fara. Einhvern veginn enduðum við í skóla á Indlandi þar sem við tókum grunnnám í þessum fræðum. Við vorum bæði alveg heilluð,“ segir Sigrún um upphaf Lótushúss. „Við ákváðum bæði að þarna værum við búin að finna það sem við ætluðum að lifa fyrir og við höfum haldið stefnu síðan þá,“ segir hún.

Sigrún var orðin fjörutíu og þriggja ára gömul þegar hún stofnaði skólann. Hún segir að þrátt fyrir að hafa stundað hugleiðslu og haft áhuga á andlegum málefnum hafi hún ekki náð djúpri tengingu



**Heiðursverðlaun:**

## Haraldur Guðmundsson

Heiðursverðlaunin gengu að þessu sinni til Guðmundar Haraldssonar sem hefur helgað sig brunaöryggismálum í marga áratugi, fyrst sem slökkviliðsmaður, síðar eftirlitsmaður brunavarna og loks sem skólastjóri Brunamálaskólans. Hann hefur þjálfað nokkrar kynslóðir slökkviliðsmanna.

„Það er vel að þessum verðlaunum staðið og gaman að sjá að það er verið að veita þau hinum og þessum hópum sem eru að gera góða hluti. Það er alltaf gaman þegar fólk passar upp á hlutina og hefur þá í lagi, sama á hvaða sviði það er. Ég þakka bara innilega fyrir mig,“ sagði Guðmundur.

**Í HUGLEIÐSLUNNI SNERTUM VIÐ OKKAR EIGIN KJARNA OG JAFNVEL ÞÓTT AÐ MANNI FINNIST MAÐUR HAFI EKKI UPPLIFAÐ NEITT ÞÁ VERÐUR MAÐUR SÁTTARI. SÁTTIN VIÐ LÍFIÐ OG TILVERUNA ER MIKILVÆGT MARKMIÐ. OG AÐ VERA SÁTTUR Í EIGIN IÐKUN.**

**Hvunndagshetjur:**

## Matargjafir á Akureyri

Sigrún Steinarsdóttir og Sunna Ósk Jakobsdóttir hlutu verðlaunin í flokknum Hvunndagshetjan. Fyrir þremur árum stofnuðu þær Facebook-hóp sem nefnist „Matargjafir Akureyri og nágrenni“. Í hópnum getur fólk sem vill gleðja aðra auglýst ef það á eitthvað aflögu og fólk sem þarfnast hjálpar getur sömuleiðis skráð sig. Þær Sigrún og Sunna Ósk sjá svo um að deila gjöfunum til fjölskyldna sem hafa lítið milli handanna. Í dag eru 1.500 manns skráðir á síðuna, sem er uppfærð reglulega. „Við erum þakklátar fyrir viðurkenninguna. Það er mikið að gera núna og þetta er hvatning. Það er mikið leitað til okkar þessa dagana, núna eru að koma páskar. Það er oft álag á fjölskyldum fyrir hátíðir,“ segir Sigrún.

við sig sjálfa fyrr en með stofnun Lótushúss. „Ég var að glíma við þetta, að ná ekki djúpri tengingu við mig sjálfa. Minn kjarna. Ég held að þetta sé ekki óalgengt. Samt var ég búin að vera að hugleiða í mörg ár. En það var ekki markvisst. Með tilkomu Lótushúss hugleiddi ég á hverjum degi og las. Smátt og smátt færðist ég nær þessum kjarna, sem er ég. Það gerðist hægt og rólega. Ég hefði viljað að það gerðist hraðar, en það var bara ekki hægt,“ segir Sigrún. Hún segir það enda persónubundið hvernig og á hvaða hraða fólk nær þessari tengingu. „Í mínu tilfelli er það vegna þess að ég er svolítið úthverf, og tók mikið af áreiti umhverfisins inn á mig.“

Fjöldi fólks hefur notið liðsinnis Sigrúnar í Lótushúsi. „Ég hef séð svo margt fallegt. Hvernig hugleiðsla breytir manneskjunni smátt og smátt. Hvernig manneskjan smitar svo þessum góðu breytingum út frá sér inn á heimilið og í sitt nærumhverfi. Þetta hefur breytt lífinu hjá fjölskyldum. Það er gott þegar það gerist,“ segir Sigrún.

Hún segir hugleiðslu einnig gagnast mikið við kvíða og þunglyndi. „Það gagnast í því að finna okkur sjálf og að treysta á okkur sjálf. Við þurfum öll að læra betur inn á okkur. Í hugleiðslunni snertum við okkar eigin kjarna og jafnvel þótt manni finnist maður hafi ekki upplifað neitt þá verður maður sáttari. Sáttin við lífið og tilveruna er mikilvægt markmið. Og að vera sáttur í eigin iðkun.“

> **ÉG VAR AÐ GLÍMA VIÐ ÞETTA, AÐ NÁ EKKI DJÚPRI TENGINGU VIÐ MIG SJÁLFA. MINN KJARNA. ÉG HELD AÐ ÞETTA SÉ EKKI ÓALGENGT.**
>
> Sigrún Olsen

Líf Sigrúnar og Þóris er rólegt eins og búast mátti við. „Við förum á fætur eldsnemma á morgnana, förum niður í Lótushús og erum þar í um tvær klukkustundir. Þar hugleiðum við og lesum texta. Við förum svo heim og fáum okkur morgunmat. Þórir snýr sér svo að sínum viðskiptum. Stundum förum við líka á kvöldin en annars fer starfið mest fram á morgnana. Áður en fólk fer inn í daginn og dagskrána. Eldsnemma á morgnana erum við glaðvakandi, heilinn getur tekið við og truflast ekki eins auðveldlega,“ útskýrir Sigrún.

En skyldi Sigrún eiga eitthvert ráð til handa lesendum? „Ég á eitt ráð, komið og hugleiðið. Í gegnum hugleiðsluna náið þið tengingu við ykkur sjálf. Það er það dýrmætasta sem við gerum í þessu lífi. Að finna út hver þið eruð og ná sátt. Að finna fyrir þessum sálarneista sem ert raunverulega þú. Vitneskjan og sáttin gerir það að verkum að þið eigið betra með að mæta erfiðleikum.“

Og þetta hefur Sigrún að leiðarljósi. „Ég treysti leikriti lífsins,“ segir hún. **kristjanabjorg@frettabladid.is**

### Frá kynslóð til kynslóðar:
## Ljónshjarta

Ljónshjarta hlaut verðlaunin í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar.

Þar er um samtök að ræða fyrir ungar ekkjur og ekkla, 20 til 50 ára. Samtökin hafa starfað í rúm þrjú ár í sjálfboðavinnu og hyggjast efla starfsemina í framtíðinni.

„Fyrst og fremst er þetta viðurkenning á að við séum að vinna gott starf. Þetta er mjög mikil hvatning og eflir okkur og okkar starfsemi. Samtökin eru orðin sýnilegri og þar af leiðandi á fólk í þessari stöðu auðveldara með að leita til okkar. Við erum líka stolt, því þetta er mjög erfitt starf. Við í stjórn og varastjórn erum öll ungar ekkjur og ekklar og það tekur oft á, að sinna þessu starfi. Við erum líka í sorg eins og okkar félagsmenn,“ segir Ína Ólöf Sigurðardóttir formaður.

Hún segir starfsemina hafa vaxið mikið undanfarið. „Nú höfum við náð að safna fjármagni til að efla starfið og erum farin að geta stutt betur við bakið á okkar fólki. Við erum reglulega með viðburði og uppákomur fyrir bæði börn og fullorðna í Ljónshjarta. Núna erum við til dæmis að vinna í því að bjóða upp á sérstakt námskeið fyrir unglinga Ljónshjarta. Einnig munum við halda tveggja daga námskeið í sorgarúrvinnslu í haust með fagfólki.“

### Til atlögu gegn fordómum:
## Foreldrafélag Breiðholtsskóla

Verðlaunin í flokknum Til atlögu gegn fordómum runnu til Foreldrafélags Breiðholtsskóla. Það hefur staðið fyrir fjölmenningarhátíðum fyrir nærsamfélagið þar sem öllum íbúum hverfisins er boðið í skólann. Tilgangurinn er að tengjast betur foreldrum og börnunum sem þar búa, kynnast ólíkum uppruna þeirra, tungumáli og ekki síst að fagna fjölbreytileikanum. „Þetta er viðurkenning á mikilli vinnu og hvatning til fólks sem hefur staðið vaktina,“ segir Sara Björg Sigurðardóttir.



„Ég vil draga fram styrkleika samfélagsins í Breiðholti,“ segir hún og segir umfjöllunina um hverfið of oft á neikvæðum nótum. „Verðlaunin eru viðurkenning á vinnu. Þakklæti til fólks sem er búið að standa vaktina. Ég vil að börnin mín búi að því alla ævi að umgangast fólk, virða það og taka því eins og það er, óháð uppruna og trú. Þetta er ekki bara ég, þetta er net af fólki og fjölskyldum í hverfinu.“






# CHIQUITA BANANAR

*Vissir þú?*

Að banani gefur samstundis varanlegt og jafnt orkubúst. Rannsóknir sýna að tveir bananar gefa næga orku í 90 mínútna erfiða líkamsrækt. Engin furða að bananinn er sá ávöxtur sem íþróttafólk í fremstu röðum velur sér.

Banani inniheldur mikið af járni sem örvar framleiðslu af hemóglóbín í blóðinu og hjálpar þar af leiðandi við blóðleysi.

Kalíum er nauðsynlegt steinefni sem hjálpar hjartanu og sendir súrefni til heilans og passar upp á vatns jafnvægið í líkamanum. Þegar við stressumst minnkar kalíum magnið í líkamanum. Þetta er hægt að laga með því að borða kalíumríkann banana.

Gildir til 17. apríl á meðan birgðir endast.

nature & more

LÍFRÆNT ræktað

*Gott úrval af lífrænum ávöxtum og grænmeti*



499 kr/pk

**Sætar kartöflur**
500 g.



899 kr/kg

**Engifer**
Í lausu.



399 kr/pk

**Sítróna**
500 g.



379 kr/pk

**Mangó**
400 g.

pukka



**Pukka te**
Lífrænar gæða jurtir í hverjum poka.

VEGAN

*Nýtt í Hagkaup*




**Daiya Cheezecake**
Mjólkurlaus, glúteinlaus og Sojalaus.

kii naturals

*Nýtt í Hagkaup*



**Kii hrökkkex**
Unnið úr náttúrulegum hráefnum.

Ficacci 1964

## FERSKAR ÓLÍFUR

STÖKKAR OG BRAGÐGÓÐAR. ÞESSAR VERÐUR ÞÚ AÐ SMAKKA!



299 kr/pk
verð áður 449

# VEISLA MATGÆÐINGSINS







## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Átak þarf gegn netþrjótum



Fá hlerunarmál koma á borð lögreglu. Fólk verður ekki vart við það þegar netþrjótar hakka sig inn í myndavél og hljóðnema símtækja og tölva. Ekki fyrr en of seint, þegar það er notað gegn viðkomandi.

Ævar Pálmi Pálmason, lögreglufulltrúi í miðlægri rannsóknardeild á höfuðborgarsvæðinu, segir þörf á vitundarvakningu og samstilltu átaki í íslensku samfélagi um óopinberar hleranir og öryggi upplýsinga í símtækjum og tölvum. Fá mál koma til kasta lögreglu. Ævar segir aðferðirnar orðnar það þróaðar að fólk verði ekki vart við það þegar netþrjótar brjótast inn í tæki einstaklinga. „Það eru nokkur ár síðan ég fór á kynningu þar sem ég heyrði fyrst af þessum möguleika. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim var að setja límmiða yfir vefmyndavélina á heimatölvunni. Í þessu sambandi ætti fólk sérstaklega að huga að öryggi snjalltækja á borð við spjaldtölvur og síma. En líka hvert það tekur tækin með sér. Ég hef heyrt um dæmi erlendis frá þar sem fólk hefur verið fjárkúgað eftir að brotist var inn í nettengd tæki sem voru geymd í svefnherbergi viðkomandi og teknar af þeim myndir,“ segir Ævar.

**FARSÍMAR, SPJALDTÖLVUR OG ÝMIS TÖLVUBÚNAÐUR ER ÁVÍSUN Á UPPTÖKU Á MYND OG HLJÓÐI OG ÚTSENDINGU Í BEINNI ÚR ÞEIM TÆKJUM, ÁN VITUNDAR EIGANDANS. EFNIÐ ER NOTAÐ TIL ÞESS AÐ KÚGA VIÐKOMANDI.**



### Öpp geta verið varasöm

Kristján Valur Jónsson, öryggissérfræðingur hjá CERT-ÍS, segir að góðar varnir séu mögulegar en að ekki sé hægt að fullyrða að öryggið verði 100%. „Besta og öflugasta vörnin sem þekkt er í dag er að uppfæra síma eins og annan búnað og passa að hlaða ekki niður öppum frá vafasömum aðilum.“

Kristján bendir á að sömuleiðis sé ekki hægt að útiloka neitt varðandi varnir netþjóna en að dulkóðun sé mikilvægur þáttur í því sambandi. Fólk ætti að varast að senda upplýsingar um http-vefsíður og að https (e. Hyper Text Transfer Protocol Secure) sé betri kostur.

### Slæmt fordæmi stofnana

Marinó G. Njálsson, öryggisráðgjafi hjá DXC Technology í Danmörku, segir að stofnanir ríkja gangi á undan með slæmu fordæmi. „Ef ég fer til Bandaríkjanna get ég ekki neitað stjórnvöldum um aðgang að símanum mínum, þótt bandarískir þegnar séu kannski varðari gegn þessu. Sem útlendingur, ef þú ert beðinn um þessar upplýsingar, þá verður þú að veita þær ef þú vilt komast inn í landið. Það þarf að veita lykilorð að dulkóðun og öllu mögulegu.

Stofnanir sem þessar beita fyrir sig öryggi þegnanna að sögn Marinós. „Þeir nota alls konar öryggismál þegnanna sem afsökun fyrir njósnum. Um leið og þú berð fyrir þig öryggismál getum við verið viss um að viðkomandi er með óhreint mjöl í pokahorninu.“

Marinó hefur eins og fleiri sérfræðingar sem Fréttablaðið talaði við gert ráðstafanir til að verja sig árásum. „Á tölvunni minni er ég alltaf með límband á myndavélinni. Ég er ekki með neinar fjármálafærslur í símanum, engin bankaöpp eða neitt slíkt, er ekki með stafræn skilríki í símanum mínum og ég lít á farsíma sem gjörsamlega opið tæki, eins og hús með allar dyr og glugga opna.“

### Mikil ógn í Evrópu

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að árlega berist þeim tæplega 2.000 mál en enn sem komið er þá varði fæst þeirra hleranir. Hins vegar séu slík mál í brennidepli hjá stofnuninni eins og víðar í heiminum. „Þessi mál brenna á okkur. Allar þessar nethættur eru komnar á það alvarlegt stig að það er verið að gjörbylta persónuverndarlöggjöfinni í Evrópu, út af tæknibyltingu.“

Sú löggjöf komi til framkvæmda í Evrópu í maí 2018 og stefnt sé að sama gildistíma hérlendis.

Helga nefnir sem dæmi að þeir sem til þekki meti netglæpi sem mikla ógn í Bretlandi og Evrópu. „Maður gefur sér að þessar sömu ógnir eigi við okkur líka.“

peturfjeldsted@365.is



**Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar**



**Kristján Valur Jónsson, öryggissérfræðingur hjá CERT-ÍS**

**ÉG ER EKKI MEÐ NEINAR FJÁRMÁLAFÆRSLUR Í SÍMANUM, ENGIN BANKAÖPP EÐA NEITT SLÍKT, ER EKKI MEÐ STAFRÆN SKILRÍKI Í SÍMANUM MÍNUM OG ÉG LÍT Á FARSÍMA SEM GJÖRSAMLEGA OPIÐ TÆKI, EINS OG HÚS MEÐ ALLAR DYR OG GLUGGA OPNA.**



Marinó G. Njálsson, öryggisráðgjafi hjá DXC Technology í Danmörku

## Þetta gera netþrjótar

**1. NOTA SMÁFORRIT**
Þekkt er að smáforrit (öpp) krefjast mörg aðgangs að tækisauðkenni, myndavél, hljóðnema, tengiliðum, símanúmerum, persónuupplýsingum og öðrum skrám, sem safnað er úr tækjum notenda í gagnagrunn hvers konar fyrirtækja og annarra. Auðvelt er að komast inn í þessi tæki í þeim tilgangi að nálgast persónuleg gögn og viðkvæmar upplýsingar.



**4. HLERA ÁSLÁTT Á LYKLABORÐ**
Ákveðnar tegundir farsíma, sem liggja við hlið (gamaldags QWERTY) lyklaborðs, geta numið og greint þá takka sem stutt er á. Farsíminn skynjar fjarlægð ásláttar fyrir hvernig takka og ber þá niðurstöðu saman við orðabók til þess að áætla hvert orð með um 80% vissu. Þessa aðferð mætti nota til þess að nálgast hvað sem er eins og lykilorð, spjall og ræður, hvort sem texti notandans er vistaður eða ekki.

**2. NÝTA SÉR VEIKLEIKA NETÞJÓNA**
Fjölmargar árásir eru gerðar árlega á netþjóna í þeim tilgangi að hamla virkni þeirra eða að stöðva aðgengi annarra að þeim. Þessar árásir eru oft gerðar af „hugsjón“ þeirra sem að þeim standa, vegna þess að þeir eru mótfallnir starfsemi eða stefnu ákveðinna fyrirtækja eða annarra aðila. Í sumum tilvikum eru ástæðurnar pólitískar og þá geta opinberir þjónustuvefir legið niðri um tíma, eins og vefur stjórnarráðs Íslands í nóvember 2016.



**3. NOTA NÝJAN HUGBÚNAÐ TIL STULDAR**
Í sumum tilvikum er hægt að nota nýjustu farsímana til þess að nálgast upplýsingar á greiðslukortum annarra og millifæra upphæðir af kortinu í símann, svipað og mögulegt er með snertilausum posum. Greiðslukortin þurfa að innifela RFID (e. Radio Frequency Identification) eða símarnir NFC (e. Near Field Communications) samskiptamáta. Í þeim tilvikum þarf viðeigandi hugbúnað til verksins.



**5. BRJÓTAST INN Í STÓR KERFI**
Orkuver, samgöngufyrirtæki, matvælaframleiðsla, fjármálafyrirtæki, fjölmiðlar, stofnanir og fleiri aðilar stóla í auknum mæli á nettengingu. Vinnsla og varðveisla gagna er sífellt að færast í miðlægar stöðvar og ský (e. Cloud) sem gerir gögnin að vissu leyti berskjölduð. Starfsemi hópa, svæða og landa gæti því gengið úr skorðum ef mikilvæg grunnþjónusta raskast vegna tölvuárása, auk þess sem landvarnir gætu veikst, starfsemi fyrirtækja laskast og dreifing nauðsynja tafist. Einföld vírusvörn dygði tæplega í því tilviki.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 15. APRÍL 2017



# Prjónaði fyrir æfingagjöldum

ALAN SUAREZ

**Sunna Tsunami Davíðsdóttir sækir hratt fram á sviði MMA-íþróttarinnar. Hún vakti mikla athygli fyrir frækilega framgöngu í síðasta bardaga sínum sem var hennar annar atvinnubardagi. Framtíðin er björt hjá þessari baráttukonu.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Ég hitti Sunnu í glæsilegri aðstöðu Mjölnis í Öskjuhlíð en Mjölnir er eins og annað heimili Sunnu, hér æfir hún og starfar sem þjálfari. Sunna er nýlega komin heim frá Póllandi með dóttur sinni, móður og vinkonum og ég spyr hvort hún hafi verið að slaka á. „Nei, þetta var hörkuverslunarferð,“ segir hún hlæjandi, segist hafa fatað dóttur sína upp og keypt gjafir enda afar ódýrt að lifa og versla í landinu. „Svo reyndi ég að kaupa einhver fín föt á mig, ég er alltaf í Nike-buxum og Mjölnispeysu og lendi alltaf í vandræðum ef ég þarf að fara í fermingu eða annað fínt,“ segir hún glaðlega.

### Mæðgur og vinkonur

Anna Rakel, dóttir Sunnu er á þrettánda ári en Sunna var 19 ára þegar hún átti hana. „Ég vil meina að hún hafi komið á hárréttum tíma enda eigum við góða samleið í dag, erum í bland vinkonur og mæðgur,“ segir Sunna og telur þær að mörgu leyti líkar. „Við erum báðar mjög aktívar og höfum mikinn áhuga á að hreyfa okkur. Anna hefur verið að æfa hér í Mjölni frá sex ára aldri en er núna að prófa hiphop dans. Svo er hún í handbolta, fótbolta og fleiru. Á meðan hún er hamingjusöm er ég hamingjusöm og ég styð hana í hverju því sem hún ákveður að taka sér fyrir hendur.“

### Alltaf haft áhuga á íþróttum

Sunna bjó fimm fyrstu æviárin í Svíþjóð. Flutti svo til Stokkseyrar en þar á hún ömmu og afa. Fjöl-



**Atli Örvarsson bjó lengi í Bandaríkjunum þar sem hann samdi tónlist fyrir vinsæla sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Nú er fjölskylan búsett á Akureyri og unir sér vel.**

helgin →4




Fæst í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun






skyldan bjó þó lengst af í Kópavogi. „Íþróttir voru alltaf uppáhaldsfagið mitt í skóla. Ég æfði fótbolta í sjö ár, prófaði sund, handbolta og æfði íshokkí. En ég hef aldrei fundið fyrir jafn mikilli ástríðu fyrir neinu eins og því sem ég er að gera í dag."

Sunna sat ekki auðum höndum eftir að dóttir hennar fæddist. „Hún var ekki nema sex vikna þegar ég fékk vinnu við barnagæslu á heilsuræktarstöð. Það hentaði vel enda fékk ég klukkutíma í mat sem ég gat nýtt til að fara í ræktina og fékk pössun á meðan." Síðar fór hún að vinna um helgar og á kvöldin sem barþjónn, dyravörður og leigubílstjóri en hún leysti af föður sinn sem var leigubílstjóri. „Í þessum störfum lenti ég stundum í aðstæðum þar sem mér var ógnað og upplifði vanmátt í því að kunna ekki að verja mig."

Vinur Sunnu þjálfaði á þessum tíma muay thai og hvatti hana til að koma og æfa. „Ég átti lítinn pening á þessum tíma en hef alltaf prjónað mikið. Ég samdi því við hann að prjóna á hann lopapeysu í staðinn fyrir æfingagjöldin og endaði á að prjóna á kærustu hans og dóttur líka," segir Sunna brosandi. Hún féll algerlega fyrir íþróttinni og fékk fljótlega löngun til að fara út í keppni.

### Skokkaði inn í Mjölni

Ári síðar hafði Sunna tekið sér frí úr muay thai og hugleiddi framhaldið. Gunnar Nelson og MMA höfðu verið nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum og því var það einn daginn sem hún var úti að hlaupa á Mýrargötunni að hún hoppaði inn í Mjölni til að forvitnast. Hún endaði á að skrá sig í grunnnámskeið í brasilísku jiu-jitsu sem reyndist síðan vera eitt það skemmtilegasta sem hún hafði gert. „Maður kynntist svo mörgum og andinn í Mjölni var svo góður að ég vissi strax að ég væri velkomin." Sunna prófaði allt sem í boði var, víkingaþrek, kickbox og síðar ólympískt box.

Hún fór fljótlega að keppa. „Ég hef aldrei verið hrædd við að keppa enda lít ég á það sem prófraun og áskorun á sjálfa mig."

### Í taílenskum æfingabúðum

Sunna hafði hug á frekara námi og skráði sig á frumgreinabraut í Háskólanum í Reykjavík. „Ég missti pabba minn rétt fyrir skólabyrjun og byrjaði því heldur brösuglega í skólanum en með því að fá mér einkakennara í stærðfræði náði ég að klára tvær annir. Það einkenndi þó allan þennan tíma að Taíland og muay thai voru mér ofarlega í huga enda fjölluðu öll mín verkefni um draumaferð mína til Taílands að æfa þjóðaríþróttina með heimamönnum."

Það var svo ári eftir lát föður síns, í janúar 2013, að Sunna ákvað að láta drauminn rætast og skipulagði þriggja mánaða æfingaferð í Tiger Muay Thai æfingastöðina í Phuket sem átti eftir að breyta miklu fyrir hana. „Ég bjó í ódýru herbergi, sem var ekki upp á marga fiska, og í þokkabót staðsett í miðjum æfingabúðunum þannig að ég vaknaði á morgnana við höggin í púðunum."

Sunna vann sig fljótlega upp, byrjaði í byrjendahópi, var sama dag send í miðlungshóp og nokkrum dögum síðar í framhaldshóp. „Þá var ég strax spurð hvort ég vildi keppa og fyrsti muay thai-bardaginn ákveðinn viku eftir að ég kom út." Sunna vann bardagann en endaði þó á spítala skömmu síðar, þó af allt öðrum ástæðum. Flugnanetið á herberginu hennar var með stórum götum og moskítóflugurnar höfðu greiðan aðgang inn. Sunna var því öll bitin, fékk sár um allan líkamann og sýkingu þannig að hún þurfti að komast undir læknishendur. Þar sem sárin voru svo slæm var henni meinað að æfa á stöðinni í heilan mánuð. „Ég þurfti því að læra með því að fylgjast með en stalst til að kýla í púða eftir lokun á kvöldin."

Hún fékk leyfi til æfinga daginn fyrir fyrsta MMA bardaga sinn. „Ég vann þann bardaga í fyrstu lotu með uppáhalds hengingartaki Gunna Nelson," segir Sunna sem æfði eftir þetta með keppnishópi stöðvarinnar og fékk við það mikla keppnisreynslu utan stöðvarinnar og kom heim með belti eftir fjögurra mánaða veru úti, en hún fékk að framlengja dvölina um mánuð í stað tímans sem hún missti úr.

„Þegar ég kom heim var tekið á móti mér í Mjölni með rauðri keppnispeysu og þar með var ég formlega komin inn í keppnislið Mjölnis. Það var einstök tilfinning."

### Andlega hliðin skiptir öllu

Sunna segir mikilvægt að þjálfa hugann ekki síður en líkamann. Það lærði hún eftir fyrsta bardaga sinn eftir heimkomuna. „Það er fyrsti og eini bardaginn sem ég hef tapað en líka sá sem ég lærði mest af. Ég hafði kynnst manni í Taílandi sem hafði ekki góð áhrif á andlegu hliðina hjá mér. Ég sagði skilið við hann stuttu fyrir bardagann og var því ekki vel stemmd og það markaði frammistöðu mína. Þá fann ég hversu mikilvægt er að þjálfa hugann," segir Sunna sem stundar hugleiðslu daglega.

### Vill titilbardaga

Leiðin inn í atvinnuheim MMA getur verið erfið og flestir þurfa að heyja nokkra atvinnubardaga áður en þeir komast að hjá bardagasambandi á borð við Invicta. Sunna náði að stytta sér leið með því að fara á Evrópumótið í blönduðum bardagalistum árið 2015 og vinna Evróputitil sem varð til þess að Invicta tók eftir henni og tók hana inn í sambandið.

En hvert er framtíðarplanið? „Í lok þessa árs eða byrjun næsta langar mig að fá titilbardaga hjá Invicta og berjast um belti í mínum þyngdarflokki," svarar Sunna sem lætur ekkert stöðva sig enda með viðurnefnið Tsunami sem þýðir flóðbylgja.




Mjölnir er eins og annað heimili Sunnu enda bæði aðstaðan og andinn á stöðinni til fyrirmyndar. MYND/EYÞÓR




Sunna kom heim með belti að lokinni Taílandsdvölinni.



Mæðgurnar Sunna og Anna Rakel á góðri stundu.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Stundar hreyfingu án verkja

## Sigurður átti orðið erfitt með fjallgöngur vegna verkja, en stefnir núna á IronMan í sumar eftir að hann fór að taka inn Amínó Fiskprótín Liðir.

Sigurður Ólafsson kynntist Amínó Fiskprótín Liðir eftir ábendingu frá fjölskyldumeðlimi sem vissi að hann var búinn að glíma við ónot í hnjám. Sigurður hefur alla tíð verið duglegur að stunda einhvers konar hreyfingu, en fyrir um það bil fimm árum fór að bera á verkjum í hnjám.

„Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar,“ segir Sigurður.

„Þegar ég byrjaði að taka þátt í Landvættaprógrammi hjá Ferðafélagi Íslands haustið 2015, þar sem mikið er um hlaupa- og hjólaæfingar, fór enn meira að bera á þessum verkjum. Eftir að hafa reynt ýmsar vörur prófaði ég Amínó Fiskprótín Liði. Mjög fljótlega tók ég eftir gríðarlega miklum mun. Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek fæðubótarefni sem algjörlega breytir aðstæðum mínum þannig að ég get stundað hreyfingu án verkja,“ segir hann.



Sigurður Ólafsson getur sannarlega mælt með Amínó Liðir.

„Haustið 2016 byrjaði ég að æfa fyrir IronMan keppni sem verður haldin í Kaupmannahöfn seinnipart sumars 2017. Æfingaálagið er töluvert mikið og ef ekki væri fyrir Amínó Fiskprótín Liði þá væri ég ekki að ná sama magni af æfingatímum í viku.“

Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbygginguá skemmdu brjóski.




Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® innihalda Amínó Liðir túrmerik, D- og C-vítamín og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofin fiskprótín, eins og eru í IceProtein®, auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, D- og C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíðanna.

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttir, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf., sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu.“

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is.

# Heilbrigð melting hjá Jónu með Active Liver

## Fita getur sest víða á líkamann, meðal annars innan í líffærin, þar á meðal lifrina. Active Liver stuðlar að eðlilegum efnaskiptum. Jóna Hjálmarsdóttir hefur mjög góða reynslu af Active Liver.

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætiþistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósystein.




### Góður árangur

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúruefnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en þetta getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.



Active Liver virkar vel fyrir Jónu.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is


# Feitur matur og sterkur örvar sýruframleiðslu

**ENGIN UPPÞEMBA LENGUR**

**Einar Ágúst Einarsson,** smiður mælir með **Frutin** töflunum en eftir að hann byrjaði að taka þær hálftíma fyrir svefn og mat finnur hann lítið sem ekkert fyrir óþægindum eða uppþembu.

„Ég hafði verið með mikla uppþembu og brjóstsviða eftir mat í langan tíma. Þetta kom sérstaklega fyrir ef ég borðaði seint á kvöldin eða fékk mér gosdrykki eða bjór stuttu fyrir svefninn. Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin. Eftir að ég byrjaði að taka **Frutin** töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur,“ segir Einar Ágúst ánægður.

*Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.*






IceCare
Þín heilsa

Frutin fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. **www.icecare.is**

# Gott að komast í kyrrðina heima

**Atli Örvarsson bjó lengi í Bandaríkjunum þar sem hann samdi tónlist fyrir vinsæla sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Nú er fjölskyldan búsett á Akureyri og unir sér vel.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is





Atli Örvarsson heldur stórtónleika í Hofi í lok apríl þar sem úrval verka hans úr kvikmyndum og sjónvarpsþáttum verða flutt. MYND/AUÐUNN

Eftir að hafa stundað nám í Bandaríkjunum og starfað þar um rúmlega tveggja áratuga skeið sneri tónlistarmaðurinn Atli Örvarsson aftur heim til Íslands fyrir tæplega tveimur árum síðan. Hann hefur komið sér vel fyrir í sínum gamla heimabæ, Akureyri, ásamt fjölskyldu sinni og sinnir þar tónsmíðum fyrir vinsæla bandaríska sjónvarpsþætti og Hollywood-kvikmyndir auk annarra verkefna. Í lok mánaðarins mun hann halda stórtónleika í Hofi á Akureyri þar sem úrval bestu verka hans verða flutt með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, kór og einsöngvurum.

Atli hóf nám í Berklee College of Music í Boston í Bandaríkjunum árið 1993. Þar tók hann m.a. áfanga í kvikmyndatónlist sem heillaði hann algjörlega upp úr skónum að eigin sögn og lagði svolítið línurnar fyrir líf hans þar eftir. Hann segist ekki hafa ákveðið að setjast að í Bandaríkjunum eftir útskrift en svo ákvað hann að stefna í vesturátt og reyna fyrir sér í Hollywood. „Á þeim tíma þurfti maður svolítið mikið bara að vera þar ef mann langaði til að vinna í kvikmyndatónlist. Nú er landslagið orðið allt annað og þetta er orðinn miklu alþjóðlegri bransi.“

Árin fram undan voru viðburðarík þar sem hann vann m.a. með frægum tónsmiðum á borð við Mike Post og Hans Zimmer og kom að gerð tónlistar við kvikmyndir á borð við Pirates of the Caribbean, The Simpsons Movie og The Holiday auk þriðju kvikmyndarinnar um Stúart litla sem var fyrsta stóra tækifærið hans. „Á þessum tíma kynntist ég líka og vann með mörgum frábærum kvikmyndagerðarmönnum eins og Ron Howard og Jim Brooks, aðalframleiðanda Simpsons-þáttanna.“

## Næg verkefni

Verkefnin eru næg um þessar mundir hjá Atla. Þessa dagana er hann að leggja lokahönd tónlist við kvikmyndina The Hitman's Bodyguard með stórleikurunum Ryan Reynolds og Samuel Jackson í aðalhlutverkum. Svo tekur við metnaðarfull íslensk teiknimynd sem ber nafnið Lói, eða Ploey fyrir alþjóðlegan markað. „Þetta er falleg saga um lóuunga sem verður eftir á Íslandi og þarf að lifa af veturinn eftir að fjölskyldan flýgur til heitu landanna. Myndin er frá sömu framleiðendum og gerðu Þór – Hetjur Valhallar og er nú þegar búið að selja hana til tuga landa. Svo má nefna að ég er með fjórar sjónvarpsseríur í gangi á sjónvarpsstöðinni NBC í Bandaríkjunum. Þær heita Chicago Fire, Med, Justice og Chicago P.D. og njóta gríðarlegra vinsælda vestra þar sem meðaláhorf á hvern þátt er á bilinu 6-10 milljónir manns. Þættirnir eru sýndir víða um heim, m.a. hér á Íslandi.“

## Sjónræn upplifun

Stóra verkefni Atla þessa dagana er þó undirbúningur stórtónleika með eigin verkum sem verða haldnir í Hofi á Akureyri, sunnudaginn 30. apríl. „Þar ætla ég að leiða Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, kór og einsöngvara í gegnum smá þverskurð af kvikmynda- og sjónvarpstónlist minni. Einnig verður flutt svíta úr tónlistinni sem ég gerði fyrir kvikmyndina Season of the Witch með Nicolas Cage, á stórri kvikmyndatónlistarhátíð á Tenerife í september. Það er greinilega mikill áhugi á lifandi flutningi á kvikmyndatónlist þessa dagana og ég held að oft sé hún einu eða fyrstu kynni ungs fólks af sinfónískri tónlist nú orðið.“

Í Bláskógaskóla, Reykholti eru rúmlega 70 nemendur í 1.–10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og gott samstarf skóla við heimili. Að undanförnu hefur verið unnið markvisst að þróun námsmats og teymiskennslu. Náið samstarf er við leikskólann Álfaborg og Bláskógaskóla, Laugarvatni.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2017.**

Umsóknir berist til Valtýs Valtýssonar, sveitarstjóra með rafrænum hætti á netfangið valtyr@blaskogabyggd.is fyrir 29. apríl næstkomandi. Sveitarstjóri veitir nánari upplýsingar í s. 480-3000 eða 897 0890.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu sveitarfélagsins á þessari slóð: http://www.blaskogabyggd.is/

## Vélskömmtun lyfja

Lyfjaver óskar eftir að ráða traustan starfsmann til framtíðarstarfa við vélskömmtun lyfja. Viðkomandi þarf að vera heilsuhraustur, snyrtilegur, reglusamur, nákvæmur og samviskusamur og hafa hreint sakavottorð.

**Kostur ef viðkomandi hefur:**
- Reynslu af vinnu við lyfjaframleiðslu
- Innsýn, áhuga og reynslu af vinnu skv. gæðaferlum
- Góða almenna tækni- og tölvukunnáttu

Æskilegt er að viðkomandi hafi náð a.m.k. 20 ára aldri og geti unnið yfirvinnu á álagstímum. Í boði er áhugavert starf í góðum starfsmannahópi hjá framsækinu og vaxandi fyrirtæki.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á alli@lyfjaver.is fyrir 24.apríl n.k.**

LYFJAVER

LÆKKAÐU LYFJAKOSTNAÐINN

Opið: Virka daga 8.30-18.00 - Laugardaga 10-14
Suðurlandsbraut 22 + Sími 533 6100



# Rafvirki-tæknimaður

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.**

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsækinu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf **fyrir 21. apríl**.

**Umsóknareyðublöð** má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is**, (undir flipanum UM OKKUR) eða á skrifstofu fyrirtækisins.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna · Katla Hnattrænn jarðvangur UNESCO

United Nations Educational, Scientific and Cultural Organisation · Katla UNESCO Global Geopark

## Katla UNESCO Global Geopark Verkefnastjóri

Katla jarðvangur/Katla UNESCO Global Geopark leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf verkefnastjóra sem vinni við hlið framkvæmdasstjóra að fjölbreyttum verkefnum jarðvangsins.

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi þar sem sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegt. Að baki Kötlu jarðvangi stendur stjórn og öflugt net fagaðila sem verkefnastjóri vinnur náið með í teymisvinnu.

**Helstu verkefni:**
- Markaðs- og kynningarmál jarðvangsins.
- Gerð fræðsluefnis.
- Innlend og erlend samskipti er tengjast jarðvanginum, m.a. við jarðvangsfyrirtæki.
- Þátttaka í gerð rekstrar- og stjórnunaráætlana fyrir jarðvanginn.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, en háskólapróf í jarðfræði eða landfræði er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni.
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi.
- Reynsla af rekstri og nýsköpunarstarfi er æskileg.

Jarðvangurinn nær yfir sveitarfélögin þrjú; Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp, og er gert ráð fyrir að starfstöð og búseta rekstrarstjórans verði í einhverju þessara sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að um fullt starf sé að ræða og um launakjör fer eftir samkomulagi.

Umsóknir, m.a. með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, berist formanni stjórnar jarðvangsins á netfangið sveitarstjori@vik.is eigi síðar en 2. maí 2017.

Nánari upplýsingar veita Ásgeir Magnússon (sveitarstjori@vik.is, s. 487-1210) og Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri Kötlu jarðvangs (brynja@katlajardvangur.is, s. 844-7633), auk þess er bent á **www.katlageopark.is.**



# Störf við nýsköpun og frumkvöðlastarf
## á Norðurlandi vestra

### Verkefnastjóri í nýsköpun og frumkvöðlastarfi

Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum verkefnastjóra nýsköpunar og frumkvöðlastarfs á Norðurlandi vestra, með starfsstöð á Sauðárkróki. Helstu verkefni eru nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og þjónustuþróun, styrkjasókn í þágu starfandi fyrirtækja, fræðsla, upplýsingamiðlun og kynningar auk verkefnastjórnunar og verkefnasóknar.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði, viðskipta, markaðsfræði, stjórnunar eða sambærileg menntun
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, dugnaður og sköpunargleði
- Reynsla af verkefnastjórnun og þekking á atvinnulífinu
- Gott vald á íslensku og ensku
- Færni og geta til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, *berglind@nmi.is*.

### Verkefnastjóri Fab Lab

Við leitum að verkefnastjóra Fab Lab smiðju á Sauðárkróki. Helstu verkefni eru frumgerðasmíði, kennsla, þjálfun, þróun nýsköpunarverkefna í samstarfi við skóla, fyrirtæki, nemendur og frumkvöðla. Umsjón með rekstri, aðstöðu, tækjum og innra starfi Fab Lab. Fræðsla og þjálfun kennara og móttaka gesta í Fab Lab auk kynningarmála og þróunarstarfs.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, dugnaður og sköpunargleði
- Reynsla af verkefnastjórnun og forritun æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Færni og geta til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi
- Samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið veitir Frosti Gíslason, *frosti@nmi.is*.

Allar umsóknir þurfa að berast á netfangið *hildur@nmi.is*. Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. **Umsóknarfrestur til og með 1. maí 2017.**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● www.nmi.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Náms- og starfsráðgjafi | Menntaskólinn á Tröllaskaga | Ólafsfjörður | 201704/750 |
| Útlánasérfræðingur | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201704/749 |
| Meðferðaraðili í geðteymi | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201704/748 |
| Sálfræðingur í geðteymi | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201704/747 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201704/746 |
| Aðstoð í eldhús, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201704/745 |
| Ræstingar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201704/744 |
| Yfirsálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201704/743 |
| Bókasafns- og upplýsingafr. | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201704/742 |
| Framh.skólakennari, listgreinar | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201704/741 |
| Framh.skólakennari, skipstjórn. | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201704/740 |
| Framh.skólakennari, danska | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201704/739 |
| Framh.sk.kennarar, málm./vélstj. | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201704/738 |
| Aðst. í aðlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201704/737 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201704/736 |
| Sérfræðingur | Landspítali, mannauðssvið | Reykjavik | 201704/735 |
| Starf í flutningaþjónustu | Landspítali | Reykjavík | 201704/734 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Lífvísindasetur | Reykjavík | 201704/733 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201704/732 |
| Fulltrúi í þjónustudeild | Samgöngustofa | Reykjavík | 201704/731 |
| Verk- eða tæknifræðingur | Vegagerðin | Reykjavík | 201704/730 |
| Framh.skólakennari, eðlisfr./stæ. | Menntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201704/729 |
| Tanntæknir | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201704/728 |
| Sérfræðingur í viðskiptagreind | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201704/727 |
| Skrifstofu- og móttökustjóri | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201704/726 |
| Þjónustufulltrúar, sumarafl. | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201704/725 |
| Varðstjóri | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201704/724 |
| Aðalvarðstjóri | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201704/723 |
| Lyfjatæknir | Landspítali, sjúkrahúsapótek | Reykjavík | 201704/722 |
| Sérfræðingur, myndgreiningalækn | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201704/721 |
| Lífeindafræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201704/720 |
| Sviðsstjóri matssviðs | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201704/719 |
| Verkefnastjóri, Fab Lab | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Sauðárkrókur | 201704/718 |
| Verkefnastjóri, nýsk./frumkvöðlast | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Sauðárkrókur | 201704/717 |
| Móttökufulltrúi | Embætti forseta Íslands | Reykjavík | 201704/716 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201704/715 |
| Framhaldsskólakennarar | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201704/714 |
| Sjúkraliðar og sjúkraliðanemar | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201704/713 |
| Yfirlæknir | Landspítali, meltingarlækningar | Reykjavík | 201704/712 |
| Skjalastjóri | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201704/711 |
| Sérnámsst. í heilsugæsluhjúkr. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Norðurland | 201704/710 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201704/709 |
| Starfsnám, alþjóðamál | Utanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201704/708 |
| Dýralæknar-sauðfjárslátrun | Matvælastofnun | Landið | 201704/707 |
| Sérfr. í netöryggissveit PFS | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201704/706 |
| Starfsmaður á lokaða deild | Barnaverndarstofa, Stuðlar | Reykjavík | 201704/705 |
| Ráðgjafar | Barnaverndarstofa, Stuðlar | Reykjavík | 201704/704 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Patreksfjörður | 201704/703 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Patreksfjörður | 201704/702 |



## Forstöðumaður Menningar-stofu Fjarðabyggðar

**Fjarðabyggð auglýsir starf forstöðumanns Menningarstofu Fjarðabyggðar laust til umsóknar**

Með samþykkt nýrrar menningarstefnu Fjarðabyggðar mun aðkoma sveitarfélagsins að stuðningi við hvers kyns menningarstarfsemi stóreflast. Helstu nýmælin í stefnunni er stofnun Menningarstofu og ráðning forstöðumanns hennar en á meðal verkefna viðkomandi verður að hrinda í framkvæmd viðamikilli aðgerðaráætlun sveitarfélagsins. Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga fyrir menningarmálum sem á að hafa yfirsýn og drifkraft til að tengja saman allt það ólíka sem fer fram í fjölkjarna sveitarfélagi með áherslur bæjarfélagsins í þróun þessara mála að leiðarljósi.

Forstöðumaður ber ábyrgð á starfsemi Menningarstofu Fjarðabyggðar, verkefnastjórn og fjármögnun verkefna stofunnar. Viðkomandi er forstöðumaður Tónlistarmiðstöðvar og annast daglega umsýslu starfsemi hennar.

**Helstu verkefni:**
- Forstaða Tónlistarmiðstöðvar Austurlands.
- Annast verkefnastjórnun í menningarmálum.
- Þróunarstarf, samstarf og fagleg ráðgjöf á sviði tónlistar.
- Annast undirbúning menningarviðburða, hátíðarhalda.
- Fagleg ráðgjöf í menningarmálum.
- Efling samstarfs í menningarlífi Fjarðabyggðar.
- Stuðlar að framþróun á sviði menningar og lista.
- Annast öflun styrkja og styrktaraðila vegna viðburða.
- Gerð menningardagatals fyrir Fjarðabyggð.

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviðum tónlistar, menningar og lista er áskilin.
- Þekking á menningarstarfi og listum.
- Reynsla af stjórnun.
- Framúrskarandi samstarfs-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Starfið gegnir veigamiklu hlutverki sveitarfélagsins í menningarmálum. Rík áhersla er lögð á teymisvinnu og þverfaglega vinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Gunnar Jónsson, bæjarritari, í síma 470 9062 eða á netfanginu gunnar.jonsson@fjardabyggd.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2017 og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. júlí nk.**

Umsóknir berist rafrænt á Íbúagátt Fjarðabyggðar eða á skrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2016


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

# REYNSLA ÓSKAST

Við leitum að reynslubolta sem er drífandi og jákvæður í verslun okkar að Dvergshöfða 2, Reykjavík.

Um er að ræða framtíðarstarf og felst það í almennum verslunarstörfum og öðrum tilfallandi störfum í skemmtilegu og fjölbreyttu starfsumhverfi.
Viðkomandi þarf einnig að getað unnið á laugardögum eftir vaktaplani.

- Almenn þekking og áhugi á bílum og bílavörum nauðsynlegur
- Reynsla af afgreiðslustörfum nauðsynleg
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Áreiðanleiki og jákvæðni nauðsynleg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg
- Almenn tölvukunnátta nauðsynleg

**Nánari upplýsingar veita:**

**Guðjón Bjarki Guðjónsson**, yfirmaður verslana, *gudjonb@bilanaust.is*

**Þorgrímur Sveinsson**, yfirmaður þjónustuvers, *thorgrimur@bilanaust.is*

*Umsóknum ásamt meðmælum skal skilað á atvinna@bilanaust.is*

Umsóknarfrestur er til og með 28. apríl.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Bílanaust

4877#



# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

## STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef
- Lifandi og skemmtilegt starf

## HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími kl. 7.45-17.00 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 24. apríl næstkomandi.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

mazda VOLVO Ford PEUGEOT CITROËN MAX1 HRAÐÞJÓNUSTA Thrifty LANGTÍMALEIGA

# SÖLUSTJÓRI FYRIRTÆKJALAUSNA BRIMBORGAR

**Brimborg óskar að ráða markmiðadrifinn og metnaðarfullan sölustjóra á nýtt svið; Fyrirtækjalausnir.**

Hlutverk fyrirtækjalausna er að bjóða hagkvæmar bílalausnir fyrir íslensk fyrirtæki byggðar á víðtæku bíla- og þjónustuframboði Brimborgar. Starf sölustjóra er krefjandi og felur m.a. í sér dagleg samskipti við viðskiptavini, sölustjórn, eftirfylgni með markmiðum og ánægju viðskiptavina og áætlanagerð. Leiðtogafærni og hæfni í mannlegum samskiptum er mikilvægur eiginleiki sölustjóra.

## STUTT STARFSLÝSING

- Samskipti við viðskiptavini með fyrirtækjaheimsóknum, sýningum og viðburðum
- Sölustjórn og eftirfylgni með markmiðum og ánægju viðskiptavina
- Daglegur rekstur fyrirtækjalausna og áætlanagerð

## HÆFNISKRÖFUR

- Viðskiptafræðimenntun og/eða rík reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Góð innsýn og skilningur á viðskiptatengslastjórnun (CRM)
- Reynsla af notkun viðskiptahugbúnaðar eins og MS Dynamics AX eða Navision
- Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná markmiðum

Vinnutími kl. 8.00-17.00 alla virka daga. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 24. apríl næstkomandi.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Thrifty bílaleiga býður langtímaleigu og styttri leigur og MAX1 hraðþjónusta og NOKIAN dekk eru hluti af þjónustuframboði Brimborgar. Saman mynda þessir þjónustuþættir mikilvæga heild og snerpu í allri þjónustuveitingu.

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í leikskólann Efstahjalla
- Deildarstjóri í leikskólanum Læk
- Sérkennsla í leikskólanum Læk
- Deildarstjóri í leikskólann Núp

**Grunnskólar**

- Umsjónarkennari í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari í Kópavogsskóla
- Sérkennari í námsver í Kópavogsskóla

**Velferðasvið**

- Verkefnastjóri

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Til leigu herbergi fyrir snyrtifræðing, fótaaðgerðafræðing eða nuddara.

Upplýsingar veitir Helga í síma 895-9824 eða helga@salonritz.is

HAIR & BEAUTY SALON
salon ritz
ÞVERHOLT 18 • SÍMI 552-2460

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Borgarleikhúsið, ljósaborð,** útboð nr. 13835
- **Hagaskóli – endurnýjun nemendasnyrtinga,** útboð nr. 13982.
- **Hólabrekkuskóli áfangi 4, endurnýjun verðurkápu,** útboð nr. 13980.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR ENDURNÝJUN GLUGGA OG UTANHÚSVIÐGERÐIR

### FORVAL NR. 20558

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Ríkiseigna, auglýsir eftir áhugasömum verktökum til að taka þátt í fyrirhuguðu lokuðu útboði vegna endurnýjunar á gluggum, múrviðgerðum og viðgerðum á svölum á Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg. Hér er um að ræða forval, þar sem þátttakendur verða valdir með tilliti til hæfni og reynslu. Leitað er að verktökum, sem geta tekið að sér að framkvæma viðkomandi verk á viðkvæmu húsi á viðkvæmum stað, samkvæmt útboðsgögnum sem gefin verða út fljótlega eftir forval.

Framkvæmdir felast í endurnýjun glugga á 2. - 5. hæð á öllum hliðum hússins, múrviðgerðum samfara gluggaskiptum og viðgerðum á svölum 5. hæðar auk endurbóta innanhúss á 5. hæð. Verkkaupi áætlar að áfangaskipta framkvæmdinni í tvo áfanga. 1. áfangi yrði unninn árið 2017 og eru verklok 1. nóvember. 2. áfangi yrði unninn árið 2018 og er áætlaður verktími 1. maí – 1. september 2018.
Inni í verki verktaka er að setja upp afgirta og afskermaða verkpalla með húshliðum á meðan á framkvæmdum stendur auk þess sem byggt verður skýli til bráðabrigða yfir svalir 5. hæðar.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Brot og hreinsun svalagólfa | 64 m2 |
| Rif timburveggja | 156 m2 |
| Utanhúsklæðning úr zinki | 108 m2 |
| Endurnýjun álglugga | 86 stk |
| Glerhandrið | 41 lm |
| Þakdúkur | 90 m2 |
| Múr og brot með gluggum | 260 lm |
| Sólbekkir úr grásteini | 30 lm |
| Málun innanhúss | 330 m2 |

**Verklok 1. áfanga er 1. nóvember 2017 og verklok 2. áfanga er 1. september 2018.**

Forvalsgögn verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa frá og með miðvikudeginum 19. apríl 2017. Þáttökutilkynningum skal skila fyrir kl. 13:00 þriðjudaginn 2. maí nk.

**FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# Bílasala til sölu

**Rótgróin bílasala með stæði fyrir 60 bíla til sölu í Reykjavík.**

**Frábær staðsetning, hagstæður leigusamningur og besti sölutíminn framundan.**

**Tilvalið tækifæri fyrir eiginn atvinnustarfsemi. Söluverð er 7 milljónir.**

**Upplýsingar gefur Ásgeir í síma 660-3858**

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Uppboð á tíðniheimildum á 700 MHz, 800 MHz, 2100 MHz og 2600 MHz tíðnisviðunum

Póst- og fjarskiptastofnun hefur birt skilmála rafræns uppboðs á tíðniheimildum fyrir háhraða farnetsþjónustu. Um er að ræða tvær tíðniheimildir á 700 MHz tíðnisviðinu (samtals 40 MHz), tvær tíðniheimildir á 800 MHz tíðnisviðinu (samtals 20 MHz), þrjár tíðniheimildir á 2100 MHz tíðnisviðinu (samtals 30 MHz) og fimm tíðniheimildir á 2600 MHz tíðnisviðinu (samtals 140 MHz).
Umrædd tíðnisvið skal nýta fyrir háhraða farnetsþjónustur, en eru að öðru leyti tæknilega hlutlaus. Tíðniheimildir á 700 MHz og 800 MHz tíðnisviðinu verða bundnar ákveðnum skilyrðum um uppbyggingu og útbreiðslu þjónustu.

Aðilar sem óska þátttöku skulu skila inn tilgreindum gögnum, sbr. skilmála uppboðsins, til Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4, fyrir **kl. 14:00, þriðjudaginn 2. maí 2017.**
Uppboðið mun hefjast mánudaginn 22. maí 2017, skv. nánari ákvæðum skilmálanna.
Nánari upplýsingar, skilmála og skráningareyðublað er að finna á vef stofnunarinnar **www.pfs.is**

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

## Styrkir til áhugahópa og faglegs starfs

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti styrkir félög, samtök, fyrirtæki eða einstaklinga, eftir því sem við á, til að styðja við áhugahópa og faglegt starf á verkefnasviði ráðuneytisins. Um er að ræða verkefni á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar annars vegar og á sviði ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar hins vegar.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk til verkefnis þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd þess og ráðstöfun styrkfjárins til þess að ný umsókn komi til greina.

Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir eigi síðar en 20. maí n.k.

Umsækjendur skulu sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins (http://minarsidur.stjr.is Aðgangur er veittur á kennitölu umsækjanda og verður lykilorð sent viðkomandi á netfang sem hann gefur upp við nýskráningu. Lykilorðinu má breyta eftir innskráningu með því að opna Mínar stillingar.

Umsækjendur skrá sig inn með kennitölu og lykilorði. Einnig er hægt að nota rafræn skilríki við innskráningu.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Lilliendahl (hulda@anr.is).
**Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 25. apríl 2017**

## Starmýri II, Djúpavogshreppi

### Deiliskipulag

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. apríl 2017 deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis í landi Starmýrar II dags. 3. febrúar 2017. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á tímabilinu 23. febrúar - 6. apríl 2017. Umsagnir bárust frá Heilbrigiðiseftirliti Austurlands og Minjastofnun.
Hefur viðkomandi aðilum verið send niðurstaða sveitarstjórnar. Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

*Sveitarstjóri Djúpavogshrepps*

ONIK-2017-08/ 15.04.2017

# Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

## Fóðringarefni

Óskað er eftir tilboðum í fóðringarefni sem notað verður á Hengilsvæðinu.

Afhendingarskilmáli er DAT Reykjavík.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONIK-2017-08 Casings and Liners"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/fjarmal/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 30.05.2017 kl. 11:00.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

ONVK-2017-09/ 11.04.2017

# Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

## Tengingu Sulfix vatns inn á varmastöð

Verkið felur í sér uppsetningu lagna og aðlögun lagna á þremur stöðum: í lofthreinsistöð, í stokk við láglokahús og í og við skiljuvatnslokahús. Um er að ræða lagnir í stærðum DN15 til DN400 bæði í svörtu og ryðfríu stáli.

Verktaki annast alla stálsmíði, pípulagnir, uppsetningu á búnaði, tengingar, prófanir og annað það sem þarf til þess að ljúka verkinu að fullu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONVK-2017-09 Tenging Sulfix vatns inn á varmastöð"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/fjarmal/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 02.05.2017 kl. 14:00.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

# Vogabyggð

Eignamiðlun hefur til sölu eftirtaldar byggingarlóðir í Vogabyggð.

| | Byggingarmagn ofanjarðar (fm) | Núverandi byggingarmagn (fm) |
|---|---|---|
| Dugguvogur 2 | | 3.868 |
| Dugguvogur 4 | | 2.825 |
| Trilluvogur 1 | 4.640 | |
| Súðarvogur 2 | 6.200 | |
| Kuggavogur 2 | 9.070 | |
| Kuggavogur 5 | 4.730 | |
| Skektuvogur 2 | 7.250 | |
| Arkarvogur 2 | 16.230 | |
| Kleppsmýrarvegur 6 | 5.090 | |

Óskað er eftir tilboðum í lóðirnar.

**Tilboð þurfa að berast á skrifstofu Eignamiðlunar fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 19. apríl n.k. og gilda til kl. 17:00 þann 28. apríl n.k.**









Til sölu

# Dugguvogur 2

Eignin skiptist upp í tvær hæðir, birt stærð eignar er 3.867.8 fm. Efri hæð skiptist í tvö bil í dag þar sem annarsvegar er rekin saumastofa og hinsvegar Bogfimisetur. Hvort rými er um 900 fm.

Neðri hæð skiptist upp í 4 iðnaðarbil með innkeyrsluhurðum. Heimilt er að breyta nýtingu á lóðinni í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Byggingarmagn ofanjarðar er 11.710 fm.

**Tilboð þurfa að berast fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 19. apríl n.k. og gilda til kl. 17:00 þann 28 apríl n.k.**

Til sölu

# Dugguvogur 4

Eignin skiptist upp í tvær hæðir. Birt stærð eignar er 2824,8 fm. Neðri hæðin er 1645,6 fm, sem skiptist í verslun, sölu- og skrifstofurými. Einnig  er lager og vinnslusalur með iðnaðarhurð.

Efri hæð er 1.179,2 fm, sem skiptist í skrifstofur, verslunar- og lagerrými. Heimilt er að breyta nýtingu á lóðinni í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Byggingarmagn ofanjarðar er 11.670 fm.

**Tilboð þurfa að berast fyrir kl. 17:00 miðvikudaginn 19. apríl n.k. og gilda til kl. 17:00 þann 28 apríl n.k.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

**Kjartan Hallgeirsson**
*Löggiltur fasteignasali*
kjartan@eignamidlun.is
824 9093 / 588 9090

**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

# HÚSASALAN

## Einbýlishús Andarhvarfi

**Opið hús þriðjudaginn 18.apríl kl.17:15-17:45**



Mjög vandað 213,4 fm hús á einni hæð. M.a. sérsmíðaðar innréttingar, sólbekkir, borðplötur granít, steypt loftplata, innfelld lýsing og rafdrifnir hurðaopnarar. Verönd og útsýni. V. 80 m.

## Endaraðhús Víðihlíð – aukaíbúð



Tveggja íbúða 356,1 fm hús á rólegum stað. Á 1. og 2.hæð er íbúð með innbyggðum bílskúr. Á jarðhæð er stórt geymslurými og rúmgóð tveggja herbergja íbúð með sérinngangi. V. 119 m.

## 4ra herb íbúð Engihjalla, 7.hæð, útsýni



Falleg fjögurra herb. íbúð á 7.hæð skráð 97 fm auk geymslu í kjallara Tvennar svalir og þvottaherbergi á hæðinni. Nýlega endurnýjað eldhús og baðherbergi. Falleg íbúð. V. 38,9 m.

## 2ja herbergja íbúð Hverfisgötu – 1.hæð.



Vel staðsett tveggja herbergja íbúð á 1.hæð (rétt við Hlemm). Eignin er skráð 57 fm en þ.a. er 4,3 fm geymsla í kjallara. Íbúðin er nú tilbúin undir tréverk og málningu. Hentar vel fyrir laghenta. V. 27,9 m.

## Sumarhús Öndverðarnesi - Golfvöllur



Vel staðsett 72,5 fm sumarhús auk golfbílageymslu á skipulögðu sumarhúsasvæði í Grímsnesinu. Fjögur svefnherbergi. Stór verönd með heitum potti. Skógi vaxin lóð. Golfvöllur og sundlaug. V. 19,9 m.

## Skúlagata - Tvær íbúðir með sérinngangi



Erum með í sölu á jarðhæð, 2ja herbergja íbúð og studio íbúð sem seljast með húsgögnum. Íbúðirnar eru ósamþykktar og samtals 92,4 fm, seljast saman. Frábær staðsetning. V 37,9 m.

## Atvinnuhúsnæði Lynghálsi jarðhæð með fimm innkeyrsludyrum



835,4 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð við Lyngháls í Reykjavík. Mjög góð aðkoma. Fimm innkeyrsludyr. Bílastæði framan við húsið. Samkvæmt nýjum eignaskiptasamning er eignarhlutanum skipt í fjóra séreignhluta: 1 x 430 fm, 2 x 160 fm og 1 x 70 fm. Vinsælar leigustærðir. Góð staðsetning. V. 159 m.



Geir Sigurðsson
s: 655-9000
löggiltur fasteignasali

30 ÁR – JÁKVÆÐNI - HREINSKILNI - SAMVISKUSEMI – REYNSLA Í SÖLU FASTEIGNA

FÉLAG FASTEIGNASALA



Aðalsteinn Steinþórsson
s: 896-5865
aðstm. fasteignasala

**Vantar eignir í sölu.**

**Síðumúla 33 - 537-9000**
**husasalan.is - husasalan@husasalan.is**

---












## Norðurskógur 3 - Húsafell

**54.500.000** | Heilsárs orlofsshús | 6 herbergi | 143 fm

Eitt vandaðasta orlofshúsið í húsafelli, stórpallur, heitur pottur og leiksvæði fyrir börnin. Eignin stendur í þéttum gróðri við Hvítá, stendur því sér en frekar langt er í næstu hús.

**Héðinn**
fasteignasali
**848 4806**

---

# GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 | gardatorg@gardatorg.is | www.gardatorg.is



**Sigurður Tyrfingsson**
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali
S: 898-3708 • sigurdur@gardatorg.is



**Þóroddur S. Skaptason**
Skjalagerð - sala/leiga
Lögg. fasteignas./leigum.
S: 868-4508 • thoroddur@gardatorg.is



**Elka Guðmundsdóttir**
Sölumaður og nemi til löggildingar /viðskiptafræðingur
s. 863-8813 • elka@simnet.is



**Linda Björk Ingvadóttir**
Sölumaður og nemi til löggildingar
S: 868-7048
linda@gardatorg.is



**Bergþóra Lárusdóttir**
Sölumaður og nemi til löggildingar
Sími 895 3868
bergthora@gardatorg.is



# Starfsmannabúðir til sölu

**Starfsmannabúðir á tveimur hæðum sem samanstanda af 32 einingum. 44 herbergi og sameign með gufubaði, eldhúsi og samverurýmum.**

Öll herbergi með sturtu og klósetti. Allt innbú fylgir.

Einingarnar uppfylla öll skilyrði um öryggismál, svo sem brunavarnir, raf- og vatnslagnir. Einingarnar hafa verið í notkun í Noregi og eru staðsettar þar. Einnig höfum við aðrar stærðir á einingum í boði og margvíslegir möguleikar um notkun.

**Hafið samband til að fá frekari upplýsingar s. 545-0800 eða gardatorg@gardatorg.is**

---

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

---

## Þóristún 19, Selfossi



Húsið býður upp á fjölbreytta möguleika m.a. er í dag er rekin heimagisting í húsinu með tilheyrandi leyfum.
Um er að ræða vel staðsett einbýlishús á tveimur hæðum í sérlega vel heppnuðum funkistíl en arkitekt hússins er Kjartan Sveinsson. Húsið er vel skipulagt og bjart að hluta til með mikilli lofthæð. **Ásett verð: 57.000.000**

Steindór Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
S: 893-2900

LÖGMENN SUÐURLANDI FASTEIGNASALA

**Hallgrímur Óskarsson, löggiltur fasteignasali**

LIND
FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is




## GLÆSILEGT OG VANDAÐ FJÖLBÝLI

**Álalind 10 er staðsett í miðju nýs hverfis norðanmegin við Smáralind. Húsið er 4ra hæða lyftuhús með 11 íbúðum.**

Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Húsið er að hluta til á svifi, sem gefur því glæsilegt yfirbragð. Lofthæð íbúða á 3. og 4. hæð verður tæpir 3 metrar. Húsið verður flísa og álklætt og veggir inn á svölum verða klæddir með lerki. Stórar svalir fylgja öllum íbúðum og snúa þær í suðvestur. Glerhandrið verður á svölum, sá möguleiki er fyrir hendi að setja upp svalalokanir.

- **Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum, steinn á borðplötum í eldhúsi og baðherbergjum.**
- **106 - 188 fm**
- **Verð frá 55.000.00 kr**

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
**892 9966**
stefan@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
**699 5008**
hannes@fastlind.is



Kristján Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
**696 1122**
kristjan@fastlind.is

## Vertu velkomin



LIND Fasteignasala
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI






## SKIPHOLT HÓTEL Í NÁLÆGÐ VIÐ MIÐBORGINA

Til sölu hótel vel staðsett í Skipholtinu. Um er að ræða rekstur og fasteign.
Mjög góð velta. Góð fjárfesting með miklu tekjustreymi.
Heil húseign á þremur hæðum þar sem starfrækt er hótelstarfsemi með samtals 36 herbergi auk þess er möguleiki til stækkunar.
Miklar bókanir á þessu ári. Hótelið er til afhendingar við kaupsamning.



Nánari upplýsingar gefa **Þorlákur Ómar Einarsson**, löggiltur fasteignasali. Sími: **8202399** og **thorlakur@stakfell.is**.



*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

# LIND FASTEIGNASALA

## 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is




## FALLEGA HANNAÐ OG VANDAÐ HÚS

**Sérlega vandað álklætt lyftuhús með viðarál gluggum sem gerir húsið eins viðhaldslítið og mögulegt er.**

Mikið var lagt í hönnun og útlit hússins. Húsið er teiknað af Birni Skaptasyni. 42 íbúðir eru í húsinu í öllum mögulegum stærðum, en minnsta íbúðin er 86,8 fm og sú stærsta 155,5 fm,auk tveggja 230 fm penthouse íbúða.

29 bílastæði eru í bílakjallara hússins en þær íbúðir sem ekki eru með bílastæði í kjallara verða með sérmerkt stæði á lóð.

› **2 - 3 - 4 herbergja**

› **Verð frá 42.900.00 kr.**

MótX Við erum uppbyggjandi

### NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA


Stefán Jarl Martin
Lögg. leigumiðlari
**892 9966**
› stefan@fastlind.is


Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
**699 5008**
› hannes@fastlind.is


Kristján Þórir Hauksson
Lögg. fasteignasali
**696 1122**
› kristjan@fastlind.is

## Vertu velkomin

LIND Fasteignasala
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

---

# GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 | gardatorg@gardatorg.is | www.gardatorg.is


**Sigurður Tyrfingsson**
Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali
S: 898-3708 • sigurdur@gardatorg.is


**Þóroddur S. Skaptason**
Skjalagerð - sala/leiga
Lögg. fasteignas./leigum.
S: 868-4508 • thoroddur@gardatorg.is


**Elka Guðmundsdóttir**
Sölumaður og nemi til löggildingar
/viðskiptafræðingur
s. 863-8813 • elka@simnet.is


**Linda Björk Ingvadóttir**
Sölumaður og nemi til löggildingar
S: 868-7048
linda@gardatorg.is


**Bergþóra Lárusdóttir**
Sölumaður og nemi til löggildingar
Sími 895 3868
bergthora@gardatorg.is

---

# REYNSLA ÞEKKING ÞJÓNUSTA

## Við erum Fasteignaland með yfir 50 ára reynslu í fasteingasölu.


Halldór Ingi Andrésson
Lögg. fasteignasali
s: 897 4210


Heimir H. Eðvarðsson
Framkvæmdastjóri
s: 893 1485


Jón Þór Helgason
Viðskiptafræðingur
s: 860 4721


Þórólfur Óskarsson
Lögg. fasteignasali
Byggingafræðingur
s: 661 2707


Steinar S. Jónsson
Sölustjóri
lögg. leigumiðlari
s: 898 5254

## Fasteignaland

Faxafen 10 | 108 Rvk | s. 599 6700
fasteignaland.is | fasteignaland@fasteignaland.is

---

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Salavegur 2, 201 Kópavogur




Salavegur 2 eign 0001 er 815 fm leikjasalur í nýlegu mjög vel staðsettu verslunar og atvinnuhúsnæði í Salahverfi. Í húsinu má finna apótek, verslun,heilsugæslu og fl. Eingöngu er verið að selja húsnæðið með leigusamningi við rekstraraðila LASER TAG. Talsvert af bílastæðum. Lyfta er í húsinu. **Verð 84,9 m.**
Nánari uppl. veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s: 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

---

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT


TERRA
NOVA
100%
VEGAN
&
HREIN BÆTIEFNI
Naturally good health
Product Awards 2016
WINNER
Best Supplement
www.naturallygoodhealth.ie
Terranova bætiefni fást í flestum apótekum, Heilsuhúsinu,
Gló og í Heilsuvörudeild Nettó.



# Kýs sólina

Margrét Þórhildur Danadrottning heldur upp á 77 ára afmæli sitt á morgun. Hún er fædd 16. apríl 1940. Danir velta því nú fyrir sér hvort maður hennar, Hinrik prins, muni fagna með henni.

Margrét er elsta dóttur Friðriks konungs en hún tók við krúnunni af honum í janúar 1972 eða fyrir 45 árum. Hinrik prins, sem er 82 ára, ákvað að fara á eftirlaun fyrir nokkrum árum og taka ekki frekari þátt í opinberum erindagjörðum. Hann nýtur sín best í sólarlöndum og dvelur mikið á Mallorca, Tenerife og í Frakklandi. Tekið var eftir því þegar belgísku konungshjónin, Philippe og Mathilde, komu í opinbera heimsókn til Danmerkur fyrir nokkrum vikum að Hinrik var hvergi sjáanlegur. Hann mun hafa verið á Tenerife á þeim tíma ásamt nokkrum nánum vinum, að því er netsíða sænska blaðsins Expressen greinir frá. Sumir hafa kallað hegðun prinsins vandræðalega fyrir hina konunglegu fjölskyldu.

Þetta var þó ekki í fyrsta skipti sem Hinrik er fjarstaddur gleðina í höllinni. Þegar Margrét varð 75 ára fyrir tveimur árum hélt hún heilmikla veislu og bauð gestum víða að úr heiminum. Hinrik mætti hins vegar ekki mörgum til undrunar. Þá var talað um að prinsinn væri með flensu. Hins vegar náðist mynd af honum á sama tíma að njóta lífsins í Feneyjum.

Hinrik hefur oft látið í ljós óánægju sína með að vera ekki kallaður kóngur. Honum finnst ekki nógu mikil virðing fólgin í því að vera danskur prins. Margir hafa velt því fyrir sér hvort einhverjir brestir séu í sambandi þeirra hjóna. Að minnsta kosti er hann mikið fjarri konungshöllinni.

Vinir hans segja að hann vilji ráða sér sjálfur og gera það sem hann langar til, nú á efri árum. „Hann gerir nákvæmlega það sama og margir aðrir ellilífeyrisþegar, að ferðast og hitta vini sína. Hinrik hefur lagt alla sína krafta í prinshlutverkið og hann á skilið að fá að taka lífinu aðeins rólega,“ segja vinir hans.



# Smiðja í Norræna húsinu

Hvaða hæfileiki býr í hendinni þinni? er yfirskrift listasmiðju sem haldin er í dag í Norræna húsinu. Smiðjan er hluti af sýningunni Interwoven og verður í umsjá Thelmu Bjarkar Jónsdóttur, meistaranema í listkennsludeild Listaháskóla Íslands.

„Leggðu hönd þína á dúkinn og saumaðu hana út. Gefðu þér tíma og upplifðu flæði með nál í hönd. Engin ein aðferð er réttari en önnur og allt leyfilegt með nálina og þráðinn í höndum.“ Svo hljómar lýsing á smiðjunni á viðburðinum á Facebook. Þar segist Thelma einnig oft hafa spurt sig af hverju handverk sé henni svo kært og það „fléttað inn í allt sem ég geri í dag? Svarið er einfalt, það er þessi sterka tilfinning sem blossar alltaf upp hjá mér þegar ég er að bródera. Tilfinningin sem tengist minningu sem hleður mig af vellíðan, hugarró og sterkri tengingu milli hugar og handar.“

Aðgangur er ókeypis.

# Bananapönnukökur

Einfaldar og góðar pönnukökur sem henta vel um hátíðir, til dæmis í sumarbústaðnum. Með þessum pönnukökum er annaðhvort hægt að hafa sultu og bláber eða beikon, egg og hlynsíróp. Uppskriftin miðast við tvo.

**1 vel þroskaður banani**
**2 egg**
**1 msk. smjör til steikingar**

Skerið bananann í bita og maukið hann síðan og stappið með gaffli. Hrærið eggin saman og og hrærið þau síðan saman við með bananamaukið.
Bræðið smjör á pönnu og bakið litlar pönnukökur úr deiginu. Pönnukökurnar eiga að verða gullnar og fallegar á báðum hliðum. Deigið ætti að nægja í að minnsta kosti átta litlar pönnukökur.





## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Mercedes Benz C 180 árgerð 2013 keyrður 99.000 km Billinn er eins og nýr, er með sjálfkeyrandi búnaði. Eyðslu grannur Diesel. Staðgreiðsluverð kr: 3.990.000.- Upplýsingar í síma 899-8412



**BMW 330E PLUG IN HYBRID**
Luxury line, hlaðinn búnaði. Ekinn 10 þkm. 03/16. Tilboð 4,99m. Ásett 5.3m. Tvö sett af felgum. s: 6638981

## Hópferðabílar



Til sölu MAN Lion Star 50 manna árg 2000. ek. 680þ Góður bíll í fínu lagi Verð 4m uppl. 8923102



Til sölu Bova 70 manna Nýleg vél og nýlega klæddur að innan, mikið endurnýjaður Verð ca. 3m uppl. 8923102



**TIL SÖLU MB SPRINTER.**
MB Sprinter 518 árg. 2007 / 184 hp sjálfskiptur / Ný Nokian vetrard / 16 farþega / Rafmagns farþegahurð / Dráttarkrókur / Öflugt hljóðkerfi / Mjög heill og góður bíll. Uppl í S: 821 1125 og 824 2828 og turistinn@hotmail.com

## Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

## Til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

# HOBBY HJÓLHÝSI

495, 545, 560 OG 650

**Meðal aukahluta:**
- Gólfhiti
- Kojur bæði tveggja og þriggja hæða
- Bakaraofn
- USB Tengi
- Hjólagrind
- Sjónvarpsstandur
- Aukin burðageta

90% fjármögnun

# 2017 ÁRGERÐ

VEL ÚTBÚIN HÚS MEÐ ÖLLUM NÝJUSTU UPPFÆRSLUM FRÁ HOBBY TILBÚIN TIL AFHENDINGAR!




KOMDU OG SKOÐAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2 Sími 5773777 www.bill.is


TÓNLEIKUR KYNNIR
IT WAS FIFTY YEARS AGO TODAY
EIN MERKASTA PLATA ALLRA TÍMA
SGT PEPPER'S
LONELY HEARTS CLUB BAND
50
ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
HARPA 2. SEPTEMBER | HOF 3. SEPTEMBER
THE BOOTLEG BEATLES
& SINFÓNÍANORD
MIÐASALA HEFST MIÐVIKUDAGINN 19 APRÍL
Á HARPA.IS- TIX.IS – MAK.IS

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um leyniskeyti sem breytti gangi heimsstyrjaldar.




# Heimskulegasta skeyti allra tíma

Fyrr í þessum mánuði var þess minnst að hundrað ár eru liðin frá því að Bandaríkin sögðu Þjóðverjum stríð á hendur og hófu þannig beina þátttöku sína í fyrri heimsstyrjöldinni. Stríðsyfirlýsingin þann sjötta apríl 1917 átti sér allnokkurn aðdraganda og kom ekki sérstaklega á óvart. Woodrow Wilson Bandaríkjaforseti tryggði sér endurkjör í kosningunum síðla árs 1916 með slagorðinu: „Hann hélt okkur utan við stríðið!“ Síðar hafa sagnfræðingar þó sýnt fram á að Wilson hafði löngu fyrr lagt drög að stríðsþátttöku Bandaríkjamanna og vann hörðum höndum að því að undirbúa jarðveginn heima fyrir.

Engum blöðum er um það að fletta að tilkoma bandaríska herliðsins skipti sköpum varðandi úrslit stríðsins. Staðan á vesturvígstöðvunum var löngu orðin þrátefli, þar sem hvorugur aðilinn hafði mátt til að brjóta niður varnir hins, á meðan stríðsþreytan jókst jafnt og þétt í herbúðum beggja. Með bandaríska liðsaukanum komu nýir og óþreyttir hermenn, en meira munaði um óheftan aðgang að hergögnum, hráefnum og hvers kyns varningi á meðan vöru- og eldsneytisskortur Þjóðverja varð sífellt meiri. Það var þessi skortur sem að lokum knúði þýska herinn til aðgerða sem hlutu að draga Bandaríkin inn í stríðið.

Þótt Bandaríkjamenn hafi átt að heita hlutlausir í heimsstyrjöldinni fram á árið 1917, var ljóst hvorum megin samúð stjórnvalda í Washington lá. Sterk söguleg tengsl voru milli Breta og Bandaríkjamanna, einkum hins ráðandi hóps kristinna, hvítra íbúa af engilsaxneskum uppruna. Í aðdraganda styrjaldarinnar og fyrstu mánuðina, mátti það sjónarmið heita ríkjandi að Evrópubúar væru stríðsóðir og ekki viðbjargandi. Stríðið væri öllum aðilum álíka mikið að kenna og best væri að koma ekki nálægt þessum hildarleik.

Með tímanum sveigðist orðræðan yfir í að margir hefðu að sönnu gert mistök, en ábyrgð Þjóðverja væri þó sýnu mest. Litríkar og í mörgum tilvikum upplognar frásagnir af ódæðisverkum þýska hersins í hlutlausa smáríkinu Belgíu höfðu djúpstæð áhrif á almenningsálitið og skipti þar miklu máli að eigendur margra helstu dagblaða Bandaríkjanna voru einarðir stuðningsmenn Breta. Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur hefur bent á að svipuð þróun átti sér stað á Íslandi, þar sem samúð íslensku blaðanna með andstæðingum Þjóðverja jókst jafnt og þétt, enda allar þær fregnir sem til landsins bárust rækilega ritskoðaðar.

## Skipsskaðar og hryðjuverk

Ýmsir atburðir urðu til þess að snúa almenningsálitinu í Bandaríkjunum enn frekar Þjóðverjum í óhag. Vorið 1915 sökktu Þjóðverjar án viðvörunar breska farþegaskipinu Lúsitaníu, þar sem um 1.200 manns fórust, þar á meðal fjöldi Bandaríkjamanna og ýmsir nafntogaðir einstaklingar. Árásin þótti einstaklega grimmileg og í augljósri andstöðu við alþjóðalög, þótt Þjóðverjar gætu raunar tínt til einhverjar málsbætur, svo sem að allstór vopnasending hefði verið um borð í skipinu og það því getað talist lögmætt skotmark í hernaði. Herská öfl í Bandaríkjunum kröfðust tafarlausrar stríðsyfirlýsingar, en stjórn Wilsons neitaði að verða við því enda hétu Þjóðverjar að draga nokkuð úr kafbátahernaði sínum.

Tvær meiriháttar sprengingar í sprengiefnageymslum í New Jersey, sú fyrri um mitt ár 1916 og sú síðari í ársbyrjun 1917, ollu sömuleiðis mikilli reiði í garð Þjóðverja sem kennt var um atvikin. Í báðum tilvikum sprungu í loft upp gríðarstórir sprengiefnafarmar sem senda átti til Bretlands og Rússlands. Fyrri atburðurinn er einkum kunnur í sögunni fyrir þær sakir að sjálf Frelsisstyttan varð fyrir hnjaski í sprengingunni og upp frá því hefur gestum ekki verið hleypt upp í kyndil styttunnar.

Böndin bárust þegar að þýskum útsendurum, þótt bent hafi verið á að ýmsir aðrir hópar hafi haft ástæðu til að kveikja í geymslunum til að ná sér niður á Bretum, svo sem írskir og

> **... MEXÍKÓ MYNDI ENDURHEIMTA RÍKIN TEXAS, ARISÓNA OG NÝJU-MEXÍKÓ.**

indverskir þjóðernissinnar. Þá komst rannsóknarnefnd að þeirri niðurstöðu árið 1931 að Þjóðverjar hefðu ekki átt hlut að máli í seinni sprengingunni. Það skipti þó litlu máli, því fyrst eftir sprengingarnar velktust fáir í vafa um þátt Þjóðverja í hryðjuverkunum og hefndarþorstinn kviknaði.

Þjóðverjar vildu vitaskuld mikið til vinna að halda Bandaríkjamönnum fyrir utan stríðið, en með tímanum tóku þó önnur atriði að vega þyngra í ákvarðanatökunni. Hafnbann Breta á Þjóðverja hélt að langmestu leyti öll styrjaldarárin, sem takmarkaði mjög alla möguleika þeirra til hráefnisöflunar, sem bitnaði bæði á stríðsrekstrinum og almennum borgurum. Það að brjótast undan hafnbanninu og jafnframt að hindra vöruflutninga til Bretlands varð því sífellt meira forgangsatriði, hvað sem það kostaði.

Þann fyrsta febrúar 1917 ákváðu Þjóðverjar að hefja ótakmarkaðan kafbátahernað. Sú ákvörðun hlaut í raun að leiða til beinnar stríðsþátttöku Bandaríkjamanna, sem ítrekað höfðu komið þeim skilaboðum á framfæri að slíkur hernaður yrði ekki liðinn. Niðurstaða þýska hersins var þó sú að illskárra væri að fá bandaríska hermenn í stríðið en að þola áfram drottnunarstöðu Breta á höfunum.

Sem fyrr segir er erfitt að ímynda sér að Bandaríkin hefðu lengi staðið utan styrjaldarinnar eftir að kafbátahernaðurinn hófst fyrir alvöru. Örvæntingarfull tilraun þýsku stjórnarinnar til að stuðla að því, snerist hins vegar rækilega í höndunum á henni og gulltryggði að Wilson tókst að fá stuðning þingsins fyrir stríðsþátttökunni. Þetta sjálfsmark Þjóðverja var í formi leyniskeytis: Zimmermann-skeytisins svokallaða.

## Brugguð launráð

Skeytið er kennt við Arthur Zimmermann, þáverandi utanríkisráðherra Þýskalands og var sent nítjánda janúar 1917, fáeinum dögum áður en þýsku kafbátahersveitirnar létu til skarar skríða. Það fór eftir ritsímalínum sem einvörðungu voru ætlaðar fyrir bandarískan diplómatapóst og var stílað á þýska sendiherrann í Mexíkóborg. Innihald þess var reyfarakennt: að kanna hvort Mexíkóstjórn – ef Bandaríkin segðu Þjóðverjum stríð á hendur – væri reiðubúin til að mynda bandalag með Þýskalandi og ráðast á Bandaríkin. Samkvæmt skeytinu var hugmyndin að fá Japani með í þetta skringilega hernaðarbandalag. Japan myndi að launum hljóta ýmis landsvæði í Asíu en Mexíkó myndi endurheimta ríkin Texas, Arisóna og Nýju-Mexíkó.

Erfitt er að túlka tillögur þessar sem annað en sambland af örvæntingu og barnaskap. Hagur Þjóðverja af hugmyndinni var augljós, þar sem Bandaríkjaher yrði líklega of upptekinn heima fyrir að berjast við Mexíkóa til að vera aflögufær um herlið til Evrópu. Hvað Mexíkóstjórn átti að græða á plottinu var hins vegar erfiðara að sjá. Þýskaland gat engri hernaðaraðstoð lofað, heldur einungis pólitískum og fjárhagslegum stuðningi. Alls var óljóst hversu miklir borgunarmenn Þjóðverjar yrðu fyrir loforðunum, jafnvel þótt þeim tækist að vinna stríðið í Evrópu. Þá var Bandaríkjaher miklu sterkari en sá mexíkóski, svo innrás hefði verið feigðarflan.

Engar líkur voru á að stjórnvöld í Mexíkó féllust á svo fjarstæðukennda ráðagerð, svo það eitt að senda skeytið mátti teljast misráðið. Verra var þó að breska leyniþjónustan fylgdist með öllu saman. Þýska stjórnin sendi leyniskeytið áhyggjulaus eftir ritsímalínum bandarísku utanríkisþjónustunnar og á dulmáli sem talið var óleysanlegt. Í Berlín gerðu menn sér hins vegar ekki grein fyrir því að bæði hleruðu Bretar samskiptin og höfðu náð að verða sér úti um dulmálslykilinn.

Í nokkrar vikur klóruðu Bretar sér í kollinum hvað gera skyldi við þessar safaríku upplýsingar. Zimmermann-skeytið var augljóst pólitískt sprengiefni, en hvernig mátti ljóstra því upp án þess að Þjóðverjar uppgötvuðu að búið væri að ráða dulmálið og Bandaríkjamenn kæmust að njósnastarfseminni? Að lokum tókst þeim að púsla saman sæmilega trúverðugri sögu um að breskum njósnara hefði tekist að stela skjalinu í Mexíkóborg.

Bandaríkjastjórn beið ekki lengi með að gera leyniskjalið opinbert og fordæma harðlega þessi svikráð Þjóðverja, sem jöðruðu við stríðsyfirlýsingu. Andstæðingar þess að Bandaríkin drægjust inn í stríðið brugðust hins vegar við með því að vísa skjalinu á bug sem augljósri fölsun Breta. Hölluðust margir að því að sú væri raunin, enda áformin sem lýst var í skeytinu slík að ótrúlegt var að þýskur utanríkisráðherra hefði látið slíkt frá sér fara.

Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum kaus Arthur Zimmermann hins vegar að staðfesta tilvist skeytisins í umræðum í þýska þinginu í byrjun mars, þegar hann var spurður út í málið. Þótt sannsögli sé vissulega dyggð, getur þessi hreinskilni ekki talist mjög skynsamleg. Með játningunni gaf utanríkisráðherrann Bandaríkjastjórn frábært áróðursvopn til að tryggja stuðning við að senda herlið til Evrópu. Fáeinum vikum síðar kom formlega stríðsyfirlýsingin og lok fyrri heimsstyrjaldarinnar voru í raun ráðin.

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur


... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is

# PÁSKALÆRIÐ Á FRÁBÆRU VERÐI



FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

FJALLALAMBSLÆRI
FROSIÐ
999 KR.KG

**OPIÐ ALLA PÁSKANA**

OPIÐ
PÁSKADAG
OPIÐ
ANNAN Í PÁSKUM

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Erling Snævar Tómasson**
fv. skólastjóri,
Kúrlandi 17, Reykjavík,

lést á heimili sínu 11. apríl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Lára Erlingsdóttir**
**Ólöf Erlingsdóttir** **Þorsteinn Jóhannesson**
**Björn Erlingsson** **Bergþóra Valsdóttir**
**Magnús Ingi Erlingsson**
**Már Erlingsson** **Halla Gunnarsdóttir**
**Heiða Erlingsdóttir** **Rúnar Sigtryggsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Davíð
útfararstjóri
Óli Pétur
útfararstjóri
ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • udo.is



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson
Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar


ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441





Lögfræðiþjónusta
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Veist þú hvert eignir þínar renna
eftir þinn dag? Kynntu þér málið á
heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur
í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð
erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.
Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




✝

Elskuleg mamma okkar,
tengdamamma, amma
og langamma,

**Svala Gunnarsdóttir**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar
þriðjudaginn 11. apríl. Útförin fer fram
frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn
19. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja
minnast hennar er bent á
Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Sigríður Guðmundsdóttir** **Rúnar Gylfason**
**Gunnar Örn Guðmundsson** **Stefanía Bragadóttir**
**Hjörtur Hólm Hermannsson** **Jóhanna Sif Sigþórsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Hjartfólgin mamma,
tengdamamma og amma,

**Berglind Bragadóttir**
Skeljatanga 3,

verður jarðsungin frá Lágafellskirkju
í Mosfellsbæ miðvikud. 19. apríl kl. 13.00.

**Steinunn Egilsdóttir** **Tryggvi Sch. Thorsteinsson**
**Hulda Egilsdóttir** **Hafsteinn Óskarsson**
**Kristján Friðrik Karlsson** **Hulda Kristín Jónsdóttir**
**Berglind Erna, Vésteinn, Karl Friðrik, Kristófer Matthías,**
**Hugi, Húni, Halldór Kossi Ange, Kolfinna Elizabet**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim
sem sýndu okkur hlýhug og stuðning
við andlát og útför elskulegrar móður
okkar og tengdamóður,

**Sigríðar Unnar Bjarnadóttur**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk
Höfða á Akranesi.

**Þóra Einarsdóttir** **Ingjaldur Ásvaldsson**
**Jóhanna Einarsdóttir** **Páll Skúlason**
**Sigurður Már Einarsson** **Anna Steinsen**
**Flosi Einarsson** **Katla Hallsdóttir**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Sigmundur Dýrfjörð**
frá Siglufirði,

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju
þriðjudaginn 18. apríl kl. 15.
Blóm vinsamlega afþökkuð. Þeim sem
vilja minnast hans er bent á minningarsjóð
blóðlækningadeildar inni á landspitali.is/minningarkort.
Hjartans þakkir til starfsfólks 11G og 11B fyrir einstaka
umönnun í gegnum árin.

**Berglind Guðbrandsdóttir**
**Kristín María Dýrfjörð** **Halldór Guðmundsson**
**Sunna Rós Dýrfjörð** **Tómas Joð Þorsteinsson**
**Ronja og Sara**



✝

Elsku yndislegi sonur okkar og faðir,

**Bjarni Guðmundsson**
Langagerði 28,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju,
miðvikudaginn 19. apríl kl. 15.00.

**Elín Pálsdóttir, Ásbjörn Þorleifsson**
**Mikael Hrafn Bjarnason**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.

## Merkisatburðir

**1395** Tímúr halti sigrar her Tokhtamysh við Terek-fljót.

**1452** Leonardo da Vinci fæðist.

**1469** Guru Nanak Dev, upphafsmaður síkisma, fæðist.

**1683** Kristján fimmti Danakonungur skrifar undir Dönsku lögbókina.

**1785** Skálholtsskóli er lagður niður og biskupsstóll fluttur til Reykjavíkur.

**1865** Abraham Lincoln Bandaríkjaforseti lést af sárum sínum eftir árás Johns Wilkes Booth.

**1892** Fyrirtækið General Electric er stofnað í Bandaríkjunum.

**1912** Titanic sekkur í sinni fyrstu ferð frá Englandi til Bandaríkjanna eftir árekstur við ísjaka suðaustur af Nýfundnalandi.

**1930** Frú Vigdís Finnbogadóttir, fjórði forseti Íslands, fæðist.

**1955** Fyrsti McDonalds-veitingastaðurinn opnar í Des Plaines í Illinoisríki Bandaríkjanna.

**1960** Heildverslunin Íslensk-Ameríska er stofnuð.

**1967** Um 250.000 mótmæla Víetnamstríðinu í New York í Bandaríkjunum.

**1977** Jón L. Árnason verður Íslandsmeistari í skák, sextán ára að aldri.



✝

Hjartans þakkir til allra sem hafa stutt
okkur með vináttu og hlýhug við
fráfall okkar uppátækjasömu móður,
tengdamóður og ömmu,

**Allyar Aldísar Lárusdóttur**
Brekkugötu 36,
Akureyri.

Minning um skemmtilega konu lifir í hjörtum okkar.

**Anna Richardsdóttir** **Wolfgang Frosti Sahr**
**Sæbjörg Richardsdóttir** **Ólafur Magnússon**
**Áki Sebastian Frostason** **Triin Kukk**
**Urður Steinunn Önnudóttir Sahr** **Ernesto Camilo**
**Aldazábal Valdés**
**Magnús Addi Ólafsson** **Laura-Ann Murphy**
**Richard Helgi Ólafsson**



✝

Yndisleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, dóttir, systir og amma,

**Sólveig Þorsteinsdóttir**
Lundi 3, 200 Kópavogi,

lést á heimili sínu 9. apríl sl.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju
fimmtudaginn 27. apríl kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent
á líknarstofnanir.

**Gunnar Olsen**
**Gerhard Olsen** **Kimberly Mahaney Olsen**
**Andrea Olsen** **Einar Örn Ævarsson**
**Þorsteinn Árnason Surmeli** **Fríða Dís Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ólöf Olsen** **Ásgeir Orri Ásgeirsson**
**Guðrún Ólöf Guðjónsdóttir** **Þorsteinn Árnason**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**Einar H. Pétursson**
Funafold 22,

lést á líknardeild Landspítalans
11. mars. Kveðjuathöfn, bálför, fór fram í
kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir
til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug.
Sendum sérstakar þakkir til starfsfólks Karitas,
líknardeildar og 11 E.

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir**
**Guðmundur Einarsson** **Hildur Arna Gunnarsdóttir**
**Hafsteinn Einarsson** **Bragi Bergsson**
**Guðný Ingibjörg Einarsdóttir**
**Pétur Einarsson** **Nína V. Einarsson**
**Thomas H. Hammer Jensen** **Hildur Sif Kristbórgardóttir**
**Peter Hammer** **Heidi Christine L. Hammer**
**og barnabörn.**


KK &
MAGGI EIRÍKS
ÁSAMT HLJÓMSVEIT
Ferðalögin
Háskólabíó 20. maí
midi.is

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

## LÁRÉTT

**1** Þau sem ég nýt í huganum eru mesti glæpurinn (11)
**10** Spil hins fyrsta jötuns er allskonar (10)
**11** Bætum málsverði með reglum um útsvar (11)
**13** Nutu reisu til Bombay og Delí (10)
**14** Einn umframvafningur gefur leiðinda keim (9)
**15** Er linleiki fótanna afleiðing eða orsök þess að liðleikinn minnkar? (10)
**16** Eldhaf það er banaði Hilmi var afleiðing leiftra (11)
**17** Fyrirgefur klárlega meðfædda snilld (10)
**23** Græt búsaðar og blúsaðar nætur (12)
**26** Ekki bísa ég versi frá ráðvöndu fólki (9)
**27** Sannar sögur um dómstólana rata á netið (12)
**31** Biluð bláskel skapar bilaða menn (7)
**32** Eftir rán fór fanturinn með vatnslínuna (8)
**34** Horfi á óhemju æða á furðufuglana (13)
**35** Fljót varð verri (8)
**36** Síðdegisskán þornar í sólinni um þrjúleytið (7)
**39** Loðin um lófa og djásnum prýdd, en þó einsog þú og ég (10)
**40** Það gerðist sem hlaut að gerast (4)
**42** Auða bekkina á móti töldu menn illa haldna (8)
**43** Að leggja teina um auða jörð er til farsældar fallið (9)
**44** Ef þú kreistir nógu fast kemur djús (4)
**45** Kem lösnu liði á fætur með hjálp vígamanna sem græða vel (8)

## LÓÐRÉTT

**1** Jóa gallar eru klárar í lange baner (11)
**2** Set vitrænt og skrýtið í forgang (11)
**3** Það sem ég hrinti af stað án klæða væri helst fræbelgur (7)
**4** Tel þetta réttan dag fyrir ófalsaðan vitnisburð (9)
**5** Börn sækja helst í ákveðna sjáendur, facebook og twitter (9)
**6** Aðeins þið gagnrýnið ráðríkið (8)
**7** Ker skilur sund og sjó, en málmumgjarðir sameina (8)
**8** Pára lista yfir útgefin verk (8)
**9** Bæta sjöund við sumarauka (8)
**12** Pinnar gömlu gauranna kostuðu klinkið (9)
**18** Móðuljóðið um ásóknina var hlutdrægt (9)
**19** Enn vil ég þing: Hnakksfork (9)
**20** Hvorki manninn með gulltennurnar né búsið með gullflögunum, heldur blómið (9)
**21** Leita algengra lækningartóla á Skífuskaga (10)
**22** Auður sjórinn skilur Afríku og Asíu (10)
**24** Einn karfi fyrir heila hljómsveit? (3)
**25** Brjóst friðarfugls bragðast vel (10)
**28** Orrahríð, rifrildi og kvæðabálkar; þetta gerir óvættur um dimmar hríðarnætur (10)
**29** Í einsemd minni og leiðindum gekk ég að mannlausri kojunni (10)
**30** Það sem Eiður býður er bara heit (10)
**33** Það sem klárast er í ruglinu ræður við stelkina (8)
**37** Sambandið gleypti Íslenska álfélagið sem framleiðir hamptrefjar (5)
**38** Kippti því burt en þrætti fyrir það (5)
**40** Sting sænsku skipi í poka (4)
**41** Svið 1: Rótarávöxtur (4)





**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist merkileg skepna. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 13. apríl næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. apríl“.

Lausnarorð síðustu viku var
**RAFBÍLAVÆÐING**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Gildran eftir Lilju Sigurðardóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hallfríður Frímannsdóttir, 104 Reykjavík**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Kristinn Jens Sigurþórsson (1732) átti leik gegn Óskari Long Einarssyni (1681) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.
**Svartur á leik**
Kristinn lék **19... Ba7??** og tapaði um síðir. Stungan **19...Rd3+!!** gerir hins vegar út um skákina. **20. cxd3** er svarað með **20...Dxc1+, 20. Kd1** er svarað með **20... Rxf2+ og 20. Kf1** er svarað með **20...Rxc1** og hvítur ræður ekki við margvíslegar hótanir svarts.
**www.skak.is:** Styttist í Reykjavíkurskákmótið.



## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### BESTA SLEMMAN

Það var lítið um óvænt úrslit í undankeppni Íslandsmóts í sveitakeppni. Sveitum var raðað í styrkleika frá A-J. Svo sérkennilega vildi til að allar sveitir af styrkleika A-C komust áfram í úrslitin og röðuðu sér í þrjú efstu sætin í fjórum tíu sveita riðlum. Þrjár efstu sveitirnar komust áfram í úrslitin sem verða spiluð dagana 20.-23. apríl næstkomandi í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6. Spil dagsins er úr 8. umferð undankeppninnar og er áhugavert. Suður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ 73
♥ ÁG864
♦ 6
♣ ÁD1073

**Vestur**
♠ KDG10984
♥ D2
♦ 10
♣ G94

**Austur**
♠ Á652
♥ K3
♦ 7432
♣ 865

**Suður**
♠ -
♥ 10975
♦ ÁKDG985
♣ K2

Á mörgum borðanna var opnun suðurs 1 ♦ og vestur kom inn hindrandi á 3 ♠. Framhaldið réðist mikið af viðbrögðum norðurs. Flestir reyndu neikvætt dobl, en sumir sögðu 4 ♥. Austur sagði 4 ♠ og þá var komið að suðri. Við dobli völdu margir að segja 5 ♦ á suðurhöndina og sagnir dóu þar í mörgum tilfellum. Ef norður valdi 4 ♥ völdu margir í suður að segja 6 ♥ við 4 ♠. Þau voru auðveld til vinnings í þessari legu en 6 ♦ samningur er mikið betri. Hjónin í hjarta mega bæði liggja á eftir ás ef laufið liggur ekki verr en 4-2 (ef útspilið er ekki hjarta sem tekur mikilvæga innkomu í blindan). Spilið var spilað á 40 borðum og 6 ♥ voru spiluð á 12 þeirra. Sex tíglar voru aðeins spilaðir á 6 borðum. Toppinn í NS fengu þeir sem spiluðu 7 ♦ og fengu 13 slagi af því laufið lá vel. Aðeins eitt borð fékk töluna í AV. Eitt NS-par hætti sér of hátt í 7 hjörtu. Mjög margir létu duga að spila 5 tígla eða 5 hjörtu á NS-spilin.




# OPNUM LANDIÐ

OPNUNARVERÐ Á VÖLDUM OG VÖNDUÐUM RAFTÆKJUM.
KOMDU Í SÍÐUMÚLANN OG SJÁÐU HVERNIG BETRA BORGAR SIG.



United 50LEDX17T2
50" Full HD sjónvarp.
44.990. kr



LG FH4U2VFN3
1400 snúninga 9kg þvottavél með stafrænu kerfisvali.
69.990. kr



## KAUPAUKI

BÖKUNARSETT OG ÁHALDASETT





Kitchenaid 5KSM125
Klassíska Artisan hrærivélin. 4 litir.
84.990. kr



Indesit LR8S1X
189cm kæliskápur með frysti, stál.
49.990. kr



LG 43UH668
43" Ultra HD snjallsjónvarp.
79.990. kr



LG 55UH668
55" Ultra HD snjallsjónvarp.
109.990. kr



LG 65UH950V
65" Super UHD snjallsjónvarp.
269.990. kr

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



markhönnun ehf
netto
Gleðilega páskahelgi!
-50%
KJÖTSEL
GRÍSABÓGAR
HRINGSKORNIR
499 KR KG
ÁÐUR: 998 KR/KG
-37%
KJÖTSEL
HAMBORGARHRYGGUR
999 KR KG
ÁÐUR: 1.585 KR/KG
-32%
Verð-sprengja
LAMBAHRYGGUR
FERSKUR KRYDDAÐUR
1.494 KR KG
ÁÐUR: 2.197 KR/KG
KJÖTBANKINN
FERSKLEIKI FAGMENNSKA
LAMBALÆRI ÚRBEINAÐ
MEÐ PIPAROSTI
& RÓSMARÍN
2.519 KR KG
ÁÐUR: 3.598 KR/KG
-30%
-30%
-31%
KJÖTSEL
LÆRISSNEIÐAR
KRYDDAÐAR
1.973 KR KG
ÁÐUR: 2.860 KR/KG
GOÐI
LAMBALÆRI KRYDDAÐ
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKRYDDI
1.679 KR KG
ÁÐUR: 2.860 KR/KG
DANISH CROWN
NAUTALUNDIR
3.278 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
NORÐLENSKA
LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR
2.198 KR KG
Verðsprengja í ferskum lærum!
-50%
ÓDÝRT Í netto
-30%
LAMBAHRYGGUR
FYLLTUR
2.568 KR KG
ÁÐUR: 3.669 KR/KG
-40%
KS
LAMBALÆRI - FERSKT
1.199 KR KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
-10%
netto
KJÚKLINGABRINGUR
1.888 KR KG
ÁÐUR: 2.098 KR/KG
KJÖTSEL
BAYONSTEIK
999 KR KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
Tilboðin gilda 12. - 16. apríl 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-50%

**BLÁBER** 500 GR. FATA
**599** KR FATAN
~~ÁÐUR: 1.198 KR/FATAN~~

# 40% afsláttur
## á öllum erlendum páskaeggjum



-40%

**CADBURY PÁSKAEGG**
OREO 278 GR.
**479** KR PK
~~ÁÐUR: 799 KR/PK~~





**CADBURY DAIRY MILK**
EGG LARGE
**1.139** KR PK
~~ÁÐUR: 1.898 KR/PK~~



**MARS PÁSKAEGG**
280 GR.
**419** KR PK
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~



**CADBURY PÁSKAEGG**
DOUBLE DECKER 307 GR.
**539** KR PK
~~ÁÐUR: 898 KR/PK~~



**BLACK MAGIC**
PREMIUM EGG 374 GR.
**1.139** KR PK
~~ÁÐUR: 1.898 KR/PK~~



**GALAXY PÁSKAEGG**
GOLDEN 233 GR.
**419** KR PK
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~

## Við erum í páskastuði!



**MARS PÁSKAEGG**
331 GR.
**719** KR PK
~~ÁÐUR: 1.198 KR/PK~~



**M&M PÁSKAEGG PEANUT**
LUXURY 313 GR.
**659** KR PK
~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~



**MALTEASTER PÁSKAEGG**
LUXURY 265 GR.
**659** KR PK
~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~



**CELEBRATIONS PÁSKAEGG**
248 GR.
**419** KR PK
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~



**GALAXY PÁSKAEGG**
INDULGENCE 308 GR.
**659** KR PK
~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~



**FERRERO GRAND ROCHER**
EGG 100 GR.
**659** KR PK
~~ÁÐUR: 1.098 KR/PK~~



**QUALITY STREET**
EGG HONEYCOMB 162 GR.
**419** KR PK
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~



**MALTESERS PÁSKAEGG**
TEASERS 248 GR.
**419** KR PK
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~



**SNICKERS PÁSKAEGG**
274 GR.
**419** KR PK
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~



**M&M PÁSKAEGG**
PEANUT 135 GR.
**299** KR PK
~~ÁÐUR: 498KR/PK~~



**MARS PÁSKAEGG**
141 GR.
**299** KR PK
~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~



**MALTESER PÁSKAEGG**
127 GR.
**299** KR PK
~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~

## Konráð og félagar á ferð og flugi 245

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!" sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata jafn ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir," sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við," bætti hún við. „Sko," sagði Lísaloppa. „Hérna eru þrír jafn stórir ferhyrningar, getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði klukkan 30 mínútur yfir fjögur?" Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut," sagði hann fúll. „Svona nú," sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut." „Nei," sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir." „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?" sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um smá stund. „Allt í lagi," sagði hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta."

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut? Það má aðeins færa tvær eldspýtur til að mynda klukkuna 30 mínútur yfir fjögur. Ekki má brjóta né beygja neina eldspýtu.





Svar: Takið efstu eldspýtuna á fyrsta kassanum og færið hana fyrir neðan hægri eldspýtuna, þá eru þið komin með töluna fjóra. Færið svo eldspýtuna sem er vinstra megin í miðkassanum og setjið hana þvert inn í kassann, þá eru þið komin með töluna þrjá.

### Brandarar

Melkorka litla kom í skólann og spurði kennarann: Er hægt að refsa manni fyrir það sem maður hefur ekki gert?
Kennarinn: Nei, auðvitað ekki.
Melkorka: Gott. Ég lærði nefnilega ekki heima í dag.

Hver hefur borðað grautinn minn? þrumaði bangsapabbi.
Og hver hefur borðað grautinn minn? vældi litli húnninn.
Æ, slappið þið af, sagði bangsamamma pirruð. Ég nennti ekki að elda neinn graut handa ykkur í morgun.

Ferðalangur hitti gamlan indíánahöfðingja og spurði: Hvað heitir þú?
Indíánahöfðingi: Svarti örn.
Ferðalangur: Áttu son?
Indíánahöfðingi: Já, hann heitir Hvíti fálki.
Ferðalangur: En barnabörn?
Indíánahöfðingi: Já, iPod og iPad.





GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*

Kynntu þér málið á 365.is
365





Martin Bjarni Guðmundsson, Íslandsmeistari unglinga í fimm greinum fimleika.

# Fimmfaldur Íslandsmeistari

**Martin Bjarni Guðmundsson** er 16 ára Selfyssingur sem æfir fimleika í Kópavogi sex sinnum í viku og landaði fimm Íslandsmeistaratitlum í unglingaflokki um síðustu helgi.

Martin Bjarni vann Íslandsmeistaratitil í fjölþraut unglinga um síðustu helgi og bætti svo við titlum fyrir gólfæfingar, stökk, svifrá og tvíslá.

**Átti hann von á öllum þessum sigrum?** Ég var búinn að æfa vel fyrir þetta mót og átti góðan séns, þrátt fyrir að hafa lent í meiðslum í upphitun á laugardeginum.

**Hvenær byrjaðir þú að æfa fimleika?** Þegar ég var fjögurra ára en fór tveggja ára í Íþróttaskóla barnanna á Selfossi. Nú æfi ég með Gerplu í Kópavogi sex sinnum í viku, þrjá tíma á dag.

**Hvernig er að búa á Selfossi og æfa í Kópavogi?** Ég hef gert það síðan ég var fjögurra ára svo að það eðlilegt fyrir mig að keyra í 45 mínútur eða taka strætó einn og hálfan tíma á æfingu.

**Ertu jafngóður á öllum áhöldum?** Bogahesturinn hefur reynst mér erfiður. Ég þarf að leggja enn harðar að mér þar svo að ég geti náð markmiðum mínum á Ólympíuleikum æskunnar í Ungverjalandi í sumar. Ég er Norðurlandameistari í stökki. Gólf og svifrá eru í uppáhaldi, þau fá hjartað til að slá, sérstaklega tvöföld heljarstökk, margar skrúfur á gólfinu og flugæfingar á svifránni.

**Áttu fleiri áhugamál?** Ég æfi fótbolta með Selfossi og hef gaman af mörgum íþróttum.

**Hvað borðar þú eiginlega?** Kjúkling, fisk, kjöt, grænmeti og ávexti og drekk um þrjá lítra af vatni á dag. Drekk ekki gos en borða súkkulaði og ís í hófi. Ég hef ekki keypt mér laugardagsnammi í mörg ár og finnst jarðarber mun betri.

**Hvernig gengur í skólanum?** Ég er í Sunnulækjarskóla og gengur mjög vel, reyni að klára allt í skólanum, þá er lítið heimanám.

**Framtíðaráformin?** Ég stefni á Ólympíuleikana í Tókýó 2020 og þarf að vera duglegur að æfa til að ná því markmiði.

## Listaverkið

**Hekla Arnardóttir** er listamaðurinn á bak við þessa páskamynd.




VIÐ STÖNDUM
PÁSKAVAKTINA
Vantar aðeins meiri rjóma í sósuna? Eða gleymdist
alveg að kaupa páskaegg fyrir miðjubarnið?
Hvað sem þig vantar, hafðu ekki áhyggjur.
Við erum nefnilega á vaktinni yfir alla páskana.
10 11
REYKJAVÍK
Laugalækur 9
Glæsibær
Austurstræti 17
Laugavegur 116
Lágmúli 7
Barónsstígur 4
Grímsbær
Héðinshús
Hjarðarhagi 47
Eggertsgata 24
Miklabraut 100
Kleppsvegur
Birkimelur 1
Bústaðavegur 20
Grjótháls 8
Suðurfell 4
Laugavegur 180
Borgartún 26
Bankastræti 11
Seljavegur 2
KÓPAVOGUR
Hjallabrekka 2
Dalvegur 20
Hagasmári 9
HAFNARFJÖRÐUR
Fjörður 13-15
Staðarberg 2-4
Melabraut 29
Reykjavíkurvegur 58
GARÐABÆR
Litlatún
REYKJANESBÆR
Hafnargata 55
Flugstöð Leifs Eiríkss.
Fitjar
AKUREYRI
Kaupangur
AKRANES
Skagabraut 43

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðangola eða kaldi í dag og él norðan til á landinu, léttskýjað um landið sunnanvert. Frost 0 til 5 stig, en hiti 0 til 5 stig sunnan og suðvestan til.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 5° | Oslo 6° | Stokkhólmur 4° | Gautaborg 6° | Helsinki 1° | Þórshöfn 6° | Nuuk -9° |
| London 11° | Amsterdam 10° | París 12° | Berlín 9° | Madrid 24° | Brussel 12° | Róm 22° |
| Boston 7° | New York 9° | Orlando 20° | Moskva 6° | Singapúr 27° | Tókýó 14° | Sydney 17° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ←8 | 4° ↖18 | 5° ↗11 | 6° ↑17 | 4° ↗8 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↙6 | 0° ↖11 | 0° ↗13 | 2° ↑20 | -0° →10 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↘7 | 1° ↑11 | 1° ↗10 | 4° ↗27 | 1° →11 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↘10 | -0° ↑8 | 2° →6 | 3° ↑19 | 2° →9 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ↙3 | 2° ←8 | 3° →7 | 5° ↑9 | 4° →9 |





OKKAR SÉRSVIÐ ER
Háræðaslitsmeðferðir
HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið í dag
# 10:00-19:00



LÁGT VERÐ
ALLA DAGA

# Gleðilega páska

Starfsfólk Bónus

## Opið annan í páskum
## 12:00-18:00

Lokað í Kringlunni og Skútuvogi



BÓNUS

EKKERT BRUÐL

# Getum látið gott af okkur leiða með samstöðu

**Auður Hauksdóttir hefur allt frá hugmyndinni að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum leitt starf stofnunarinnar sem verður opnuð með formlegum hætti í nýju húsi á sumardaginn fyrsta.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Vigdís," svarar björt og glaðleg rödd þegar hringt er í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum til þess að falast eftir viðmælanda. Það er Vigdís Finnbogadóttir sjálf sem greip símann og þó svo hún sé til í að spjalla um heima og geima þá er hún fljót að vísa frá sér viðtalsbeiðni og segir að það eigi að vera Auður Hauksdóttir sem sé upphafskona að þessu ævintýri, en Vigdísarstofnun verður opnuð formlega í nýju húsi þann 20. þessa mánaðar. Það er heldur ekki í kot vísað að spjalla við Auði sem hefur frá upphafi leitt stofnunina og hún segir að það sé ágætlega lýsandi fyrir stofnunina og það létta yfirbragð sem þar ríkir að frú Vigdís grípi af og til í símsvörun. „Það sem er svo dásamlegt við þetta verkefni er einmitt hvað það hefur myndast ótrúlega breið og góð samstaða um það og hversu margir sýna okkur velvild á ýmsan hátt. Það er algjört æði."

**Byrjaði í Japan**

Auður segir að upphaf þessa ævintýris megi rekja til þess að hún hafi farið til Japans árið 2000 til þess að heimsækja dóttur sína sem þá var þar í námi. „Ég kom í háskóla þar og hitti fyrir japanska fræðimenn og það kom fyrir að þeir áttu það til að rugla saman Íslandi og Írlandi. Þeir leystu það yfirleitt með því að spyrja hvort það væri landið þaðan sem ljóshærði kvenforsetinn kæmi?" segir Auður og hlær við tilhugsunina. „Mér fannst svo ótrúlegt að vera komin hinum megin á hnöttinn og að fólk setti þar Ísland á heimskortið út frá þessari konu en að við Íslendingar værum ekkert að gera með þetta sjálf eða að sýna ómetanlegu framlagi hennar þann sóma sem vert væri. Þetta vakti mig til umhugsunar og í framhaldinu fór ég á fund Páls Skúlasonar sem þá var rektor og ræddi hvort að Háskóli Íslands ætti ekki að taka að sér forystuna í þessu máli. Páll og allir kollegar mínir hér innan tungumálanna tóku þessu strax ákaflega vel og við fórum að ræða þetta og fljótlega barst umræðan að hugðarefnum Vigdísar í bland við þessi viðbrögð í Japan.



Auður Hauksdóttir segir að hugmyndina að Vigdísarstofnun megi rekja til ferðalags hennar til Japans um síðustu aldamót. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Áhugi og virðing**

Vigdís hafði komið oftar en einu sinni til Japans og í því samhengi áttuðum við okkur á því hvers vegna fólk mundi svo vel eftir henni. Hún hafði komið þangað til þess að vera við jarðarför Hirohitos og áttað sig á því, líklega ein fárra þjóðarleiðtoga, að sorgarliturinn í Japan er ljós klæðnaður sem hún auðvitað klæddist, ein innan um alla hina dökkklæddu. Fyrir vikið vakti hún feykilega athygli og var í öllum fjölmiðlum og allir þekktu hana frá öllum hinum þjóðarleiðtogunum. Við höfðum áður áttað okkur á því að ástæða þess að Vigdís náði svona góðu sambandi við t.d. Norðurlandaþjóðir að hún bjó yfir menningarlæsi. Hún lagði sig eftir tungumálunum, hún lagði sig eftir menningunni og nálgaðist þá sem hún heimsótti á þeirra forsendum. Hún var sannkallaður heimsborgari.

Á þessu eigum við Íslendingar oft erfitt með að átta okkur. Að við séum ekki einvörðungu að segja öðrum hvers við erum megnug eða hvað menning okkar sé sérstök. Heldur einmitt að sýna öðrum virðingu og nálgast aðra á þeirra forsendum og af einlægum áhuga.



Þetta er það sem menningarlæsi og tungumálakunnátta gengur út á. Þess vegna þróaðist þetta í þessa átt hér innan heimspekideildarinnar sem þá var og okkur fannst þessi nálgun því blasa við enda algjörlega í samræmi við fræðilegar kenningar um samskipti af þessum toga.“

**Þurfum að bæta í**

Auður segir að allt frá árinu 2001 hafi verið unnið eftir þessari hugmyndafræði og fljótlega hafi komið upp sá möguleiki að stofnunin öðlaðist alþjóðlegt hlutverk. „Okkur langaði að leggjast á árar með Vigdísi í starfi hennar sem velgjörðarsendiherra tungumála og heiðra þannig og halda á lofti því brautryðjendastarfi sem hún hefur unnið á alþjóðavettvagni. Strax í upphafi var mikill áhugi á því að markera þýðingar innan stofnunarinnar vegna þess að þær eru eins og líftaug okkar Íslendinga við umheiminn. Þær bæði koma okkar menningu á framfæri við aðra og bera menningarstrauma hingað heim. Þetta er svo mikilvægt og ef við hugsum um íslenskuna og stöðu hennar þá get ég ekki hætt að undrast að Biblían hafi verið þýdd í heild sinni hér árið 1584, aðeins 34 árum eftir að Danir fengu Biblíu. Berum það saman við Noreg og Færeyjar þar sem Biblían var ekki þýdd fyrr en á nítjándu og tuttugustu öld með þeim afleiðingum að skóla- og kirkjumálið varð danska. Sálmarnir voru á dönsku og þannig eru þeir enn stundum kyrjaðir í Færeyjum. En hér strax eftir siðaskipti eru sálmarnir og trúarlífið strax allt á íslensku og það breytti vitaskuld öllu fyrir stöðu tungumálsins.“

Auður segist oft hafa velt því fyrir sér hvaða áhrif það hefur þegar þekking á öðru tungumáli verður mjög almenn, eins og er með enskuna hér í dag en var með dönskuna áður. „Það er allt gott um það að segja en það á að brýna okkur til þess að þýða á íslensku svo okkar tungumál haldi áfram að þróast með öllum þeim straumum og stefnum sem eru uppi á hverjum tíma. Þar eigum við að bæta í frekar en hitt.“

Auður ítrekar hversu mikilvægt það er fyrir þjóð að eiga fólk sem getur talað við umheiminn á sem flestum tungumálum. „Við sáum þetta vel í hruninu þegar það skipti okkur miklu máli að eiga fólk sem gat komið okkur til varnar í fjölmiðlum úti um allan heim. Það skiptir svo miklu máli að geta talað og skrifað inn í orðræðuhefð annarra þjóða og þetta er eitthvað sem við hjá stofnuninni erum alltaf að minna á, viljum rannsaka og síðast en ekki síst miðla til annarra þjóða.

**Stærsta gjöfin**

Eins og Auður segir þá er viðbúið að þjóðir sem standa frammi fyrir því að tungumál þeirra er í útrýmingarhættu muni leita til stofnunarinnar eða að við leitum þær uppi. „Þá höfum við, með sögu íslenskunnar í farteskinu, heilmiklu að miðla og margt að kenna enda hefur tekist vel til með að vernda íslenskuna af ýmsum ástæðum og við getum gefið mörgum margt að hugsa um, m.a. að það skipti máli fyrir tök á eigin tungu að læra aðrar tungur. Þarna erum við þó að tala um fræðasvið íslenskunnar og aðkoma íslenskufræðinga óhjákvæmileg.

En svo munum við líka hafa frumkvæði að því að standa fyrir alþjóðlegum ráðstefnum. Okkur er ætlað hlutverk samkvæmt UNESCO-samningnum sem íslensk stjórnvöld gerðu og þar er áhersla á þýðingar, erlend tungumál og kennslu þeirra. Þessu munum við að sjálfsögðu sinna og ég er viss um að þetta á eftir að vaxa og dafna enda finnum við fyrir miklum áhuga víða að. Stofnunin hefur verið á góðri siglingu og það er frábært að fá þetta hús sem er það fyrsta hérlendis sem er hannað sérstaklega utan um kennslu og rannsóknir á erlendum tungumálum og sýningu á þeim. Það er einmitt skemmtileg áskorun að eiga að gera sýningar um tungumál. Hvernig sýnir maður eitthvað sem er jafn óáþreifanlegt? En við höfum ákveðið að fyrstu árin verða helguð tungumálum og tengslum tungumála á Vestur-Norðurlöndum, þ.e.a.s. á vesturströnd Noregs, í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi. Á þessum svæðum er fjölmargt að skoða og rannsaka í samvinnu við kollega þar þannig að það eru mjög spennandi tímar fram undan.“

Á sumardaginn fyrsta er komið að því að stofnunin taki til starfa í nýju húsi og Auður segist vera alsæl með hvernig þetta hefur þróast. „Við vorum að fá nýjan forstöðumann, Sebastian Drude, sem hóf störf 1. apríl, hámenntaður maður með mikla reynslu. Við höfum notið aðstoðar víða, frá ríkinu, Happdrætti háskólans, að utan og þannig mætti áfram telja en það sem hefur verið mest gefandi er sú samstaða sem skapaðist um þetta verkefni á þeim erfiðu tímum sem við fórum í gegnum í kjölfar hrunsins. Þá var fólk og fyrirtæki reiðubúið að leggjast á árarnar með okkur sem sýnir okkur líka hve vænt Íslendingum þykir um Vigdísi og hversu víða hún nýtur mikillar virðingar. Þetta finnst mér vera stærsta gjöfin í þessu verkefni að takast að vinna þetta í almennri sátt og samvinnu allra Íslendinga. Það er ákaflega mikils virði fyrir okkur öll að verða þess áskynja að við getum látið gott af okkur leiða, bæði inn á við og út á við, þegar við stöndum þétt saman.“



**Húsinu glæsilega sem hýsir Vigdísarstofnun verður gefið nafn næsta þriðjudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ALVÖRU DÓT
FYRIR KRÖFUHARÐA LEIKJASPILARA

15. apríl 2017 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

GTX1050 SKJÁKORT
2GB GDDR5 7.0GHz 640 Cores
AMD RYZEN 5 1400
3.4GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur
GIGABYTE

4GB GDDR5
BAKLÝST IRON RED LEIKJALYKLABORÐ
15” FHD LED
1920x1080 ComfyView
INTEL i7 7700HQ
3.8GHz Turbo Quad Core örgjörvi
16GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
M.2 diskur
acer

PS4
PS4 PRO 1TB
57.990
PS4 SLIM 1TB
46.990

GAMING 1
Fjögurra kjarna leikjaskrímsli með Gaming móðurborði og GTX 1050 leikjaskjákorti
149.990
Ofur leikjaturn fyrir alla nýjustu leikina

ACER VX5 i7
Glæsileg leikjafartölva með öflugu GTX 1050 leikjaskjákorti og dual fan kælingu
199.990
Ofur öflug i7 leikjafartölva úr nýrri leikjalínu Acer

PS4 SLIM
Ný og endurhönnuð Playstation 4 Slim 500GB leikjatölva með stýripinna
37.990
Vinsælasta leikjatölva í heimi frá Sony

LASER TVÍSKORIÐ OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR
CHERRY MX SWITCHES
TIL MEÐ BROWN, RED EÐA BLUE!
Ducky Channel
VIVE VR
129.990
OPIN EÐA LOKUÐ
Báðar gerðir skála fylgja
plantronics

DUCKY SHINE 6
Leikjalyklaborð með RGB baklýsingu og Mouse Bungee!
34.990

PLAYSTATION VR
Upplifðu framtíðina með Sony syndarveruleika gleraugum
49.990

PLANTRONICS RIG 500E
Fully Modular 7.1 leikjaheyrnartól með hljóðnema
19.990

24” LEIKJASKJÁR
BenQ Zowie 24” FHD með 1ms GTG!
39.990
RL2455

24” 144Hz SKJÁR
Sérhannaður FHD 144Hz 3D leikjaskjár!
49.990
XL2411

25” 240Hz SKJÁR
240Hz FHD skjár fyrir kröfuharða!
89.990
XL2540

27” 144Hz SKJÁR
Lúxus FHD leikjaskjár með 3D mótakara!
99.990
XL2720

27” QHD SKJÁR
144Hz FreeSync lúxus leikjaskjár!
119.990
XL2730

OPNUNARTÍMAR
Í dag laugard.
11:00 - 16:00
Lokað á morgun og á mánudag

TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

FERMINGAR VEISLA
www.tolvutek.is
8BLS BÆKLINGUR

Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar 5%




SÝNINGARTÍMA ER AÐ FINNA INNÁ LAUGARÁSBÍÓ.IS
GLEÐILEGA PÁSKA - OPIÐ ALLA PÁSKANA



SAMBÍÓIN SAMbio.is GLEÐILEGA PÁSKA
SÝNINGARTÍMAR GILDA LAUGARDAG TIL MÁNUDAGS




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 2:20 - 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| FAST AND FURIOUS 8 VIP | KL. 2:20 - 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| A MONSTER CALLS | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 | 12 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 | 12 |
| CHIPS | KL. 10:20 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2 - 3 - 5:10 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:45 | 12 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 1 | L |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 - 3:20 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU
KR.950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

**EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. 3 - 5 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| STUBBUR STJÓRI ÍSL TAL | KL. 1 (SUN) | L |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:10 | 12 |
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 1 - 2 - 5:20 - 8 | 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 | 12 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 1 - 3:40 | L |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. (1 (LAU & MÁN)) - 3:10 | L |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GOING IN STYLE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 10:40 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 3:10 - 5:10 - 8 | 9 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 3:10 | L |

**KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GOING IN STYLE | KL. 3 - 5:50 - 8 - 10:10 | 6 |
| GHOST IN THE SHELL 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 9 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 3 | 12 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 | L |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FAST AND FURIOUS 8 | KL. (5:20 (LAU & MÁN)) - 8 - 10:45 | 12 |
| GOING IN STYLE | KL. 8 - 10:10 | 6 |
| POWER RANGERS | KL. 5:20 (LAU & MÁN) | 12 |
| DÝRIN Í HÁLSASKÓGI ÍSL TAL | KL. 3:20 (LAU & MÁN) | L |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 2:45 (LAU & MÁN) | 9 |

STUBBUR STJÓRI Forsýnd í Egilshöll á sunnudaginn. Sýnd með íslensku tali.





# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 15. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar munu halda tvenna tónleika „heima“ á Græna hattinum laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. apríl. Þessi hljómsveit er annáluð fyrir lifandi flutning á lögum og textum Jónasar og sumir vilja meina að þau séu hvergi betri en einmitt á Græna hattinum og oftar en ekki komast færri að en vilja.

**Hvað?** Tandoori Johnson
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressó, Austurstræti
Hljómsveitin Tandoori Johnson spilar sjóðandi heita og löðrandi sveitta tónlist, svona eins og karrí.

**Hvað?** Páskar 2017 í Krúsinni – GusGus
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Krúsin, Ísafirði
Ísafjörður er staðurinn til að vera á um páskana. Þá fer tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fram í bænum ásamt fjölda annarra viðburða fyrir jafnt unga sem aldna. Skemmtistaðurinn Krúsin hefur verið starfræktur frá árinu 1987 og er elsti og jafnframt þekktasti skemmtistaður Ísfirðinga. Um páskahelgina er löng hefð fyrir því að slegið sé upp mikilli veislu í Krúsinni og verður engin breyting á því þetta árið.

### Viðburðir

**Hvað?** Hanna Kristín Birgisdóttir: Þögul athöfn / Silent Act
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Skaftfell, Seyðisfirði
Opnun sýningarinnar Þögul athöfn eftir Hönnu Kristínu Birgisdóttur, laugardaginn 15. apríl kl. 17.00 í sýningarsal Skaftfells. Sýningarstjóri er Gavin Morrison. Léttar veitingar í boði fyrir gesti.



One Week Wonder heldur uppi fjörinu á Dillon annan í páskum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Páskadagur

## 16. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar munu halda tvenna tónleika „heima“ á Græna hattinum laugardaginn 15. og sunnudaginn 16. apríl. Sveitin er annáluð fyrir lifandi flutning á lögum og textum Jónasar og sumir vilja meina að þau séu hvergi betri en einmitt á Græna hattinum og oftar en ekki komast færri að en vilja.

**Hvað?** Páskar 2017 í Krúsinni – Skítamórall
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Krúsin, Ísafirði
Ísafjörður er staðurinn til að vera á um páskana. Þá fer tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður fram í bænum ásamt fjölda annarra viðburða fyrir jafnt unga sem aldna. Skemmtistaðurinn Krúsin hefur verið starfrækt frá árinu 1987 og er elsti og jafnframt þekktasti skemmtistaður Ísfirðinga. Um páskahelgina er löng hefð fyrir því að slegið sé upp mikilli veislu í Krúsinni og verður engin breyting á því þetta árið.

**Hvað?** SunnuDjass
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Dúndrandi djass á Bryggjunni.

### Viðburðir

**Hvað?** Wiola Ujazdowska – rituals, sweethearts and more
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti
Listakonan Wiola Ujazdowska sýnir verk sín á Kaffibarnum á sunnudaginn.



Jónas Sig og Ritvélar framtíðarinnar taka páskana með trompi norður á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað?** One Week Wonder
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Hljómsveitin One Week Wonder flytur draumskotið popp fyrir páskaþunna á Dillon.

# Annar í páskum

## 17. APRÍL 2017

### Tónlist

**Hvað?** Mánudjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Djass í tilefni mánudags. Annar í páskum er líka þynnkudagur og tilvalið að upplifa eitthvað mjúkt eftir sjálfspíningu helgarinnar.

### Viðburðir

**Hvað?** Kvenna- og karlakakó ~ jafnvægi
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Jógastúdíó, Ánanaustum
Það verður kvenna- og karlakakó á annan í páskum, mánudaginn 17. apríl í Jógastúdíói, Ánanaustum 15. Það verður drukkið 100% hreint kakó, hugleitt, farið í tónferðalag og fleira. Athöfnin hefur yfirskriftina jafnvægi, en þér er velkomið að setja þinn eigin ásetning fyrir athöfnina og vinna með það sem þú þarft eða vera í flæði og ekki ákveða neitt fyrirfram. Þitt æðra sjálf og líkaminn veit hvað þú þarft.


LAUGARÁS BÍÓ Ódýrt í bíó midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




TILBOÐ Á ALLAR 12 OG 2 SÝNINGAR
ALLA PÁSKANA - OPIÐ ALLA PÁSKA



SAMBÍÓIN SAMbio.is




SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA
KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT






BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| I, Daniel Blake | 18:00 |
| Safari | 18:00 |
| The Other Side Of Hope | 17:30 |
| Welcome to Norway | 20:00 |
| Hedda Gabler - National Theatre Live | 20:00 |
| Glory | 20:00 |
| Staying Vertical | 22:00 |
| Moonlight | 22:00 |




emmessis
HÁTÍÐARÍS
FÁÐU ÞÉR HÁTÍÐARÍS FRÁ EMMESSÍS UM PÁSKANA
emmessis
HÁTÍÐARÍS
EKTA ÍSLENSKUR Rjómaís
RJÓMAÍS MEÐ FRÖNSKU NÚGGATI OG STÖKKUM KARAMELLUKÚLUM
900 ml
RJÓMAÍS MEÐ FRÖNSKU NÚGGATI OG
STÖKKUM KARAMELLUKÚLUM
- EKTA -
ÍSLENSKUR
Rjómaís
PIPAR\TBWA • SÍA • 165455




Stórgóð mynd , byggð á sönnum atburðum, og fjallar um frumkvöðulinn og stofnanda Apple, Steve Jobs. Myndin er þrískipt og gerist hver kafli hennar á rauntíma, rétt fyrir kynningu á þremur mikilvægustu vörunum sem Steve Jobs stóð fyrir að markaðssetja.

**SKEMMTILEGUR**
LAUGARDAGUR

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365




**RIBBITT**

Frábær teiknimynd um froskinn Ribbit sem hefur alla tíð fundist hann vera frábrugðinn öðrum froskum. Hann á í mesta basli með sjálfsmynd sína því honum finnst ekkert gaman að hoppa og skoppa um og hvað þá að busla í vatni.

**THE PRESTIGE**

Myndin gerist um aldamótin 1900 þegar sjónhverfingamenn áttu sitt gullaldarskeið og voru helsta skemmtun fólksins. Bale og Jackman eru fremstir allra sjónhverfingamanna en á milli þeirra ríkir hatrammur rígur sem á eftir að hafa skelfilegar afleiðingar.



**SHERLOCK HOLMES**

Létt og spennandi glæpamynd um spæjarann Sherlock Holmes og aðstoðarmann hans, Dr. Watson, sem hefur oftar en ekki bjargað Holmes úr klípu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Waybuloo**
**07.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**07.55 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.05 Stóri og litli**
**08.15 Með afa**
**08.25 Nilli Hólmgeirsson**
**08.40 K3**
**08.50 Tindur**
**09.00 Mæja býfluga**
**09.15 Grettir**
**09.25 Elías**
**09.35 Víkingurinn Viggó**
**09.50 Pingu**
**09.55 Tommi og Jenni**
**10.15 Kalli kanína og félagar**
**10.35 Beware the Batman**
**10.55 Ninja-skjaldbökurnar**
**11.20 Ellen**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.05 Friends**
**13.30 Kevin Can Wait**
**13.55 Catastrophe**
**14.20 Goosebumps**
**16.05 Yogi Bear**
**17.20 Um land allt**
**18.00 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Sportpakkinn**
**19.05 Lottó**
**19.10 Ribbit**
